**INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR**

*Tók ástfóstri við notaðan nornakjól*

• tíska • heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**BLÓM Í BÆ**

*Garðyrkja, handverk, markaðir og skemmtun*

Sérblað um sýninguna Blóm í bæ

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




**FRÍMANN GUNNARSSON**

*Ræðir gamanmál við Frank Hvam*

Grínistar í nýjum sjónvarpsþætti

FÓLK 46




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. júní 2009 — 149. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

### Endurvinnslumál í öndvegi



Skeiða- og Gnúpverjahreppur fyrst sveitarfélaga hér á landi til að skylda flokkun sorps í grunnskólum sínum.

TÍMAMÓT 26

### Hjaltalín til Finnlands



Hita upp fyrir kvennalandsliðið á EM.

FÓLK 46

### Löglegt? Siðlegt?

„Þrálátur orðrómur um fjárböðun íslenzkra banka fyrir rússneska auðkýfinga horfir nú öðruvísi við en áður“, skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 20

### Afar sáttur við riðilinn



Guðmundur Guðmundsson er ánægður með riðil íslenska liðsins í lokakeppni EM 2010.

ÍÞRÓTTIR 40

### VEÐRIÐ Í DAG




**Vætusamt** Í dag verður hægviðri um mestallt land. Það verður rigning sunnan og austanlands og síðdegis tekur einnig að rigna norðanlands. Á Vestfjörðum verður þurrt að mestu.

VEÐUR 4

# Icesave skekur ríkisstjórnina

## Stjórnarandstaðan greiðir atkvæði gegn Icesave-samningnum miðað við núverandi upplýsingar. Samþykkt veltur á afstöðu Vinstri grænna. Heilbrigðisráðherra er efins. Líf stjórnarinnar gæti oltið á samþykkt.

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstaðan mun greiða atkvæði gegn Icesave-samningnum á Alþingi, miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir. Þingflokkur Samfylkingarinnar mun allur styðja samninginn samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Verði sú raunin munu 29 þingmenn stjórnarandstöðunnar greiða atkvæði gegn samningnum. Þá þurfa aðeins 3 þingmenn Vinstri grænna að greiða atkvæði gegn samningnum til að fella hann.

Þau Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Lilja Mósesdóttir og Atli Gíslason hafa öll lýst yfir efasemdum með samninginn. Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra hefur einnig verið gagnrýninn á samninginn. „Málið er engan veginn útkljáð. Þegar það kom fyrir ríkisstjórnina lýsti ég mínum efasemdum um að gengið yrði frá málunum og veitti ekki mitt samþykki fyrir því. Forsætisráðherra var fullkunnugt um það. Ég held mig við það sem ég hef áður sagt, að ég vilji skoða málið í þaula áður en ég tek endanlega afstöðu til þess. Ég verð því miður að segja að ekki hefur dregið úr mínum efasemdum.“

Fréttablaðið hafði samband við þingmenn Sjálfstæðisflokks, Borgarahreyfingar og Framsóknarflokks. Þeir þingmenn sem náðist í, sem voru allflestir, sögðust myndu greiða atkvæði gegn samningnum. Sumir, sérstaklega sjálfstæðismenn, settu þó þann fyrirvara að málið ætti eftir að koma til þinglegrar meðferðar. Miðað við þær upplýsingar sem fyrir lægju greiddu þeir hins vegar atkvæði gegn honum.

Framámenn í Samfylkingunni sem rætt var við sögðust líta svo á að þetta væri fyrsti prófsteinn ríkisstjórnarinnar. Félli samningurinn riðaði stjórnin til falls. Þeir vitnuðu til orða Steingríms J. Sigfússonar um að stjórnarþingmenn stæðu að baki samningnum og sögðust líta á annað sem vantraust við Steingrím.

Ögmundur segist ekki óttast stjórnarslit, enda sé ríkisstjórnin mynduð til að standa vörð um íslenskt velferðarþjóðfélag en ekki Icesave-samninginn. Ekki náðist í fjármálaráðherra þar sem hann er erlendis. - kóp



**SETIÐ VIÐ SJÓINN Á JÓNSMESSU** Veðrið lék við gesti á Jónsmessuhátíð í Garðabæ í gær og nýttu gestir sér það til kajakróðra og alls kyns útiveru. Ýmis kynstur eiga sér stað á Jónsmessunótt samkvæmt þjóðtrúnni, en ósagt verður látið hvort þessir sólbörðu krakkar hafi orðið þeirra varir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Helga Margrét Þorsteinsdóttir:

## Best í heimi í sínum flokki

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir, fjölþrautarkappi úr Ármanni, bætti í gær eigið Íslandsmet í sjöþraut kvenna, er hún hlaut 5.878 stig á móti í Tékklandi. Það er besti árangur í heiminum á árinu í flokki nítján ára og yngri. Helga Margrét er sautján ára. „Hún er einfaldlega langbest í heiminum í dag í sínum aldursflokki,“ sagði Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri FRÍ.

- esá / sjá síðu 42

Marko Valdimar Stefánsson:

## Lenti með fótinn í sláttuvél

**FÓTBOLTI Betur fór en á horfðist þegar ungur fótboltamaður, Marko Valdimar Stefánsson, lenti í alvarlegu vinnuslysi í gær. Hann var að slá og lenti með fótinn undir sláttuvélinni.**

**„Þetta var svakalega sárt og ég fór í sjokk. Ég hefði getað misst allar tærnar,“ sagði Marko sem fékk stóran skurð undir ilina og tvær tær brotnuðu. Hann verður frá æfingum og keppni í sex til átta vikur.**

- hbg / sjá síðu 42

Sænski bankasérfræðingurinn undrast hvað þingmenn taka hlutunum rólega:

# Reiði almennings er skiljanleg

**VIÐSKIPTI** „Það verður að yfirheyra þá sem grunaðir eru um efnahagsbrot í tengslum við hrun efnahagslífsins.“ Þetta segir Mats Josefsson, sænskur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankakerfisins. Hann bendir á að fimm hundruð einstaklingar hafi verið ákærðir í kjölfar bankahrunsins í Svíþjóð á tíunda áratug síðustu aldar. Þótt erfitt sé að sanna nokkuð á hina grunuðu í tengslum við svo stórfellt bankahrun þá sé nauðsynlegt að kalla þá á teppið.

Mats undrast hvað þingheimur er lengi að koma sér saman um að setja á laggirnar eignaumsýslufélag og hvað mat á efnahagsreikningi bankanna hefur tekið langan tíma. Hann segir mikilvægt að allt sé uppi á borðinu við endurskipulagningu bankanna og björgun fyrirtækja landsins.

Hann segir almenning skiljanlega reiðan þegar efnahagslífið fari á hliðina, engu skipti hvar í heiminum það gerist - jab / Sjá síðu 12










## SPURNING DAGSINS



*Páll, fór einhver í fangelsi eftir þessa dómgæslu?*

„Nei, en það hefði eiginlega átt að vera ég fyrir vítaverða dómgæslu.“

Páll Winkel fangelsismálastjóri lék dómara í knattspyrnuleik í kvikmyndinni Bjarnfreðarson sem fjallar um líf og ævi Georgs Bjarnfreðarsonar.

Nettengingu var komið á í Þórsmörk í gær og boðið er upp á aðstoð yfir Krossá:

# Heitur reitur í óbyggðum

**SAMSKIPTI** Frá og með deginum í gær er hægt að nettengjast í Húsadal í Þórsmörk. „Við erum hér í beinni sjónlínu við Fljótshlíð og vorum viss um að fyrst það er símasamband þar hlyti að vera hægt að koma nettengingu hingað,“ segir Ragnheiður Hauksdóttir, staðarhaldari í Húsadal. Því var settur upp sendir í Fljótshlíðinni og móttakari í Þórsmörk sem tekinn var í notkun í gær. Heitur reitur verður í skálanum í Húsadal sem þýðir að fólk fær þráðlausa nettengingu fyrir fartölvur sínar.

En vill fólk ekki vera laust við nútímatækni á þessum stað? „Nei, fólk vill geta komist í samband, til dæmis þeir sem eru að taka myndir vilja getað hlaðið þeim inn á síður sínar meðan þeir eru hérna,“ segir staðarhaldarinn.

Enn ein nýjung hefur orðið til að tengja Húsadalinn frekar við umheiminn. „Það hefur verið svo mikill hræðsluáróður gagnvart Krossánni að við ákváðum að bjóða fólki upp á það að hringja í okkur þegar það kemur að ánni en þá sendum við bíl sem getur lóðsað ökumenn yfir ána eða þá að bílstjóri frá okkur keyrir bíl gestanna yfir. Það eru talsvert margir búnir að nýta sér þetta. - jse



**Í MIÐRI Á** Nú býðst mönnum aðstoð við að fara yfir Krossá en það getur reynst ókunnugum hin þyngsta þraut. MYND/JAK

Betri horfur í Bandaríkjunum:

# Óbreyttir vextir

**EFNAHAGSMÁL Seðlabanki Bandaríkjanna ákvað að halda stýrivöxtum óbreyttum á fundi sínum í gær.**

**Stýrivextir bankans verða því áfram á bilinu frá 0 til 0,25 prósent og hafa haldist óbreyttir frá því í desember á síðasta ári. Bankinn gerir ráð fyrir að vextir munu haldast á svipuðu reki í einhvern tíma til viðbótar.**

**Í tilkynningu bankans kom fram að það séu merki um bata í Bandaríkjunum þrátt fyrir að hagkerfið sé enn mjög veikt. Fjármálamarkaðir séu orðnir stöðugri en áður auk þess sem bankinn telur að aðgerðapakki stjórnvalda muni stuðla að auknum hagvexti á næstunni. - bþa**

Verkfræðingur söðlar um:

# Slær í gegn með skartgripi

**FÓLK „Ég seldi hringana heiman frá mér til að byrja með en svo var ég farin að fá það margar fyrirspurnir að ég ákvað að reyna að koma þeim í sölu annars staðar frá,“ segir Steinunn Vala Sigfúsdóttir byggingarverkfræðingur sem fær það gott eftir að hafa söðlað um og snúið sér að skartgripagerð.**



**STEINUNN VALA SIGFÚSDÓTTIR**

**Hringar Steinunnar Völu, sem er mörgum kunn úr Gettu betur þar sem hún sinnti stigavörslu, urðu til sem verkefni í Prismanámi í Listaháskóla Íslands. Mikil eftirspurn hefur verið eftir hringunum og tók Epal þá nýverið í sölu.** - jma/sjá allt í miðju blaðsins



**TEKNIR Í BAKARÍIÐ** Apegu Eolu Julius Nelson er hér við hlið Jóhanns Felixsonar í Bakaríi Jóa Fel í gær, ásamt samlöndum sínum og samnemendum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Flytja boðskapinn um nær allt Úganda

**Tólf Úgandabúar nema frumkvöðlafræði hér á landi og munu síðan miðla af þekkingu sinni víða um heimalandið. Einn af þeim sem heimsótti Bakarí Jóa Fel í gær segist sjálfur ætla að opna bakarí á heimaslóð í ágúst.**

**VIÐSKIPTI** „Ég er mjög spenntur fyrir þessari heimsókn því sjálfur hef ég hug á því að koma á laggirnar bakaríi í Úganda,“ segir Apegu Eolu Julius Nelson, en hann var ásamt tólf manna hópi frá Úganda í fyrirtækjaheimsókn hjá Bakaríi Jóa Fel í gær.

Hópurinn situr tveggja vikna frumkvöðlanámskeið í Háskólanum í Reykjavík (HR) en því lýkur í lok þessarar viku. Þá heldur hópurinn á heimaslóðir en síðan mun hann fara vítt og breitt um Úganda til að kenna og miðla af þekkingu sinni.

„Launin eru afar lág í Úganda og félagsleg aðstoð af skornum skammti,“ segir Apegu Eolu Julius. „Þannig að margir reyna að hefja einhvers konar rekstur meðfram starfi sínu til að drýgja tekjurnar. En þar sem fólk hefur ekki fengið neina tilsögn við það hvernig á að koma fyrirtæki af stað fara flest þessara fyrirtækja fljótlega á hausinn. Svo eru stjórnvöld að reyna að fá erlenda fjárfesta til að láta til sín taka í Úganda en þá ríður á að heimamenn tileinki sér vinnubrögð sem erlendir fjárfestar þekkja, eins og til dæmis að vinna að viðskiptaáætlunum og svo framvegis þannig að það er mikil þörf fyrir þessa þekkingu í Úganda.“

Apegu Eolu Julius hefur gefið út bók í heimalandi sínu um frumkvöðlafræði en hann á og rekur einnig útgáfufyrirtækið Mastermind Publishers Limited. „Ég fékk engan til að gefa bókina út svo ég stofnaði útgáfufyrirtæki og gerði það sjálfur en fékk þó stórfyrirtæki til liðs við mig.“

En hann segist vera rétt að byrja. „Ég ætla að opna bakarí sem yrði aðeins fyrsta skrefið á miklum veitingarekstri,“ segir hann. „Ég er í sambandi við bændur sem geta skaffað mestallt hráefnið.“ Vonir standa til að það verði opnað í ágúst en síðan vill hann opna veitingastaði sem eru opnir lengur og bjóða upp á betri þjónustu en almennt þekkist í Úganda.

Lóa Ingvarsdóttir, forstöðumaður Opna háskólans í HR, segir hópinn þegar hafa farið í heimsóknir í Bláa lónið og Kaffitár. „Það er mjög gaman að sjá hvernig þau virðast sjá tækifæri í öllum mögulegum hlutum svo þessi neisti á eflaust eftir að tendra mörg bál í viðskiptalífinu,“ segir hún.

Hópurinn kemur til landsins á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands sem styrkir verkefnið.

jse@frettabladid.is



**KANNABISRÆKTUN** Lögreglan upprætti tvær ræktanir í miðborginni í fyrradag.

Kannabisræktanir upprættar:

# Þrír teknir með amfetamín

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktanir í tveimur húsum í miðborginni í fyrradag.

Á öðrum staðnum fundust munir sem taldir eru vera þýfi. Maður á fertugsaldri var handtekinn. Á hinum staðnum var jafnframt lagt hald á amfetamín og marijúana. Síðdegis handtók lögreglan mann í austurborginni með fíkniefni. Húsleit var gerð í sama hverfi hjá karlmanni. Hjá honum fannst bæði amfetamín og marijúana. Hann var handtekinn. Nokkru síðar hafði lögreglan afskipti af manni á sextugsaldri sem reyndist vera með amfetamín meðferðis. - jss

Sjóvá tapar milljörðum:

# Wernersbræður til rannsóknar

**VIÐSKIPTI Embætti sérstaks saksóknara er að rannsaka umfangsmiklar fjárfestingar Karls Wernerssonar og Steingríms Wernerssonar í gegnum Sjóvá og Milestone. Frá þessu var greint í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Umfangsmikil viðskipti þeirra bræðra eru nú til rannsóknar hjá embætti sérstaks saksóknara. Enginn hefur verið kallaður til yfirheyrslu vegna rannsóknarinnar. Í gær var tilkynnt um að Sjóvá hafi tapað 3,2 milljörðum króna á því að rifta kaupum Milestone á 68 lúxusíbúðum Hong Kong. Karl og Steingrímur festu kaup á Sjóvá árið 2006. - bþa**



**BÆJARSTJÓRINN** Gunnsteinn Sigurðsson verður bæjarstjóri Kópavogs á næsta fundi bæjarstjórnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bæjarstjórn í Kópavogi:

# Samið um meirihlutann

**STJÓRNMÁL** Samningar náðust á milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um áframhaldandi meirihlutasamstarf í Kópavogi í gær. Sjálfstæðismenn gengu að kröfum Framsóknarflokksins sem settar voru fram á mánudag.

Meðal þeirra var að endursamið yrði um samstarfið myndi Gunnar Birgisson snúa aftur í bæjarstjórn. Gunnsteinn Sigurðsson tekur við sem bæjarstjóri af Gunnari á næsta fundi bæjarstjórnar. Gunnar hafði áður sagt að hann hygðist snúa aftur í bæjarstjórn að rannsókn á lánum Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar lokinni. - kóp

## DÓMSTÓLAR

### Ítrekaður fíkniefnaakstur

Tæplega tvítugur piltur hefur verið ákærður fyrir að aka bíl, fimm sinnum, óhæfur til að stjórna honum vegna fíkniefnaneyslu. Í eitt skiptið fann lögregla fíkniefni við leit í bíl hans.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tveggja bíla árekstur

Árekstur varð á Hringbraut við Þjóðarbókhlöðu þegar tveir jeppar skullu saman um áttaleytið í gærkvöldi. Engin alvarleg slys urðu á fólki.

Reynt að skrifa undir stöðugleikasáttmála í dag eftir sáttatillögu forsætisráðherra:

# Viðræðum slitið fyrir annarra hönd

**EFNAHAGSMÁL** „Forseti ASÍ og formaður SA ákváðu í beinni útsendingu að við hefðum slitið viðræðum,“ segir Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, sem segir opinbera starfsmenn fráleitt hafa slitið viðræðum um stöðugleikasáttmála í gær.

Um kvöldmatarleytið bárust fregnir af því að opinberir starfsmenn hefðu sagt sig frá viðræðum og rétt var við fulltrúa ASÍ og SA sem staðfestu það. Eiríkur segir að menn hafi verið ósammála um áherslur og sérkennilegt sé hjá ASÍ og SA að lýsa því yfir að opinberir starfsmenn hafi slitið viðræðum, eingöngu vegna þess að þeir voru ekki á sömu skoðun og samböndin tvö.

„Fulltrúar opinberra starfsmanna vildu ekki binda hendur ríkisstjórnarinnar inn í framtíðina með því að fyrirfram væri ákveðið hvert hlutfall skatta og tilfærslna væri,“ segir Eiríkur. ASÍ og SA hafi talið það óviðunandi.

Þegar opinberir starfsmenn hafi yfirgefið Karphúsið klukkan 18 hafi þeir ákveðið að þetta hefði engin áhrif á þeirra markmið og unnið yrði að kjarasamningum á þessum nótum. „Þessi meintu slit komu okkur því í opna skjöldu.“

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kallaði samningsaðila í Stjórnarráðið í gær og kynnti þeim sáttatillögu. Hún verður kynnt í baklandi samtakanna í dag og síðan verður fundað í Karphúsinu klukkan 11. „Þá kemur í ljós hvort við höfum eitthvað í höndunum til að skrifa undir þegar líður á daginn,“ segir Eiríkur. - kóp



**STAÐAN RÆDD** Þingað hefur verið í Karphúsinu undanfarna daga. Félög munu ræða tillögu forsætisráðherra í baklandinu í dag og nái menn saman verður skrifað undir samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# TAX FREE! hefst í dag TAX FREE!




## GILDIR AF ÖLLUM SLÁTTUVÉLUM OG SLÁTTUORFUM




Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

**Gildir í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt**

HÚSASMIÐJAN x blómaval Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 24.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,41 | 128,01 |
| Sterlingspund | 211,42 | 212,44 |
| Evra | 179,42 | 180,42 |
| Dönsk króna | 24,099 | 24,241 |
| Norsk króna | 19,864 | 19,980 |
| Sænsk króna | 16,222 | 16,318 |
| Japanskt jen | 1,3385 | 1,3463 |
| SDR | 197,73 | 198,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,8033

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrrverandi fjármálastjóri Garðabæjar dæmdur fyrir að draga sér milljónir:

# Sex mánaða skilorð fyrir fjárdrátt

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi fjármálastjóri Garðabæjar, Alfreð Atlason, hefur verið dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt. Alfreð dró sér rúmar níu milljónir af fé bæjarins árin 2007 og 2008.

Alfreð millifærði peninga í fimmgang inn á reikninga félaga í sinni eigu, eða sem tengdust honum, frá því í lok desember 2007 og fram í júlí 2008. Upphæðirnar námu á bilinu 325 þúsund til tæpra 1.900 þúsund króna, samtals 9,22 milljónir króna.

Upp komst um brotin við hefðbundið innra eftirlit bæjarins í ágúst í fyrra. Alfreð lét þá þegar af störfum. Hann hafði starfað sem fjármálastjóri Garðabæjar frá árinu 2003.

Alfreð játaði brotið skýlaust og endurgreiddi hið stolna fé skömmu eftir að málið komst upp. Það er virt honum til refsilækkunar, auk þess sem hann „gerði enga tilraun til að leyna fjárdrættinum“ að því er segir í dómnum. Þá er tekið tillit til þess að hann hefur ekki áður hlotið refsingu.

Á hinn bóginn lítur dómari til þess að Alfreð var opinber starfsmaður og vegna þess er refsingin yfir honum þyngri en ella. Alfreð hlaut því sex mánaða fangelsisdóm, skilorðsbundinn til þriggja ára. - sh



**GARÐATORG** Alfreð hafði starfað sem fjármálastjóri bæjarins í fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Páfinn og forsetinn:

# Ætla að funda í Vatíkaninu

**ÍTALÍA, AP** Benedikt Páll páfi og Barack Obama Bandaríkjaforseti hittast á fundi 10. næsta mánaðar.

Páfinn hefur brugðið út af venjum sínum og samþykkt að hitta forsetann síðdegis. Venjulegur fundartími er um hádegi. Þykir það sýna áhuga páfans á að hitta forsetann. Vatíkanið hefur sýnt Obama áhuga þrátt fyrir að hann sé fylgjandi fóstureyðingum og stofnfrumurannsóknum.

Fundurinn á að eiga sér stað í lok dvalar Obama á Ítalíu vegna fundar G8-ríkjanna. Að honum loknum fer Obama til Gana. - þeb



**SELFOSS** Pilturinn var tekinn á Selfossi.

Piltur án ökuréttinda:

# Spólaði fullur í grasi og drullu

**LÖGREGLUMÁL** Tæplega tvítugur piltur hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að aka bíl dauðadrukkinn utan vegar á milli Háengis og Fossheiðar á Selfossi. Hann hafði enn ekki öðlast ökuréttindi.

Afleiðingar þessa utanvegaaksturs voru þær að gras og mold slettust upp á veggi nærliggjandi fjölbýlishúss.

Pilturinn mætti ekki fyrir dóm og má því búast við að dómur gangi að honum fjarstöddum.

Þá var karlmaður ákærður fyrir að hafa ekið í tvígang sviptur ökuréttindum. Hann játaði sök við þingfestingu. - jss

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

### Vinnur fyrir biðlaununum

Einar Karl Haraldsson, fyrrum aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, starfar tímabundið í forsætisráðuneytinu meðan hann þiggur biðlaun fyrir fyrri störf.

## ÚTLENDINGASTOFNUN

### Embætti laust

Fjórir sóttu um embætti forstjóra Útlendingastofnunar. Staðan er laus frá 1. júlí til áramóta vegna framlengds leyfis skipaðs forstjóra.

## LEIÐRÉTTING

Mishermt var í Fréttablaðinu í gær að áverki sem maður hlaut vegna hnífstungu hefði verið lífshættulegur. Maðurinn sem dæmdur var í fangelsi vegna verknaðarins var því sýknaður af tilraun til manndráps. Viðkomandi eru beðnir velvirðingar.

# Lítið framkvæmt en sjóðirnir óbreyttir

**Lítið sem ekkert verður um framkvæmdir við framhaldsskóla á næsta ári vegna niðurskurðar. Framlag til rannsóknarsjóða og Lánasjóðs íslenskra námsmanna verður óbreytt en skera þarf niður um 1,7 milljarða í háskólum og stofnunum.**

**EFNAHAGSMÁL** Framlag til rannsóknar- og samkeppnissjóða háskólanna verður ekki skert í yfirvofandi niðurskurði. Menntamálaráðuneytinu er gert að skera niður um 3,7 milljarða króna á næsta ári. Um 1,7 milljarðar verða sparaðir í háskólunum og um 1 milljarður í framhaldsskólum. Þá verður skorið niður um 1 milljarð til menningarmála.

Alls mun þurfa að skera niður um 5 prósent í framhaldsskólum miðað við síðustu fjárveitingu, sem var um 20 milljarðar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er stefnt að því að það náist að nokkru leyti með því að skera niður stofnkostnað og framkvæmdir. Það þýðir í raun að litlar eða engar framkvæmdir verða við framhaldsskólana á næstu tveimur árum, en nokkuð hefur verið kvartað yfir húsnæðiseklu þar á bæ.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Það sem eftir stendur í framhaldsskólanum verður skoðað í breyttu skipulagi innan hvers skóla, til dæmis er mjög misjafnt hve mikil yfirvinna er innan skólanna, en ljóst er að hún mun verða skorin niður.

Hvað háskólana varðar er lögð áhersla á að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og rannsóknar- og samkeppnissjóða haldist óbreytt. Þeir sjóðir sem um ræðir eru Rannsóknarsjóður, Markáætlun RANNÍS, Tækjasjóður, Rannsóknarnámssjóður og Nýsköpunarsjóður námsmanna. Um 1,4 milljarðar fara í þessa sjóði af þeim 20 sem fóru til háskólastofnana í síðustu fjárlögum. Þar að auki fóru 7 milljarðar króna til Lánasjóðsins.

Sé tekið tillit til þeirra fjármuna sem fóru í sjóðina nemur niðurskurður á háskólastigi 5,5 prósentum af fjárveitingunni, en 8,5 sé ekki litið til sjóðanna.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir að unnið verði að sparnaðartillögum í eins mikilli sátt við skólasamfélagið og kostur sé.

„Í niðurskurðartillögum okkar reynum við að standa vörð um kjarnastarfsemina. Samfélagið treystir á að framhaldsskólar og háskólar opni dyr sínar og við leið viljum við tryggja áframhaldandi öflugt rannsókna- og nýsköpunarstarf. Af þeim sökum hlífum við samkeppnis- og rannsóknarsjóðum og sama má segja um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem verður hlíft við niðurskurði eins og mögulegt er.“ kolbeinn@frettabladid.is



**HÁSKÓLATORG** Spara þarf 1,7 milljarða í háskólum landsins og 1 milljarð í framhaldsskólum. Framlag til Lánasjóðsins og rannsóknarsjóða verður óskert. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BÆJARSTJÓRASKIPTI** Jónmundur Guðmarsson afhendir arftaka sínum, Ásgerði Halldórsdóttur, lyklana að skrifstofu bæjarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ELLEN CALMON

Nýr bæjarstjóri Seltjarnarness:

# Ásgerður arftaki Jónmundar

**STJÓRNMÁL Ásgerður Halldórsdóttir tekur við embætti bæjarstjóra Seltjarnarness 1. júlí næstkomandi. Ásgerður tekur við stöðunni af Jónmundi Guðmarssyni sem hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur gegnt stöðu bæjarstjóra undanfarin sjö ár og verið bæjarfulltrúi undanfarin ellefu ár.**

**Ásgerður hefur gegnt hlutverki forseta bæjarstjórnar frá árinu 2002. Hún er viðskiptafræðingur að mennt og starfar nú sem forstöðumaður fjárhagsdeildar Íslandsbanka. Áður starfaði hún sem forstöðumaður hjá Tryggingamiðstöðinni.** - bþa

Vinstri grænir í Kópavogi:

# Fordæma meirihlutann

**KÓPAVOGUR** Stjórn Vinstri grænna í Kópavogi fordæmir áframhaldandi samstarf Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í Kópavogi. Í ályktun kemur fram að stjórnin telji samstarfið sýna vilja til að viðhalda spillingu og eiginhagsmunapoti sem viðgengist hafi í bæjarpólitíkinni.

Þá telur stjórnin að kjörnir fulltrúar sem sátu í fráfarandi stjórn Lífeyrissjóðs Kópavogs eigi að víkja úr sæti í bæjarstjórn meðan rannsókn fer fram. - hds






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**HLÝNAR Í VEÐRI**
Hlýtt loft verður yfir landinu næstu daga og búast má við um og yfir 20 gráðum inn til landsins. Jafnframt verður frekar hægur vindur á landinu þannig að veðurspáin lofar góðu næstu daga ef undanskilinn er úrkomudagurinn í dag!




**Á MORGUN**
Hæg breytileg átt eða hafgola.

**LAUGARDAGUR**
Hægviðri og horfur á síðdegisskúrum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Bassel | 28° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 21° |
| Eindhoven | 23° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 23° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 24° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 26° |
| París | 26° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 20° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



# Sumartilboðin í fullum gangi




**Tempur Spring rúm 160 cm**

**Tilboð**
**Nú aðeins !**
**239.900**

Verð áður !
299.800

## Tempur Spring

Tempur Spring er ein mest selda heilsudýna landsins. Dýnan er uppbyggð með 5-svæða Chiro collection gormakerfi. Yfirlag dýnunar er 7+3cm þykkt Tempur efni - þar með býður dýnan upp á það besta úr báðum heimum, þ.e.a.s fjaðrandi undirlag og Tempur efni sem veitir fullkomna aðlögun.

**Tempur Spring heilsudýnan**

- 7cm Tempur yfirdýna - Chiro gormakerfi.
- 5 svæða heilsu- og hægindalag.
- Mótar sig að lögun líkamans.
- Val um leður og efnisbotna - í 3 litum.
- Þú þarft aldrei að snúa henni.

# Hver er þinn litur?

10-30% afsláttur



**Sjá nánar á www.betrabak.is**

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að leggja eigi niður Varnarmálastofnun í sparnaðarskyni?*

| | |
|---|---|
| Já | 79,4% |
| Nei | 20,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á Alþingi að samþykkja Icesave-samninginn?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Vísir

Ítalskur kaupsýslumaður biður Silvio Berlusconi forsætisráðherra afsökunar:

# Harmar að hafa aukið á hneyksli

**RÓM, AP** Kaupsýslumaður sem réði ungar konur til að fara í veislur heima hjá Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur beðist afsökunar á því að leggja til efni í nýtt hneykslismál.

Kaupsýslumaðurinn, Giampaolo Tarantini, sagði í viðtali við ítölsku fréttastöðina ANSA að hann hefði einungis greitt konunum ferðakostnað og kostnað vegna dvalarinnar. Sagði hann að Berlusconi hefði ekki vitað af því að konunum væri greitt og harmaði að það sem hefði verið vel meint af hans hálfu væri orðið að hneyksli.

Áhugi Berlusconis á yngri konum komst í fréttirnar á dögunum þegar eiginkona hans fór fram á skilnað vegna meintra áforma flokks hans um að stilla ungum fegurðardrottningum upp á framboðslista sinn til Evrópuþingsins og hefur Tarantini verið í miðju þessara ásakana.

Þrjár konur hafa komið fram í ítölskum dagblöðum og sagt að Tarantini hafi boðið þeim í veislur Berlusconis. Fengu tvær þeirra greiddar þúsund evrur auk þess sem þeim var boðið sæti á framboðslista í kosningum á svæðinu Bari á Ítalíu, en hvorug þeirra vann reyndar. Þeirri þriðju var ekkert greitt en fékk hún þó skartgripi að gjöf. **- mmf**



**SILVIO BERLUSCONI** Forsætisráðherrann þykir hafa full mikinn áhuga á ungum stúlkum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tveir piltar ákærðir:

# Með kannabisefni í bílnum

**DÓMSMÁL** Tveir piltar um tvítugt hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Suðurlands fyrir að hafa í fórum sínum nokkuð af kannabisefnum, þar sem þeir voru farþegar í bíl á Suðurlandsvegi.

Þeir mættu ekki fyrir dóminn og mega því búast við að dómur gangi að þeim fjarstöddum.

Sama máli gegnir um konu á fertugsaldri sem tekin var á bíl sínum, óhæf til að stjórna honum vegna fíkniefnaneyslu. Skömmu síðar var hún svo tekin aftur og þá réttindalaus. Hún mætti ekki og má samt sem áður búast við dómi í máli sínu. Þessi tvö mál tengjast ekki. **- jss**

Ný lausn í heimabanka Byrs

Þú getur sparað milljooo.ooonir með niðurgreiðslu íslenskra lána!

- það er fjárhagsleg heilsa!






**Milljóna sparnaður með 10.000 kr. aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi **11 milljón króna verðtryggt íbúðalán** sem tekið var í september 2007. Með því að greiða **10.000 krónur aukalega** á mánuði, sparast **10.671.376 krónur á lánstímanum.** Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast **milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.**

**Það er einfaldara en þú heldur!**

- Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu
- Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur
- Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**




**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

BYR SPARISJÓÐUR

# Lagfærði húsið fyrir fimmfalt kaupvirði

**Hannes Smárason gerði endurbætur fyrir 350 milljónir á 70 milljóna króna húsi sínu við Fjölnisveg. Hann sætir nú lögreglurannsókn. Ekki hefur verið leitað í híbýlum Pálma Haraldssonar vegna sölu flugfélagsins Sterling til Hannesar.**

**LÖGREGLUMÁL** Hannes Smárason gerði endurbætur á húsi sínu við Fjölnisveg 9 fyrir um 350 milljónir króna á þriggja ára tímabili, árin 2005 til 2007, að því er fram kemur í bókhaldi hans. Hann keypti húsið árið áður á 70 milljónir – fimmtung af því sem hann átti síðar eftir að leggja í húsið.

Þetta er meðal þess sem sjá má í úrskurði héraðsdóms, sem hafnað hefur kröfu Hannesar um að húsleitir á lögmannsstofunni LOGOS og Fjölnisvegi 9 og 11 yrðu úrskurðaðar ólögmætar.

Í fundargerðum skipulagsráðs Reykjavíkurborgar kemur fram að Hannes hafi meðal annars fengið leyfi til að tengja bílageymsluna að Fjölnisvegi 9 við bílageymsluna að Fjölnisvegi 11, með viðbyggingu, tengigangi og svölum. Einnig var honum heimilað að endurnýja þak hússins, breyta innra fyrirkomulagi á öllum hæðum þess, stækka eldhúsið með viðbyggingu, rífa skorstein og koma upp svölum á norðausturhlið hússins.

Að auki keypti Hannes tölvubúnað fyrir tæpar sjö milljónir í Fjölnisveg 9, og innbú fyrir fimmtán milljónir í Fjölnisveg 11.

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra rannsakar nú hvort skattsvik voru framin þegar húsin tvö, Fjölnisvegur 9 og 11, voru seld frá eignarhaldsfélagi Hannesar til Hannesar sjálfs og konu hans með þriggja milljóna tapi. Segir í greinargerð lögreglu að ætla megi að kaupin hafi „ekki verið gerð í ábataskyni heldur sé hugsanlega um málamyndagerning að ræða“.

Þá er einnig til rannsóknar hvort lög voru brotin þegar FL Group, sem Hannes fór fyrir, keypti flugfélagið Sterling af félaginu Fons árið 2005. Lögregla telur að Sterling hafi verið keypt á yfirverði, sem hafi valdið FL Group verulegu fjárhagslegu tjóni.

Helgi Magnús Gunnarsson segir að gagna hafi verið aflað vegna málsins, en ekki hafi verið leitað sérstaklega hjá Pálma Haraldssyni eða Jóhannesi Kristjánssyni, þáverandi eigendum Fons. Þeir hafi ekki heldur verið yfirheyrðir.

Fleiri meint brot eru til rannsóknar, meðal annars 46,5 milljóna dala lán FL Group til Hannesar, sem þá jafngilti um þremur milljörðum króna. Skömmu eftir lánveitinguna sögðu þrír fulltrúar sig úr stjórn FL Group.

**stigur@frettabladid.is**



**FJÖLNISVEGUR** Hannes tengdi húsin sín saman með sérstökum gangi og keypti tölvubúnað í Fjölnisveg 9 fyrir sjö milljónir. Ríkislögreglustjóri leitaði á dögunum í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## ÉG ER GAGNLEGUR SKOTSPÓNN

Hannes Smárason hefur sent frá sér yfirlýsingu vegna málsins. Í henni er útdráttur úr bréfi lögmanns hans til Ríkislögreglustjóra, þar sem sakirnar sem á hann eru bornar í greinargerð lögreglu eru hraktar lið fyrir lið. Hannes segist munu kæra úrskurð héraðsdóms.

„Ég geri mér grein fyrir því að við núverandi aðstæður í íslensku efnahagslífi er ég gagnlegur skotspónn í umræðu manna á meðal, þótt ég hafi dregið mig í hlé frá íslensku viðskiptalífi fyrir allmörgum misserum. Engu að síður er nauðsynlegt að vanda umfjöllun um viðkvæm mál og fara hægt í að kynda undir galdrabrennunum því að í öllum tilvikum eru börn og fjölskyldur sem tengjast viðkomandi aðilum,“ skrifar Hannes.

Hann segist hafa lagt sig fram við að fylgja þeim lögum og reglum sem viðskiptalífinu voru sett og er sannfærður um að rannsókn muni leiða sakleysi hans í ljós.

Karlmaður á fertugsaldri, Gísli Birgisson, dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi:

# Braut gegn fjórtán ára stúlku

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri, Gísli Birgisson, hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn stúlku sem þá var fjórtán ára en hann þrjátíu og tveggja. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni 800 þúsund krónur í miskabætur, auk rúmlega 700 þúsund króna í málskostnað. Athæfið átti sér stað í maí á síðasta ári.

Stúlkan hafði nokkrum sinnum gætt barns fyrir manninn og konu hans. Áður en brotið átti sér stað hafði hann ástundað að hringja í stúlkuna án ástæðu og einnig áttu þau samskipti á MSN. Kvöldið sem kynferðisbrotið var framið var stúlkan að passa og maðurinn ætlaði að keyra hana heim. Þess í stað ók hann með hana að verksmiðjuhúsnæði í Grafarvogi þar sem hann áreitti hana kynferðislega í bílnum.

Málið komst upp nokkru síðar þegar stúlkan sagði bróður sínum og kærustu hans að maðurinn sem hún hefði verið að passa fyrir hefði nauðgað sér.

Maðurinn neitaði sök. Í dómsniðurstöðu segir að hann hafi verið fundinn sekur um að hafa haft kynferðismök við stúlkuna. Hann hafði haft yfirburðastöðu gagnvart henni vegna aldurs- og aflsmunar. **- jss**



**NEYÐARMÓTTAKA** Farið var með stúlkuna á móttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis.


TAX FREE DAGAR
Gelert
AFNEMUM VSK
ALLAR ÚTILEGUVÖRUR ÁN VIRÐISAUKASKATTS
AFNEMUM VSK
ÖLL HJÓL ÁN VIRÐISAUKASKATTS
RALEIGH
www.crosscycle.com
CROSS
grandhall living style
AFNEMUM VSK
ÖLL GRILL ÁN VIRÐISAUKASKATTS
24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
Gildir til 28. júní eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



*1 Hvað heitir formaður bæjarráðs í Kópavogi?*

*2 Hvaða fyrirtæki hefur fengið leyfi til að rækta erfðabreytt bygg utandyra?*

*3 Hvaða fyrrum þjóðarleiðtogi hefur gefið út geislادiskinn „Lög fyrir Raísu“?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 46

Yfirvöld í Norður-Kóreu harorð í garð Bandaríkjanna:

# Koma af stað nýju Kóreustríði

**NORÐUR-KÓREA, AP** Yfirvöld í Norður-Kóreu hafa sakað stjórnvöld í Bandaríkjunum um að reyna að koma af stað nýju Kóreustríði. Norður-Kórumenn undirbjuggu í gær heræfingar á austurströnd landsins.

Bandaríkin og ríki nálægt N-Kóreu fylgjast nú grannt með merkjum um eldflaugaskot.

Bann hefur verið sett við siglingum frá og með deginum í dag og til 10. júlí. Skip frá Norður-Kóreu siglir nú við strendur Kína og bandarískt skip veitir því eftirför. Talið er að skipið sé á leið til Myanmar og gæti verið að flytja ólöglegt vopn.

Yfirvöld í Norður-Kóreu hafa sagt að ef gripið verður inn í ferðir skipsins verði litið á það sem stríðsyfirlýsingu.

„Ef bandarísku heimsvaldasinnarnir hefja annað stríð munu herir og almenningur í Kóreu þurrka út árásarmenn heimsins í eitt skipti fyrir öll,“ sagði í yfirlýsingu.

Í dag eru 59 ár liðin frá því að Kóreustríðið braust út. Það stóð í þrjú ár og endaði með vopnahléi. Mikil spenna hefur verið milli Kóreuríkjanna tveggja æ síðan.

Um 28.500 bandarískir hermenn eru staðsettir í Suður-Kóreu. **- þeb**



**LEIÐTOGAR KÓREURÍKJA** Roh Moo-hyun og Kim Jong Il, leiðtogar Kóreuríkjanna tveggja, hittust á fundi árið 2007. Kim Jong Il og stjórn hans hafa sakað Bandaríkjamenn um að efna til annars Kóreustríðs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fornleifafræðingar á Kýpur:

# Fundu brunn og beinagrind

**KÝPUR, AP** Fornleifafræðingar hafa fundið vatnsbrunn á Kýpur sem þeir telja að sé á bilinu níu þúsund til tíu þúsund ára gamall. Við botn brunnsins var beinagrind af ungri konu, sem talið er að sé frá svipuðum tíma.

Ekki er vitað hvernig konan dó eða hvenær og hvers vegna beinagrind hennar er á botni brunnsins. Brunnurinn er því frá þeim tíma sem byggð hófst á Kýpur. Hann er einn sá elsti sem fundist hefur í heiminum og þykir merki um þróaðra samfélag á eyjunni á þessum tíma en áður var talið. **- þeb**

Icelandair fær góða einkunn:

# Í fyrsta sæti í fullnustu fluga

**SAMGÖNGUR Icelandair fær háa einkunn í nýrri neytendaskýrslu AEA, Sambands evópskra flugfélaga. Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður í fjórum þjónustuflokkum.**

**Icelandair er í fyrsta sæti í fullnustu fluga, í öðru sæti í stundvísi á lengri flugleiðum, í þriðja sæti í stundvísi á styttri og meðallöngum leiðum og í sjötta sæti í skilvísi farangurs. Könnunin nær til tímabilsins frá nóvember á síðasta ári til mars.**

**„Þetta er mjög ánægjulegur árangur,“ segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair. „Við vorum heppin í vetur hvað varðar utanaðkomandi þætti sem hafa mikil áhrif, eins og veður, aðra flugumferð og bilanir,“ segir hann. - vsp**

Álit nefndar um hæfi seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra gert opinbert:

# Tveir metnir mjög vel hæfir í stöðuna

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðuneytið birti í gær álit nefndar um hæfi umsækjenda um stöðu seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra. Alls voru átta einstaklingar taldir uppfylla menntunarskilyrði og hæfir til starfsins. Mjög vel hæfir voru Arnór Sighvatsson og Már Guðmundsson.

Arnór lauk doktorsprófi í hagfræði í North Illinois-háskóla. Arnór hefur starfað hjá Seðlabanka Íslands frá árinu 1990. Hann er núverandi aðstoðarseðlabankastjóri auk þess sem hann var áður aðalhagfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs bankans. Már Guðmundsson lauk M-phil gráðu í hagfræði frá háskólanum í Cambridge. Hann starfaði hjá Seðlabanka Íslands um árabil og var meðal annars aðalhagfræðingur bankans um skeið. Már starfar nú sem aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðabankans í Basel (BIS).

Í stöðu aðstoðarseðlabankastjóra uppfylltu sextán aðilar menntunarskilyrði og voru fjórtán metnir hæfir. Mjög vel hæfir voru taldir Arnór Sighvatsson, Tryggvi Pálsson og Yngvi Örn Kristinsson. Tryggvi er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands en Yngvi Örn hefur starfað sem yfirmaður hagfræðideildar Landsbanka Íslands.

Fjölmargir umsækjendur um stöðurnar tvær gerðu athugasemdir við mat nefndarinnar á hæfi þeirra. Nefndin sá ekki tilefni til að breyta mati sínu á einstökum umsækjendum. Nefndina skipuðu Jónas H. Haralz, Guðmundur K. Magnússon og Lára V. Júlíusdóttir. **- bþa**

## HÆFI UMSÆKJENDA

**Staða seðlabankastjóra**

**Mjög vel hæfir:**
Arnór Sighvatsson
Már Guðmundsson

**Vel hæfir:**
Yngvi Örn Kristinsson
Tryggvi Pálsson
Þorvaldur Gylfason

**Hæfir:**
Ásgeir Jónsson
Jóhann Rúnar Björgvinsson
Rannveig Sigurðardóttir



**Staða aðstoðarseðlabankastjóra**

**Mjög vel hæfir:**
Arnór Sighvatsson
Yngvi Örn Kristinsson
Tryggvi Pálsson

**Vel hæfir:**
Jóhann Rúnar Björgvinsson
Jón Þ. Sigurgeirsson
Rannveig Sigurðardóttir

**Hæfir:**
Baldur Pétursson
Daníel Svavarsson
Haukur Camillus Benediktsson
Jón G. Jónsson
Lilja Alfreðsdóttir
Lúðvík Elíasson
Tamara Lisa Roesel
Þorsteinn Þorgeirsson





Sumarútsala
Allt að
70%
afsláttur af völdum vörum
Rýmum fyrir nýjum vörum
Útsala hjá Jane Norman, Oasis og NTC byrjar í næstu viku.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**FRUMSÝNING** Breski leikarinn Sacha Baron Cohen klæddist í gervi Brunos á frumsýningu myndar um Bruno í London á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frítt á leikjanámskeið:

## VR styrkir fjölskyldufólk

**NEYTENDUR** VR hefur undanfarið boðið upp á ýmis námskeið fyrir atvinnuleitandi félagsmenn en nú verða fjölskyldurnar líka styrktar.

Félagsmenn geta boðið börnum sínum upp á frí leikjanámskeið og sumbarbúðir hjá KFUM og KFUK. Takmarkað pláss er í boði og mikilvægt að panta sem fyrst. Þá er einnig hægt að fá veiði- og útilegukortið frítt og hestaferðir með Íshestum. „Við erum að reyna að lífga upp á tilveruna hjá ungviðinu með foreldrunum þannig að fjölskyldan geti notið þess að vera saman, þótt það sé lítið um peninga,“ segir Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir, verkefnastjóri VR. „Fólk er alveg óskaplega þakklátt.“

Um 2.500 félagsmenn VR eru án vinnu. Hægt er að nálgast umsóknir og upplýsingar á heimasíðu VR www.vr.is. - hds

# Átök milli mótmælenda og lögreglu

**Blóðug átök urðu meðal mótmælenda og lögreglu í Teheran í Íran í gær. Þá hefur sendiherra Írans verið kallaður heim frá Bretlandi. Landsliðsmenn í knattspyrnu sem sýndu mótmælum stuðning hafa verið settir í lífstíðarkeppnisbann.**

**ÍRAN** Lögregla og sérsveitir börðu niður mótmæli í Teheran í Íran í gær. Hundruð mótmælenda höfðu komið saman þrátt fyrir bann og hótanir íranskra yfirvalda.

Mótmælendur voru lamdir með kylfum og táragasi var úðað á þá, samkvæmt vitnum. Að sögn börðust sumir mótmælendur á móti lögreglu en aðrir flúðu. Fjölmargir mótmælendur hefðu verið illa særðir og jafnvel látnir vegna ofbeldisins. Öryggisverðir eru sagðir hafa lamið konur sérstaklega, en konur hafa verið áberandi í mótmælum síðustu daga. Þúsundir öryggisvarða og lögreglumanna voru á götum úti í allan gærdag til þess að reyna að koma í veg fyrir mannsöfnuð.

Eiginkona stjórnarandstöðuleiðtogans Mir Hossein Mousavi, Zahra Rahnavard, sagði í gær að mótmælendur hefðu stjórnarskrárbundinn rétt til mótmæla og ríkisstjórnin ætti ekki að bregðast við þeim líkt og herlög hefðu verið sett. Hún kallaði eftir því að öllum þeim sem hefðu verið handteknir í mótmælunum yrði sleppt. Annar frambjóðandi til forseta, Mohsen Rezaie, dró í gær til baka kvartanir sínar um kosningasvindl. Hann sagði það gert með hag landsins fyrir brjósti.

Sendiherra Írans í Bretlandi hefur verið kallaður heim tímabundið og verið er að skoða hvort hægt sé að minnka opinber tengsl á milli landanna. Íranska stjórnin hefur sakað Breta um að senda njósnara til landsins til að stuðla að mótmælunum.

Fjórir leikmenn íranska landsliðsins í knattspyrnu voru í gær settir í ævilangt bann vegna þess að þeir höfðu græn úlnliðsbönd til stuðnings Mousavi í leik landsins við Suður-Kóreu í síðustu viku. Græni liturinn hefur mikið verið notaður í kosningabaráttu Mousavis og í mótmælum eftir kosningar. Þá voru vegabréf þeirra tekin af þeim. thorunn@frettabladid.is



**STOKKHÓLMUR** Dagleg mótmæli hafa verið í höfuðborg Svíþjóðar síðan kosningarnar fóru fram. Í Íran hefur fréttamönnum og ljósmyndurum verið gert erfitt fyrir og þeim bannað að starfa á götum úti. NORDICPHOTOS/AFP

Dæmdur fyrir kynferðisbrot:

## Óboðinn áreitti sofandi stúlku

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í sex mánaða fangelsi, þar af þrjá á skilorði, fyrir kynferðisbrot gegn stúlku. Hann var einnig dæmdur til að greiða henni hálfa milljón króna í skaðabætur.

Í ákæru var manninum gefið að sök að hafa farið óboðinn inn í svefnherbergi þar sem stúlkan lá í fastasvefni og áreitt hana kynferðislega. Dómurinn taldi framburð stúlkunnar trúverðugan er hún kvaðst hafa vaknað við að fáklæddur karlmaður hafi staðið nærri rúmi hennar og síðan kysst hana á hálsinn og káfað á henni utanklæða. - jss

UVG vilja úr NATO:

## Eyðum ekki í tilgangslaust hernaðarbrask

**STJÓRNMÁL Í nýrri ályktun Ungra vinstri grænna (UVG) fagna þau að Varnarmálastofnun hafi verið lögð niður. Leggja þau jafnframt til að heræfingar, loftrýmiseftirlit og önnur hernaðarleg starfsemi verði lögð niður.**

**Í staðinn vill UVG nýta féð sem sparast í velferðarkerfið, til dæmis í LÍN. Segja þau jafnframt að það spari tugi milljóna að segja sig úr NATO.**

**„Það eru ekki aðeins hagsmunir ungs fólks, heldur allra Íslendinga að íslenska ríkið fjárfesti í menntun, mannviti og öflugu velferðarkerfi, en hendi ekki peningum í tilgangslaust hernaðarbrask,“ segir í lok ályktunarinnar.** - vsp




ENNEMM / SÍA / NM38382

Mikil aðsókn í FS:

# Þriðji vinsælasti skólinn í ár

**MENNTUN** Umsóknir nýnema í Fjölbrautaskóla Suðurnesja voru um 450 talsins, en 280 fá inngöngu á fyrsta ári, að sögn Kristjáns Ásmundssonar, skólameistara FS.

Hann segir skólann búinn að taka inn forgang og nú standi eftir 100 umsóknir hjá umsækjendum sem eru eldri en 18 ára. Verið sé að vinna í þeim og athuga hvort mögulegt sé að taka það fólk inn.

„Við höfum ekki fjárheimildir frá ríkinu til að taka þetta mikið. Við erum með fleiri en við höfum heimild til,“ segir Kristján.

FS var þriðji vinsælasti skólinn í umsóknum nýnema, að sögn Pálma, á eftir Verzló og MH. - vsp

Umdeild bygging í Elliðaárdal sleppur frá niðurrifi og fær nýtt líf í kreppunni:

# Frumkvöðlarnir verða í Toppstöðinni

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð hefur samþykkt að heimila rekstur frumkvöðlaseturs í svokallaðri Toppstöð í Elliðaárdal.

„Hugmyndin felst í því að skapa hönnuðum, arktitektum og iðnaðarmönnum sameiginlegan vettvang til að skapa nýjar vörur, þekkingu og hugvit í afmörkuðu rými varaflstöðvarinnar,“ segir í greinagerð með tillögu Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra. Semja á við áhugahóp um nýtingu Toppstöðvarinnar og sagt koma til greina að hleypa fleirum inn í húsið.

Tveir fyrrverandi borgarstjórar ítrekuðu í borgarráði að rífa ætti bygginguna. „Ég hef verið og er enn þeirrar skoðunar að rífa eigi Toppstöðina eins og ávallt hefur staðið til, enda húsið lýti í umhverfinu,“ segir í bókun Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og tekið er í svipaðan streng í bókun Ólafs F. Magnússonar: „Ég hvet eindregið til þess að Toppstöðin í Elliðaárdal verði rifin þegar í stað, í fyrsta lagi sem hluti verndunarstefnu gagnvart Elliðaánum í öðru lagi sem hluti atvinnuskapandi verkefnis með skýra framtíðarsýn í þágu komandi kynslóða að leiðarljósi.“

Þorleifur Gunnlaugsson, borgarráðsfulltrúi vinstri grænna, sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Þorleifur segir nauðsynlegt að rífa húsið en að það verði borginni mjög dýrt á erfiðum tímum. „Borgarráðsfulltrúi VG telur því skynsamlegt að leyfa starfsemi í húsinu um tíma en það verður jafnframt að vera tryggt að sú starfsemi hamli ekki niðurrifi hússins þegar betur árar.“ - gar



**TOPPSTÖÐIN** Landsvirkjun hefur gefið heimild fyrir tímabundin afnot af byggingu varaflstöðvar í Elliðarárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjársvik og fíkniefnabrot fanga á Litla-Hrauni:

# Er ákærður fyrir dánartilkynningu

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur fangi á Litla -Hrauni hefur verið ákærður fyrir að falsa dánartilkynningu og staðið fyrir birtingu hennar í Morgunblaðinu.

Í tilkynningunni var andlát samfanga mannsins tilkynnt. Þar var gefið upp reikningsnúmer í eigu ákærða fangans í því skyni að afla samskota og svíkja þannig út fé. Reikningnum var lokað áður en nokkur hafði látið blekkjast af fjársvikatilraun hans.

Þá er sami maður ákærður fyrir tvö fíkniefnabrot fyrir innan rimlana. Í fyrra skiptið var hann með hass í klefa sínum en amfetamín og tvo óþekkta lyfjabelgi í hið síðara. Efnunum hafði verið smyglað inn í fangelsið í afturbretti bifreiðar. Þangað náði fanginn í þau þegar bifreiðinni var lagt við aðaldyr álmu í fangelsinu.

Maðurinn játaði sök á öllum ákæruliðum við þingfestingu málsins í gær. - jss



†

Ástkær eiginmaður, faðir og sonur,

HÁKON RÚNAR JÓNSSON,

lést á heimili sínu eftir langvarandi veikindi laugardaginn 6. desember.
Útför verður auglýst síðar.
Þeim sem vilja styrkja minningu hans er bent á söfnunarreikning 1192-05-400643,
kt. 161185-3539.
Þakkir til krabbameinsrannsóknardeildar Landspítalans.

Sigríður Jónsdóttir,
Gunnfríður Lóa Hákonardóttir,
Alexander Hákonarson,
Jón Gunnarsson, Berglind Þorvaldsdóttir.

**DÁNARTILKYNNINGIN** Þannig leit hún út, dánartilkynningin sem fanginn falsaði í fjáröflunarskyni.






FRÉTTAVIÐTAL: Mats Josefsson

# Bankastjórarnir eru alltaf sekir

**Stofnun eignaumsýslufélags sem taka á við ríkisbönkunum þremur og lífvænlegum fyrirtækjum hefur tekið of langan tíma. Mats Josefsson, sænskur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankakerfisins hér, segir viðbrögð fólks eins um allan heim í kjölfar þess að fjármálakerfið hrynur. Hann segir hrun efnahagslífsins hér það svartasta sem hann hafi séð.**



MATS JOSEFSSON Sænskur bankasérfræðingur gagnrýnir andvaraleysi stjórnvalda þegar fjármálageirinn blés út í byrjun aldarinnar. Svo virðist sem stjórnvöld hafi gleymt að leggja grunn að fjármálageiranum. Því hafi fátt komið í veg fyrir að hann færi á hliðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Fólk hefur brugðist eins við bankakreppum um allan heim. Fyrst kennir það bankastjórunum um að efnahagslífið hefur farið á hliðina. Síðan stjórnmálamönnum, endurskoðendum, fjármálayfirvöldum, seðlabanka og fjölmiðlum fyrir að ganga ekki nógu harkalega fram. En það eru alltaf bankastjórnirnar og yfirmenn bankanna sem á endanum bera ábyrgðina á viðskiptalegum ákvörðunum,“ segir Mats Josefsson, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankakerfisins.

Mats Josefsson kom að endurreisn sænsku bankanna í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar. Þá var búið til módel sem unnið var eftir og hefur verið afritað með góðum árangri víða um heim.

Í kjölfar þess að íslenska ríkið tók bankana yfir í október í fyrra var samið um að Mats veitti ríkisstjórninni ráðgjöf sína. Frá upphafi hefur legið fyrir að unnið verði eftir hugmynd um að sett verði á laggirnar eignaumsýslufélag á vegum ríkisins sem veiti bönkunum ráðgjöf vegna mikilvægra fyrirtækja sem eiga í miklum rekstrarerfiðleikum. Þá hefur verið stefnt að því að eignarhaldsfélag verði sett á laggirnar, sem haldi utan um hlut ríkisins í bönkunum.

Hann segir mikilvægt að félögin séu óháð stjórnmálunum enda hætt við að stjórnmálamenn reyni að hafa áhrif á fyrirtækin sem hið opinbera á eða rekur. Hann mælir með því að sérfræðingar um fjármálamarkaði stýri eignarhaldsfélagi fjármálafyrirtækjanna en ekki stjórnmálamenn. Það síðastnefnda geti boðið hættunni heim. „Ég hefði ekkert á móti því ef erlendir sérfræðingar yrðu kallaðir til,“ segir Mats.

### Fjármálakerfi á lélegum grunni

Treglega hefur gengið að koma þessum eignafélögum ríkisins á koppinn en allt frá í mars hafa borist af því fréttir frá Alþingi að jákvæðra frétta sé að vænta. Mats reiknar með að félagið geti litið dagsins ljós á næstu vikum: „Ég skil ekki hvers vegna þetta hefur tekið svona langan tíma. Það er betra fyrir alla ef það gerist fyrr en seinna. Allar tafir eru neikvæðar,“ segir hann. „Síðastliðnar tvær til þrjár vikur hafa verið stigin jákvæð skref. Þetta eru stór og mikilvæg skref í rétta átt,“ segir hann.

Í mínum augum er það samt ráðgáta hvers vegna fjármálaráðuneytið vann ekki hraðar í málinu. Ráðuneytið er ábyrgt fyrir því. Þegar bankarnir hrundu og ráðuneytið tók þá yfir varð fjármálaráðherra yfirmaður þeirra. Því fylgir ábyrgð. Ég hefði búist við að hann hefði þá gefið út leiðbeiningar eða áætlun um það hvernig bankarnir ættu að haga sér, breyta útlánastefnu þeirra, áhættustýringu og þess háttar. En stjórnvöld gerðu ekkert.“

Mats telur þó ástæðuna fyrir töfunum þá að fáir ef nokkur hafi áttað sig á þeim vanda sem þjóðin standi frammi fyrir í kjölfar þess að bankarnir fóru á hliðina í fyrrahaust. „Ég hef aldrei heyrt um land þar sem 90 prósent af fjármálakerfinu hrynur. Það er einsdæmi. Ég hef aldrei séð neitt þvíumlíkt,“ segir Mats og bendir á mikilvægi þess að setja kostnaðinn við hrunið í samhengi við stærð hagkerfisins. Sé það gert komi í ljós skelfilegar staðreyndir.

Hann segir ekki útilokað að fjármálakerfið hér hafi verið byggt á veikum grunni frá upphafi og gagnrýnir fyrri ríkisstjórnir fyrir andvaraleysið. „Maður bjóst við að stjórnvöld hefðu teiknað upp og skilgreint hvernig fjármálakerfi átti að vera hér, hversu margir bankar gætu starfað hér, hvernig þjónustu þeir áttu að veita og svo framvegis. Ekkert slíkt virðist hafa verið fyrir hendi og mjög lítið var gert í þá veru.

Bankasérfræðingurinn sænski segir gríðarlega erfitt að geta sér til um kostnaðinn við efnahagshrunið. Ef það er þá mögulegt. „Ég hef séð mat allt frá 40 prósentum til rúmra hundrað prósenta af landsframleiðslu. Sjálfur tel ég kostnaðinn að minnsta kosti 85 prósent af landsframleiðslu. En í raun vitum við það ekki og komumst ekki til botns í málinu fyrr en eftir um fjögur ár þegar í ljós kemur hvað fengist hefur fyrir eignir bankanna,“ segir hann.

Mats tekur það skýrt fram að þetta eigi ekki við umræðuna um Icesave-innlánsreikninga gamla Landsbankans. Þar komi hann ekkert að málum. Hlutverk hans tengist einungis endurreisn bankakerfisins og endurskipulagningu þess.

### Hverjir vilja bankana?

Mats Josefsson segir varasamt að reka bankana í núverandi mynd. Misvægi á eignastöðu þeirra gömlu og nýju sem myndaðist við uppskiptingu þeirra valdi því að þeir séu reknir með miklu tapi í hverjum mánuði.

Spurður hvort tap þeirra þriggja liggi nálægt átta milljörðum króna á mánuði segir hann það ekki fjarri lagi.

„Þetta verður að stöðva. Það er ekki flókið enda verður annað hvort að auka tekjur eða draga úr útgjöldum. Það var nauðsynlegt að gera þetta þegar ríkið tók bankana yfir en var ekki gert,“ segir hann og bætir við að enn sé ekki búið að ákveða í þaula hvernig bankakerfi muni verða hér á landi í framtíðinni.

## ÁNÆGÐASTUR MEÐ ÁRANGURINN Í TYRKLANDI

„Besti árangurinn sem ég hef séð var í Tyrklandi,“ segir Mats Josefsson spurður um notkun norræna módelsins í endurreisn bankakerfa í kjölfar efnahagshruns. Hann viðurkennir að þetta hafi komið honum á óvart.

Efnahagslífið í Tyrklandi fór á hliðina um síðustu aldamót. Fyrir hrunið voru 72 bankar starfandi í landinu. Viðskiptahalli hefur aukist hratt. Þá var spillingin gríðarleg innan fjármálageirans enda jusu stjórnmálamenn fjármunum úr bönkum landsins til fyrirtækja og félaga sem þeim tengdust.

Ekki bætti úr skák að líran, gjaldmiðill Tyrkja, var sett á flot um svipað leyti. Það jók mjög á efnahagsvandann og gerði hann illviðráðanlegri.



TYRKIR Fjármálakerfið í Tyrklandi fór á hliðina um síðustu aldamót. Mats Josefsson vann að endurreisn þess. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mats segir endurreisn fjármálalífsins í Tyrklandi hafa gengið mjög vel og hratt fyrir sig.

Þá hafi flýtt fyrir endurreisninni að umskiptin voru gerð fyrir opnum tjöldum. „Stjórnvöld voru mjög dugleg við að upplýsa almenning um gang mála. Þau létu prenta upplýsingar á blöð fyrir alla hópa landsins. Sérstakir bæklingar voru fyrir þá sem kunnu ekki eða voru illa læsir og ítarlegri upplýsingar fyrir þá sem það kunnu. Það sem máli skipti var að stjórnvöld héldu landsmönnum upplýstum um gang mála. Það er nauðsynlegt að umræðan eigi sér stað á opinberum vettvangi. Sumir halda að vandamálin hreinlega hverfi ef þau eru ekki rædd. Það er ekki rétt,“ segir Mats Josefsson.

Mats segir ekki útilokað að endurskipulagningu íslensku bankanna ljúki innan þriggja ára. Mikilvægt sé að halda samkomulag við lánardrottna og byggja upp traust á alþjóðlegum vettvangi. Það sé mikilvægt eigi að tryggja fjármögnun bankanna í framtíðinni.

Í umræðunni hefur verið að erlendir lánardrottnar taki yfir einn bankanna sem nú er í eigu ríkisins eða að erlendir aðilar kaupi þá þegar ríkið hyggst setja þá á markað eftir nokkur ár. Mats segir það ólíklega þróun í nánustu framtíð. Fyrst verði að reisa bankana við, laga efnahagsreikning þeirra og treysta þá á allan hátt. Svo verði erlendir aðilar að sjá viðskiptatækifæri hér. Skorti tækifærin sé harla ólíklegt að bankarnir komist í eigu erlendra aðila. „Hagkerfið hér er mjög lítið í evrópskum samanburði. Bankar og fjármálafyrirtæki í hópi lánardrottna hafa verið treg til að opna veskið vegna endurskipulagningar bankanna. Þetta eru engin góðgerðarsamtök heldur horfa þau á málið sem hrein viðskipti,“ segir hann.

### Eitt snið – mörg lönd

Mats telur ekki útilokað að endurreisn bankakerfisins geti tekið tiltölulega skamman tíma. Mikilvægt sé þó að þingheimur komi sér saman um leiðir til að reisa efnahagslífið við. Slíku var að skipta í Svíþjóð þegar bankarnir fóru á hliðina þar fyrir rúmum áratug.

„Stjórnvöld ábyrgðust innstæður og kröfur lánardrottna. Allir fengu sitt til baka. Í þessari viku greindi reyndar lánastofnun sænska ríkisins frá því að hún hefði hagnast á endurskipulagningu bankanna. Það féll því engin kostnaður á ríkið og skattgreiðendur,“ segir hann.

Mats hefur komið að efnahags- og fjármálakreppum víða um heim. Hann telur upp Litháen, Rússland, Kína, Filippseyjar, Tyrkland, Taíland og Líbanon. Sömu sögu er að segja frá bankahruninu í Danmörku snemma á níunda áratug síðustu aldar og í Noregi um svipað leyti.

Mats efast ekki um að norræna módelið muni virka hér líkt og víðar. „Við erum ekki að finna upp hjólið. Endurreisn banka eru engin vísindi. Margir þættir eru sameiginlegir en sumt þarf að laga að aðstæðum. Það er nauðsynlegt að róa innstæðueigendur og lánardrottna bankanna, meta eignir og tap bankanna, færa eignir á milli og koma efnahagsreikningi bankanna í gott horf,“ segir hann.

### Margir sökudólgar

Mats segir reiði fólks í kjölfar banka- og efnahagshruns skiljanlega. Hann hafi upplifað reiðina í öllum þeim löndum sem hann hafi starfað í. „Fólk varð ofsalega reitt og spurði stjórnendur bankanna hvað þeir hefðu verið að gera. Það vill auðvitað finna sökudólginn og bendir á stjórnmálamenn fyrir að hafa ekki sett nógu skýr lög, endurskoðendur fyrir að hafa ekki látið vita ef þeir sáu eitthvað gruggugt í í bókum fjármálafyrirtækja og fjölmiðla fyrir að hafa ekki fylgst nógu vel með fjármálageiranum og ekki spurt nógu gagnrýninna spurninga. Þetta er alls staðar eins,“ segir hann.

Við snúum okkur að kollega hans í íslenska bankahruninu, Evu Joly, ráðgjafa sérstaks saksóknara, sem hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir að tjá sig opinberlega um þá sem hún telur sökudólga hrunsins hér. „Það er alltaf erfitt að sanna sekt vegna gruns um efnahagsbrot á borð við þau sem Eva Joly glímir við,“ segir Mats. „Í Svíþjóð var 500 málum vísað til saksóknara eftir fall bankanna. Þegar upp var staðið skilaði það litlum árangri. Það er erfitt að sanna nokkuð á þá grunuðu. En það verður að yfirheyra þá og og leita svara við öllum spurningunum sem vakna,“ segir hann.



FRÉTTAVIÐTAL
JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON
jab@frettabladid.is




# Ert þú með rétta kortið?




## e-Vildarkortið kemur vel út – heima og heiman!

Með e-Vildarkortinu færðu endurgreiðslu og Vildarpunkta af innlendum færslum. Í hvert skipti sem þú verslar við yfir **200 samstarfsfyrirtæki e-kortsins** safnarðu endurgreiðslu í **beinhörðum peningum** sem þú getur notað í hvað sem þú vilt.

Þannig ræðurðu hvort þú setur þá fjármuni í daglegan rekstur heimilisins eða gerir vel við þig og þína og ferð til útlanda – **á besta mögulega verðinu, á þeim tíma sem þér hentar best.** Nánar á www.ekortin.is

Við hvetjum alla korthafa til að kynna sér þau fríðindi sem fylgja kortum þeirra.
**Ert þú með rétta kortið?**

KAUPÞING

VILDARKORT
ekortin.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# HAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.



**K.F NAUTAHAMBORGARAR 10 STK. 120g 1198 kr.**
**BÓNUS HAMBORGARABRAUÐ XL 4 STK 120 kr.**
*STÓR HAMBORGARI Í BRAUÐI ÁN MEÐLÆTIS 150 KR.*

# BÓNUSPYLSA Í BRAUÐI 50 KR.



**BÓNUS PYLSUR 629 kr/kg.** *PYLSAN CA 30 KR.*
**BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.**
*PYLSAN Í BRAUÐI ÁN MEÐLÆTIS: 50 KR.*

## KJARNAFÆÐI



798

**K.F UNG-HROSSASNITSEL Í RASPI**
**798 kr./kg.**



498

**K.F GRILL BBQ GRÍSARIF**
**498 kr./kg.**




498

***GÓU ÞRENNAN*: ÆÐI-PRINS-HRAUN**
**3 kassar x 200g 498 kr.**

## Gillette

**25% LÆGRA VERÐ**
**RAKVÉL & RAKBLÖÐ**




3298 3998

*EF KEYPT ER RAKVÉL OG BLÖÐ*
**GILLETTE FUSION RAKVÉL & 8 BLÖÐ 3298 kr.**
**GILLETTE FUSION POWER RAKVÉL & 8 BLÖÐ 3998 kr.**




598

**BÓNUS ÍSPINNAKASSINN 24 STK 598 kr.**




998

**EMMESS SUMARKASSINN 20 STK 998 kr.**

*GRÆN ÁVAXTASTÖNG 4 STK.*
*GUL ÁVAXTASTÖNG 4 STK.*
*APPELSÍNU LURKUR 4 STK.*
*PERU LURKUR 4 STK.*
*ÁFRAM ÍSLAND ÍSPINNI 4 STK.*

**BÓNUS BÝÐUR BETUR** VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
FERSKUR
BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS
Kjúklingur
Kjúklingalundir
25%
AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
BÓNUS
Kjúklingur
Bringur
20%
AFSLÁTTUR
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
PEPSI
69
69 kr. 1/2 ltr.
PEPSI MAX
69
69 kr. 1/2 ltr.
Egils
APPELSÍN
LÍMONAÐI
þetta eina sanna
69
69 kr. 1/2 ltr.
ELITESSE
898
ELITESSE SÚKKULAÐIKEX
20 STK Í KASSA 898 kr
45 KR STK.
1198
FROSNAR GRÍSALUNDIR INNFLUTTAR 1198 kr./kg.
179
MYLLU SAMLOKUBRAUÐ FÍNT 770g 179 kr.
7UP
129
129 kr. 2 ltr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30




Grillfólkið

## Endurfundir við grillið

Njóttu góðrar máltíðar með vinum og vandamönnum með SS grillkjöti.

Ljúffengur krydd-lögurinn dregur fram það besta í kjötinu og vel grillað kjöt laðar fram brosið á fólkinu þínu.

Grillkjötið frá SS – fyrir sérstakar stundir.

SS fremstir fyrir bragðið

www.ss.is


## Útgjöldin

> Klipping barna




# neytendur

hagur heimilanna

## GOTT HÚSRÁÐ

### ILMUR AF NÝBÖKUÐU

■ *Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, er úrræðagóð og ákvað að leita ráða netsins til þess að finna sem best húsráð fyrir lesendur Fréttablaðsins.*



„Hvernig læturðu tengdó halda að þú hafir bakað köku sem þú raunverulega keyptir?“ var húsráðið sem varð fyrir valinu. Svarið er einfalt. „Til þess að láta heimilið ilma eins og þar sé nýbakað góðgæti á boðstólum er nóg að bræða smjörlíki á pönnu og strá kanil yfir. Þá veit fólk, þar með talin tengdamóðirin, ekki betur en að kakan sé heimabökuð og verður agalega ánægð með myndarlegheitin.“



**ÞJÓÐVEGUR 1** Þeir eru fáir sem ferðast um hringveginn á sumrin og allflestir koma einhvers staðar við í sjoppu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ein með öllu og gos ódýrast á Selfossi

Þjóðvegur eitt er stærsti og lengsti vegur landsins og oft langt á milli staða er keyrt er á landsbyggðinni. Fátt getur þá verið jafnkærkomið og að sjá bensínstöð eða sjoppu í fjarska eftir langan akstur þegar menn eru orðnir svangir og salernisþörfin stór.

Fréttablaðið tók hringinn og athugaði verð á nokkrum vel völdum sjoppum við þjóðveginn.

Athugað var með verð á pylsu og gosi fyrir fjögurra manna fjölskyldu, ásamt einu hreinu Nizza-súkkulaðistykki og einum kaffibolla. Ekki var þó athugað sérstaklega með aðstöðu eða aðra þjónustu.

Það voru ekki allir staðirnir með sérstakt tilboð á pylsum og gosi saman og því töluverður munur á hæsta og lægsta verði. Ódýrast er að versla í Arnbergi, söluskála Olís á Selfossi, þar sem sérstakt tilboð er í gangi, en dýrast hjá Seli - Hótel Mývatni en þar er ekki tilboð.

Dýrasta Nizza-súkkulaðistykkið er hjá Shell á Egilsstöðum á 192 krónur en ódýrast hjá Kaupfélagi Skagamanna í Varmahlíð á 145 krónur. Á helmingnum af þeim stöðum sem skoðaðir voru kostar súkkulaðistykkið þó 159 krónur.

Langódýrasti kaffibollinn var í Arnbergi enda var hann frír en dýrastur var hann á Egilsstöðum á 250 krónur. Oftast var þó verðið á bollanum milli 195 til 200 krónur en einnig er frí áfylling í boði á mörgum stöðum.

heidur@frettabladid.is

### VERÐMUNUR Í VEGASJOPPUM VIÐ ÞJÓÐVEGINN

| Vegasjoppur | pylsa + gos fyrir 4 | Nizza fyrir 1 | Kaffi fyrir 1 |
|---|---|---|---|
| Shell Borgarnesi | 1.520 | 161 | 195 |
| Staðarskáli | 1.760 | 159 | 195 |
| N1 Blönduósi | 1.516 | 159 | 195 |
| N1 Varmahlíð | 1640 | 145 | 200 |
| Sel - Hótel Mývatn | 2.120 | - | 200 |
| Shell Egilsstöðum | 1.800 | 192 | 250 |
| N1 Höfn í Hornafirði | 1.680 | 159 | 195 |
| Víkurskáli | 1.760 | 180 | 200 |
| Hlíðarendi Hvolsvelli | 1.680 | 159 | 195 |
| Arnberg Selfossi | 1.480 | 159 | frítt |





**Drepur fótsveppinn**

*- þarf aðeins að bera á einu sinni*

Lamisil Once 1% húðlausn inniheldur 10 mg af terbínafíni (sem hýdróklóríð). Lamisil Once er einskammta meðferð við fótsvepp (tinea pedis). Ekki má nota Lamisil Once ef til staðar er ofnæmi fyrir terbínafíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. Lamisil Once er eingöngu ætlað til útvortis notkunar. Lyfið er eingöngu ætlað til húðmeðferðar á fótum. Lamisil Once á ekki að nota á meðgöngu nema brýna nauðsyn beri til. Konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Lamisil Once. Börn og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið þar sem reynslu skortir af slíkri notkun. Lyfið á einungis að bera á einu sinni. Best er að bera Lamisil Once á húðina eftir sturtu eða bað. Lyfið verður að bera á báða fætur, jafnvel þótt einkenni sjáist einungis á öðrum fæti. Þetta tryggir eyðingu sveppsins. Hann getur leynst víðar á fótum þótt ekki sjáist nein merki um hann. Lamisil Once er mild lausn og ertir sjaldnast húðina. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarnar sem fylgja hverri pakkningu. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.






410 4000 | landsbankinn.is

EINKABANKINN | SJÁLFVIRKT HEIMILISBÓKHALD

**Kakan þín er komin í Einkabankann**



- Fyrsta sjálfvirka heimilisbókhaldið
- Enginn innsláttur í Excel og engir útreikningar
- Þú velur hvaða reikningar og kort mynda kökuritið
- Færslurnar eru flokkaðar fyrir þig
- Hægt er að endurnefna og endurflokka færslur

Heimilisbókhaldið er í Einkabankanum þér að kostnaðarlausu.
Kynntu þér málið á landsbankinn.is.

Landsbankinn

ENNEMM / SÍA / NM37675 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080

# ALLT INNAN SEILINGAR



















Auðveldaðu þér vinnuna í eldhúsinu með ýmsum aukahlutum á vegginn eins og hnífarekkum, ílátum og krókum. Þannig getur þú haft öll nauðsynleg áhöld innan seilingar og vinnan í eldhúsinu verður fljótlegri og þægilegri.

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 34 **Velta:** 118 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 263 **+0,47%**

**OMX ÍSLAND 6** 732 **-0,47%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ATLANTIC PET.** | +7,96% |
| **CENTURY AL.** | +3,50% |
| **ÖSSUR** | +0,45% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EIMSKIP** | -45,00% |
| **MAREL FOOD S.** | -2,10% |
| **FØROYA BANKI** | -0,41% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 164,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 475,00 +7,96% ... Bakkavör 1,19 +0,00% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,55 -45,00% ... Føroya Banki 122,00 -0,41% ... Icelandair Group 4,75 +0,00% ... Marel Food Systems 51,40 -2,10% ... Össur 111,00 +0,45%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Ný skýrsla Efnahags- og framfarastofnunarinnar um horfur í efnahagsmálum:

# Aukin bjartsýni og það versta að baki

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) birti í gær skýrslu um horfur í efnahagsmálum í heiminum á næstu árum. Stofnunin telur horfurnar betri nú en áður. Þetta er í fyrsta skipti í tvö ár sem OECD telur að horfurnar séu að batna í heiminum. Helstu ástæður betri horfa í heiminum eru jákvæðar fréttir frá Bandaríkjunum og merki um að kreppan sé að nálgast botninn.

Í skýrslunni kemur fram að hagkerfi iðnvæddustu ríkja heims munu dragast saman um 4,1 prósent á þessu ári. Áður gerði stofnunin ráð fyrir samdrætti upp á 4,3 prósent. Hins vegar gerir stofnunin ráð fyrir viðsnúningi á næsta ári og að stærstu hagkerfi heims munu stækka um 0,7 prósent. Jorgen Elmeskov, starfandi aðalhagfræðingur OECD, telur það nú fjarlægan möguleika að allt fari á versta veg og verstu hrakspár rætist.

Í skýrslunni kemur jafnframt fram að mörg ríki Evrópu geti aukið útgjöld hins opinbera til að efla atvinnulífið innanlands. Hins vegar eru ekki öll ríki í þeirri stöðu. Í skýrslunni eru Ísland, Japan, Ítalía, Grikkland og Írland nefnd sem dæmi um lönd sem ekki eru í aðstöðu til að fara í dýrar og umfangsmiklar framkvæmdir kostaðar af hinu opinbera. Löndin séu einfaldlega ekki nægilega vel stödd í ríkisfjármálum. **- bþa**



**SKÝRSLA KYNNT** Framkvæmdastjóri Efnahags- og framfarastofnunarinnar kynnir betri horfur í hagkerfum heimsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Viðskiptavinir fá meira að vita

**Íslandssjóðir, rekstrarfélag verðbréfasjóða Íslandsbanka, hafa opnað nýja vefsíðu á slóðinni www.islandssjodir.is. Þar birtir sjóðurinn birtir verklag og reglur sjóðsins.**

**Vefsíðunni er ætlað að auka upplýsingagjöf og gagnsæi til viðskiptavina. Í Fréttatilkynningu frá Íslandsbanka kemur fram að á vefsíðunni komi fram þeir ferlar sem starfmenn sjóðsins vinni eftir við fjárfestingar.**

**Einnig eru birtar upplýsingar um áhættustýringu og siðareglur félagsins auk þess sem þar má finna reglur Íslandssjóða um hagsmunaárekstra.**

**Í fréttatilkynningu Íslandssjóða kemur jafnframt fram að þeir muni leggja mikla áherslu á gagnsæi og öfluga upplýsingagjöf til viðskiptavina.**

**-bþa**

# Fjárfestir vill meiri efnahagshvata

Fjárfestirinn Warren Buffett segir stjórnvöld í Bandaríkjunum verða að kasta öðrum björgunarhring til efnahagslífsins. Gerist það ekki megi búast við að fjármálakerfið taki dýfu í annað sinn.

Atvinnuleysi í Bandaríkjunum stefnir hraðbyri í tíu prósent og reikna margir með því að það fari hæst í um ellefu prósent áður en dragi úr því.

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, skrifaði undir umdeildan björgunaraðgerðapakka í febrúar síðastliðnum sem felur í sér að hið opinbera veiti 787 milljörðum bandaríkjadala inn í bandarískt efnahagslíf gegnum atvinnuskapandi verkefni.

Þrátt fyrir háværar raddir á sínum tíma sem kváðu á um að efnahagspakkinn yrði of þungur baggi á bandaríska ríkiskassanum telur Buffett annan eins þurfa til. „Við þurfum meira, ekki minna," sagði hann í samtali við Bloomberg-sjónvarpsfréttastöðina í gær. **- jab**



**WARREN BUFFETT** Einn af ríkustu mönnum heims segir stjórnvöld í Bandaríkjunum verða að gera betur ætli þau að draga úr atvinnuleysi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Hækkun vegna opinbera gjalda

**Verðbólga eykst en líkur á verðhjöðnun á næsta ári. Tímabundið bakslag segir Greining Íslandsbanka. Hækkun opinberra gjalda og eldsneytis vegur þungt.**

Vísitala neysluverðs hækkaði um 1,38 prósent frá fyrri mánuði. Í tilkynningu Hagstofu Íslands kemur fram að áfengi og tóbak hafi hækkað mest, um 9,8 prósent auk þess sem eldsneyti hafi hækkað um 7,8 prósent frá fyrri mánuði. Auk þess hækkaði verð á mat og drykkjarvöru um 1,2 prósent. Hluti af hækkun áfengis og tóbaks má rekja til hækkunar opinbera gjalda í lok síðasta mánaðar. Hins vegar lækkaði húsnæðisverð milli mánaða um 0,8 prósent.

Hækkunin var umtalsvert meiri en greinendur höfðu gert ráð fyrir. Greiningardeild Íslandsbanka spáði 0,9 prósent hækkun, Íslandsbanki 1,2 prósents og IFS greining 1,0 prósents hækkun. Í riti IFS greiningar um vísitölu neysluverðs kemur fram að fyrir utan þá liði sem fyr voru nefnir megi rekja hækkunina að þessu sinni til veikingar krónunnar. Krónan hefur veikst um 20 prósent frá miðjum mars sem nú er að koma fram í verðlagi innanlands. Einnig kemur fram að raunvextir séu neikvæðir, gengið veikt og því ólíklegt að Seðlabanki Íslands lækki stýrivexti í júlí.

Greiningardeild Íslandsbanka gerir ráð fyrir að einungis sé um tímabundið bakslag að ræða í hjöðnun verðbólgunnar. „Undirliggjandi verðbólga er lítil sem engin. Slaki er vaxandi í hagkerfinu og lítill sem enginn eftirspurnarþrýstingur á verðlag," segir í Morgunkorni Íslandsbanka. Einnig kemur fram að launahækkanir hafa verið afar litlar undanfarið og húsnæðisverð á niðurleið og það eina sem heldur verðbólgunni uppi er veiking krónunnar og hækkanir á opinberum gjöldum. Greining Íslandsbanka gerir jafnframt ráð fyrir að verðbólga verði komin í 2,5 prósent, verðbólgumarkmið Seðlabankans, snemma á næsta ári auk þess telur sem talsverðar líkur séu á verðhjöðnun á næsta ári.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 12,2 prósent en vísitala neysluverðs án húsnæðis um 16,7 prósent. Undanfarna þrjá mánuði hefur vísitalan hækkað um 3,0 prósent sem jafngildir 12,5 prósent verðbólgu á ári eða 18,1 prósent ef ekki er tekið tillit til breytingar húsnæðisverðs.

**bta@frettabladid.is**



**ÁFENGI OG TÓBAK HÆKKAR MEST** Vísitala neysluverðs hækkar milli mánaða. Verðbólga síðustu þriggja mánaða er kominn í 12,5 prósent á ársgrundvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BREYTING Á VÍSITÖLU NEYSLUVERÐS**

**Áhrif einstakra liða á vísitölu neysluverðs:**

| | |
|---|---|
| Eldsneyti (7,8%) | 0,36% |
| Hækkun opinberra gjalda á áfengi og tóbak | 0,4% |
| Matur og drykkjarvara (1,2%) | 0,17% |

**Verkar til lækkunar vísitölu:**

| | |
|---|---|
| Húsnæði (-0,8%) | -0,11 |
| Aðrir liðir | 0,56% |
| **Heildaráhrif á vísitöluna:** | **1,38%** |

VERÐHÆKKUN EINSTAKRA LIÐA INNAN SVIGA.

# Finnst tólf ár nægja

Tólf ára fangelsisdómur er hæfileg refsing fyrir umfangsmestu fjársvikamyllu sem sögur fara af. Þetta segir Ira Lee Sorkin, lögfræðingur bandaríska fjárfestisins Bernard Madoffs, sem sakaður er um að hafa með gylliboðum og fölsuðum afkomutölum haft fimmtíu milljarða dala, jafnvirði rúmra 6.300 milljarða króna á núvirði, af viðskiptavinum sínum.

Breska ríkisútvarpið hefur eftir Sorkin í gær, að fyrrum viðskiptavinir fjárfestisins hafi sent rúmlega hundrað mjög harðorð bréf gegn honum. Hann mælir með því að menn aðili rólega og láti tilfinningarnar ekki bera sig ofurliði.

Fjársvikamyllan komst upp um síðustu jól og játaði Madoff sök í ellefu ákæruliðum í mars síðastliðnum. Madoff, sem er 71 árs, gæti átt yfir höfði sér 150 ára fangelsisdóm. Dæmt verður í máli hans á mánudag í næstu viku. **- jab**



**BERNARD MADOFF** Heilinn á bak við mestu fjársvikamyllu í heimi gæti átt yfir höfði sér þyngstu refsingu sem til er vestan hafs, 150 ára fangelsisdóm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Tifandi tilboðssprengja

NÝ TILBOÐ VIKULEGA

aðeins 4 dagar

fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag eða á meðan birgðir endast

| | | | |
|---|---|---|---|
| BABYLISS HÁRBLÁSARI 1900W<br>27% afsláttur<br>Tilboð 4.999 kr.<br>Þú sparar 1.889 kr. | ÚTVARPSVEKJARAKLUKKA<br>25% afsláttur<br>Tilboð 2.997 kr.<br>Þú sparar 1.000 kr. | INNKAUPAKERRA Á HJÓLUM<br>25% afsláttur<br>Tilboð 3.749 kr.<br>Þú sparar 1.250 kr. | GASGRILL ADELAIDE<br>4 brennarar, hliðarbrennari, grillflötur 3500cm2<br>Tilboð 69.990 kr.<br>Þú sparar 10.000 kr. |
| SKOTGLÖS 50STK<br>EINNOTA<br>43% afsláttur<br>Tilboð 500 kr. | HITABLÁSARI<br>2000W<br>30% afsláttur<br>Tilboð 3.499 kr.<br>Þú sparar 1.500 kr. | SÓDAVATNSTÆKI<br>Ýmsir litir, frítt bragðefni fylgir með.<br>Tilboð 19.990 kr.<br>Stál, frítt bragðefni fylgir með.<br>Tilboð 22.990 kr. | KÆLITASKA<br>36X36X42CM<br>25% afsláttur<br>Verð áður 2.675 kr.<br>Tilboð 1.999 kr. |
| VASALJÓS LED M/BATTERÍUM<br>43% afsláttur<br>Tilboð 750 kr. | CLOER KAFFIVÉL M/TÍMASTILLI<br>33% afsláttur<br>Tilboð 8.499 kr.<br>Þú sparar 4.139 kr. | STAFRÆN ELDHÚSVOG<br>33% afsláttur<br>Tilboð 3.997 kr.<br>Þú sparar 2.000 kr | ÖLL EVA KÖKUFORM<br>15% afsláttur |
| ÚTVARP 2 VIÐARLITIR<br>35% afsláttur<br>Verð áður: 7.497 kr.<br>Tilboð 4.873 kr.<br>Þú sparar 2.624 kr | LOOK PANNA<br>26CM, DJÚP, TITANIUM HÚÐ<br>Tilboð 4.998 kr.<br>26CM, GRUNN, TITANIUM HÚÐ<br>Tilboð 4.640 kr. | KJÖTHITAMÆLIR<br>33% afsláttur<br>Tilboð 999 kr. | BAÐVOG<br>20% afsláttur<br>Tilboð 1.999 kr. |
| PRESSUKANNA 9 BOLLA<br>25% afsláttur<br>Verð áður: 3.997 kr.<br>Tilboð 2.997 kr.<br>Þú sparar 1.000 kr. | FERÐAFLAUTUKETILL<br>33% afsláttur<br>Tilboð 1.999 kr.<br>Þú sparar 1.000 kr | byggtogbúið Kringlunni 568 9400<br>www.byggtogbuid.is | |

# Sumarleikur

## Atlantsolíu

**Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is.**




## Einn viðskiptavinur á dag fær áfyllinguna endurgreidda!

Með því að nota dælulykilinn tekur þú sjálfkrafa þátt í **sumarleik Atlantsolíu.**
Dælulykillinn - lykill að **Sumarleik Atlantsolíu.**

Sumarleikurinn stendur til 3. ágúst.

PIPAR • SÍA • 91017



**ATLANTSOLIA**

Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is

**Hér færðu dælulykil >>** kemi akron Aðalskoðun MÁLNINGARVÖRUR EHF. AB VARAHLUTIR - ALLTAF BETRI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Þekkt viðbrögð við áfalli:

## Doði sem olli aðgerðaleysi

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Hrun bankanna, og fjármálakerfisins alls, í haust sem leið var mikið áfall fyrir þjóðina alla. Hún brást við eins og þekkt er í kjölfar áfalla með nokkurs konar doða daga og vikur eftir að áfallið dundi yfir. Smám saman hefur þorra almennings svo tekist að hrista af sér þennan doða og leitast við að halda áfram sínu sýsli eftir föngum. Hins vegar eru ekki allir svo lánsamir að eiga þess kost því hrunið hefur svo sannarlega snúið tilveru margra þannig á hvolf að fátt er nú sem áður var.

Hrunið var einnig áfall fyrir stjórnvöldin í landinu. Þau báru ábyrgð á því lagaumhverfi sem gerðu ofvöxt bankanna mögulegan og höfðu misserum saman skellt skollaeyrum við viðvörunarbjöllum sem hljómuðu æ háværar og þéttar. Stýrimenn þjóðarinnar höfðu meira að segja gengið svo langt að reyna með markvissum hætti að þagga niður í þessum óþægilegu bjöllum. Áfalladoðinn setti mark sitt verulega á þá sem við stjórnvölinn stóðu þegar hrunið dundi yfir og olli aðgerðaleysi sem orðið hefur þjóðinni dýrkeypt og raunar sér ekki enn fyrir endann á því tjóni sem aðgerðaleysið fyrstu vikurnar eftir hrunið olli.

Mats Josefsson, efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar um endurreisn bankakerfisins, segir í viðtali hér í blaðinu í dag að í hans augum sé það ráðgáta hvers vegna fjármálaráðherra vann ekki hraðar að lausnum eftir fall bankanna. Hann hafi verið ábyrgur fyrir kerfinu og þegar ríkið tók bankana yfir hafi hann orðið yfirmaður þeirra. „Því fylgir ábyrgð," segir Mats. „Ég hefði búist við að hann hefði þá gefið út leiðbeiningar eða áætlun um það hvernig bankarnir ættu að haga sér, breyta útlánastefnu þeirra, áhættustýringu og þess háttar. En stjórnvöld gerðu ekkert."

Josefsson bendir á að varasamt sé að reka bankana í núverandi mynd. Þeir séu reknir með milljarða tapi í hverjum mánuði vegna misvægis á eignastöðu gömlu og nýju bankanna sem myndaðist við uppskiptingu þeirra. „Þetta verður að stöðva," segir hann og bendir á að verkefnið sé ekki flókið, annaðhvort verði að auka tekjur eða draga úr útgjöldum. Að hans mati hefði þurft að grípa til þessara ráðstafana strax og ríkið tók við bönkunum en staðan sé þannig að enn hafi ekkert verið aðhafst og ekki sé sé einu sinni búið að ákveða í þaula hvernig bankakerfi muni verða hér á landi í framtíðinni. Þarna kemur til kasta þingsins og þess að ríkisstjórnin hafi þingmeirihluta til þess að koma málum í gegn með sannfærandi hætti.

Senn eru liðnir níu mánuðir frá hruni fjármálakerfisins. Áfalladoði gerði þá ríkisstjórn sem þá sat óstarfhæfa svo lengi að þolinmæði þjóðarinnar þraut.

Sú stjórn sem nú situr hefur vissulega unnið að stefnumörkun í efnahagsmálum og lausnum flókinna viðfangsefna. Þetta hefur þó tekið of langan tíma. Það er stórt verkefni að stýra samfélagi sem hefur gengið í gegnum eitthvert mesta efnahagshrun í manna minnum á heimsvísu. Því verður vitanlega að sýna skilning en jafnframt gera kröfu um að vinna þeirra sem kjörnir voru og tóku að sér verkefnið verði markviss og stefnumörkun í efnahagsmálum og uppbyggingu samfélagsins líti dagsins ljós á allra næstu vikum þannig að þjóðin komist út úr þokunni og hafi eftir einhverjum siglingaljósum að fara.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Öreigar allra landa

„Lofum hinum drottnandi stéttum að skjálfa fyrir kommúnistabyltingu. Þar hafa öreigarnir engu að týna nema hlekkjunum. Þeir eiga heilan heim að vinna. Öreigar allra landa, sameinizt!" Þetta textabrot er birt á baksíðu Kommúnistaávarpsins eftir Friedrich Engels og Karl Marx, einu áhrifamesta riti seinni tíma, sem var endurútgefið á vegum Lærdómsrita bókmenntafélagsins í árslok 2008.




### Í boði Landsbankans

Athygli vekur að á titilsíðunni má sjá kennimerki Landsbankans, en hann var um skeið sérstakur bakhjarl Lærdómsritanna. Eftir hrunið þegar Landsbankinn fór í ríkiseigu fór samningurinn við Lærdómsritin út um þúfur. Fyrir kaldhæðni örlaganna reyndist svanasöngur gamla Landsbankans á sviði bókaútgáfu því vera sjálft Kommúnistaávarpið.

### Þangað leitar klárinn…

Mótmælendur hafa mótmælt Icesave-samningunum á Austurvelli undanfarna daga. Í hópi þeirra sem veifuðu mótmælaspjöldum og steyttu hnefa að Alþingi á mánudag mátti meðal annars sjá tvo kunna róttæklinga, þá Véstein Valgarðsson og Þorvald Þorvaldsson, oft nefndur Albaníu-Valdi. Athugulir menn veittu því athygli að þegar Vésteinn og Þorvaldur höfðu mótmælt fylli sína skunduðu þeir með skiltin inn á skrifstofur Vinstri grænna. Það er forvitnilegt í ljósi þess að Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og formaður Vinstri grænna, hefur borið hitann og þungann af Icesave-samningunum.



bergsteinn@frettabladid.is

## Löglegt? Siðlegt?



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Að borga eða borga ekki

Lárus Blöndal hæstaréttarlögmaður og Stefán Már Stefánsson prófessor hafa í nokkrum greinum í Morgunblaðinu fært rök að því, að Íslendingum beri ekki lagaskylda til að axla IceSave-ábyrgðirnar og að Alþingi eigi því að hafna samningi fjármálaráðherra við Breta og Hollendinga um greiðslur vegna ábyrgðanna. Þeir Lárus og Stefán Már hafa lýst eftir rökstuðningi fyrir því, að íslenzka ríkinu beri að lögum að efla Tryggingasjóð innlána umfram lögbundið lágmark og greiða ábyrgðirnar, en þau rök hafa ekki komið fram, segja þeir, hvorki innan þings né utan. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari og Sigurður Líndal prófessor hafa líkt og Lárus og Stefán Már lýst þeirri skoðun í fjölmiðlum, að rétt væri að vísa málinu til dómstóla.

Hvers vegna telja þjóðir Evrópu, að Íslendingum beri að greiða þessar ábyrgðir? Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum utanríkisráðherra, hefur svarað spurningunni skýrt í DV: „… meginástæðan fyrir því að ekki var hægt að fara með málið fyrir dóm var sú að ekki mátti leika vafi á að innistæður væru tryggðar. Ef menn féllust á að fá úr því skorið fyrir dómi mundi skapast réttaróvissa um það hvort innistæðutryggingar væru í gildi. Þar með hefði innistæðueigandi á Spáni, í Frakklandi eða annars staðar fengið tilefni til að efast um tryggingarnar og tekið út sparifé sitt. Slík réttaróvissa er óhugsandi." Þetta sjónarmið er skiljanlegt af sjónarhóli Evrópuþjóðanna og verður ekki vefengt.

### Orð skulu standa

Í skýrslu sinni handa utanríkisráðuneytinu bendir Jakob Möller hæstaréttarlögmaður einnig á, að ítrekaðar yfirlýsingar íslenzkra stjórnvalda um, að staðið yrði við skuldbindingar íslenzku bankanna samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins um tryggingasjóði, bindi hendur stjórnvalda og samningar séu því nauðsynlegir og dómstólaleiðin komi af þeim sökum ekki til álita. Þetta sjónarmið verður ekki heldur vefengt. Hver vill vitandi vits eiga viðskipti við mann, sem er þekktur að því að víkja sér undan að efna gefin loforð með þeim rökum, að honum beri ekki lagaskylda til þess?

### Sjónarmið Breta

Hugsum okkur, að úr því fengist skorið fyrir rétti, að Íslendingum bæri ekki lagaskylda til að greiða IceSave-ábyrgðirnar. Myndu Bretar þá með fulltingi annarra Evrópuþjóða falla frá kröfum sínum á hendur Íslendingum? Svarið er nei, eindregið nei. Krafa Breta væri þá siðferðileg frekar en lagaleg.

Skoðum ábyrgð Íslendinga á málefnum Landsbankans af sjónarhóli Breta. Ríkisstjórn Íslands seldi fyrir fáeinum árum ráðandi hlut í Landsbankanum í hendur feðgum tveim við þriðja mann. Faðirinn, Björgólfur Guðmundsson, gerðist formaður bankastjórnarinnar og gerði framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins að varaformanni sínum. Björgólfur eldri hafði þá sérstöðu meðal hugsanlegra kaupenda Landsbankans, að hann hafði fengið skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir bókhaldsbrot. Virt erlend dagblöð, þar á meðal Financial Times og Guardian á Bretlandi og Welt am Sonntag í Þýzkalandi, hafa velt vöngum yfir umsvifum Björgólfs Thors Björgólfssonar í Búlgaríu og annars staðar og hugsanlegum tengslum hans og því um leið Landsbankans við rússneska auðmenn. Þrálátur orðrómur um fjárböðun íslenzkra banka fyrir rússneska auðkýfinga horfir nú öðruvísi við en áður. Íslendingar og umheimurinn eiga heimtingu á að fá að vita, hvort orðrómurinn á við rök að styðjast. Aðrar þjóðir hljóta að þurfa að fá að læra af mistökum íslenzkra banka og stjórnvalda, enda hafa þær ákveðið að rétta Íslandi hjálparhönd í gegnum Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Rannsóknarnefnd Alþingis og sérstakur saksóknari hljóta að taka þessa hlið málsins til vandlegrar skoðunar.

### Í góðri trú

Bretar væru hirðulausir um eigin hag, ef þeir hefðu ekki kynnt sér sögu Landsbankans og feril eigenda hans. Leyniþjónusta Hennar hátignar fer létt með slíkt. Ríkisstjórn Íslands vandaði ekki vel til einkavæðingar Landsbankans. Gögn, sem forsætisráðuneytið hefur nú birt, taka af öll tvímæli um það. Íslenzkir ráðamenn voru sumir í vel þekktu vinfengi við Landsbankafeðgana. Forsætisráðherra sagðist reyna að hitta soninn í hvert sinn, sem hann kæmi til Íslands. Seta framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins við hlið Björgólfs eldra í bankaráðinu sendi sömu skilaboð. Bankastjórarnir sögðust hafa ríkisábyrgð. Stjórnvöld sögðust fram að hruni mundu styðja við bankana, ef á þyrfti að halda. Viðskiptavinir Landsbankans á Bretlandi voru því í góðri trú. Þess vegna kunna Bretar og aðrir að líta svo á, að Íslendingum beri siðferðileg skylda til að axla ábyrgð á Landsbankanum hvað sem lögunum líður.

## Væri það ofrausn?

UMRÆÐAN

Þorleifur Gunnlaugsson skrifar um málefni hælisleitenda



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Málefni hælisleitenda hafa verið í miklum ólestri á Íslandi. Það kvað þó við nýjan tón þegar Ragna Árnadóttir tók við embætti dómsmálaráðherra og eftir því var tekið þegar hún stöðvaði brottvísun sex flóttamanna til Grikklands á dögunum og í framhaldinu fengu flóttamennirnir réttlátari meðferð.

Það voru því vonbrigði þegar dómsmálaráðuneytið sendi nýlega frá sér skýrslu þar sem mælt var með því að þeir sem það á við og komu hingað í gegnum Grikkland verði sendir þangað aftur. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur síðan í apríl 2008 hvatt til þess að flóttamenn yrðu ekki sendir þangað vegna þess að í Grikklandi sé hlutfall þeirra sem fá hæli mjög lágt, langur meðferðartími og óvönduð málsmeðferð og aðbúnaður víða svo slæmur að margir hælisleitendur lendi á götunni og neyðist til athafna sem skaði málstað þeirra.

Í málefnaskrá ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að málefni hælisleitenda verði endurskoðuð með það að markmiði að færa þau í mannúðlegra horf. Nú er að störfum nefnd sem vinnur að tillögugerð sem ríkisstjórnin getur nýtt sér til breytinga á lögum og reglugerðum. Vonandi munum við þá fá að upplifa það að tekið verði á málefnum hælisleitenda á þann hátt sem við vildum sjálf reyna, ef við lentum í sömu stöðu.

Á meðan beðið er eftir þessu er mál 6 hælisleitenda sem komu frá Grikklandi í uppnámi. Þau hafa beðið hér í 9 til 13 mánuði í daglegri óvissu um niðurstöðu yfirvalda. Þau hafa myndað tengsl, eignast vini og efnt til tilfinningasambanda og þau óska eftir því að fá að vera hér áfram. Tveir eru frá Írak og tveir frá Afganistan. Frá löndum sem Ísland hefur herjað á.

Er það ofrausn af hálfu vinstri stjórnarinnar að veita hæli, örfáum einstaklingum sem beðið hafa hér alltof lengi og hrakist hafa frá heimalöndum sínum vegna hernaðar sem Ísland ber sína ábyrgð á?

*Höfundur er borgarfulltrúi VG.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# „... sko, launþegar landsins voru ábyrgir!“

**UMRÆÐAN**

Vigdís Hauksdóttir skrifar um stöðu lífeyrissjóðanna

Stjórnvöld eru í afneitun um stöðu lífeyrissjóðanna í landinu. Er ég spurði fjármálaráðherra í utandagskrárumræðu á Alþingi út í stöðu lífeyrissjóðanna var greinilegt hvaðan hann hafði sínar upplýsingar. Beint frá lífeyrissjóðunum sjálfum og samtökum þeirra. Steingrímur J. sannaði þarna að hann er vinnuþjarkur auðvaldsins og spillingaraflanna – hann er ekki fjármálaráðherra allra landsmanna enda ráðherra í skuggaríkisstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ég innti hann eftir því hvort sjóðurinn hafi farið fram á við íslensk stjórnvöld að lífeyrissjóðir landsmanna yrðu þjóðnýttir, en það er vinnuregla hjá sjóðnum þegar hann kemur ríkjum til aðstoðar, þar sem á annað borð er einhver vísir af lífeyrissjóðum. Ráðherrann taldi það af og frá, af og frá, honum bauð meira að segja „svo í grun, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn meti einmitt styrk íslenska lífeyriskerfisins og sérstaklega vænt tekjustreymi ríkis- og sveitarfélaga með vaxandi útgreiðslum séreignarsparnaðar á komandi árum sem eina okkar styrkustu stoð til að ráða við efnahagsáfallið og skuldirnar sem nú lenda á ríkissjóði og sveitarfélögum,“ Er Steingrímur skyggn? Auðvitað hafa lífeyrissjóðirnir komið til tals á fundum landsstjórans og ráðherra hans. Auðvitað sér Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn að nútíðar- og framtíðartekjur eru stöðugar og innstreymi í lífeyrissjóðina gott og því upplagt að líta ágirndaraugum til vænts tekjustreymis með vaxandi útgreiðslum séreignarsparnaðar með tilheyrandi skatttekjum sem renna í erlent skuldafen ríkisins.



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

Þessi sýn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins breytir því ekki að staða lífeyrissjóðanna er slæm og jafnvel áttaði sjóðurinn sig á að búið var að útrásarnýta lífeyrissjóðina í þágu þeirra sem hreinsuðu bankana. Gríp ég hér í viðtal við Björgólf Thor Björgólfsson sem Kompás átti við hann 27. október 2008. Þar eru þeir Kristinn Hrafnsson að ræða hugsanlega fyrirgreiðslu að upphæð 500 milljónir evra, eða 90 milljarða íslenskra króna á genginu 180, til Landsbankans til að koma Icesave úr landi. Kristinn spyr hann hvaða tryggingar að upphæð 2.500 milljónir evra Landsbankamenn ætluðu að reiða fram ef Seðlabankinn hefði lánað þeim. Björgólfur segir: „Ríkisskuldabréf, bæði íslensk, þýsk og erlend. Þetta voru sterkustu tryggingar sem um var að ræða. Þarna var um að ræða greiðslur sem lífeyrissjóðir Íslands áttu að láta af hendi upp á 500 milljónir evrur, sem að sko launþegar landsins voru ábyrgir að greiða, þar var ekki hægt að hugsa sér það betra.“ Þar höfum við það kæru landsmenn – launþegar voru og eru veðsettir lóðrétt og lárétt án þess að hafa hugmynd um það.

Nú hefur verið boðað að um miðjan júlí verði nýju bankarnir stofnaðir. Krafa almennings er að uppgjöri lífeyrissjóðanna verði lokið á sama tíma. Málefni bankanna og lífeyrissjóðanna eru svo samtvinnuð að ófært er að ljúka ekki uppgjöri beggja á sama tíma. Ef það verður ekki gert þá er augljóst í hvað stefnir, nefnilega þá staðreynd að lífeyrissjóðirnir afskrifi galnar áhættufjárfestingar sínar á mörgum árum til að breiða yfir gríðarlegt tjón sem sjóðsfélagar hafa orðið fyrir. Lífeyrissjóðirnir geta einfaldlega ekki komið að uppbyggingarstarfi hér á landi fyrr en fullnaðaruppgjöri þeirra er lokið.

*Höfundur er lögfræðingur og þingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.*

# Sóknarskýrsla

**UMRÆÐAN**

Magnús Orri Schram skrifar um umhverfis- og atvinnumál

Verndun umhverfisins á að vera helsta baráttumál atvinnulífsins á Íslandi. Sóknarfæri okkar í atvinnumálum liggja flest á þeim sviðum þar sem ímynd landsins og náttúra gegnir lykilhlutverki í verðmætasköpuninni. Þar mætti nefna ferðaþjónustu eða útflutning á sjávarafurðum.



MAGNÚS ORRI SCHRAM

Umhverfismál eru því atvinnumál í hinu nýja Íslandi sem við erum að móta. Slík nálgun gerir hins vegar kröfur til þeirra sem vilja frekar horfa til verndunar umhverfis en virkjana eða annarra stórframkvæmda. Umhverfissinnar verða að tala tungumáli atvinnulífsins og mæta virkjunarsinnum á þeirra leikvelli en rætt er um störf, afleidd störf eða arðsemi. Ef unnendur náttúrunnar vilja hafa betur í orðræðunni verða þeir að hætta að tala um tilfinningar eða varpa upp mynd af fallegu landslagi og segja fólki að „finna sér eitthvað að gera“. Nú þurfa „mussuklæddir íbúar í 101“ (umhverfissinnar) að fara að tala um arðsemi og vísa þá til fjármuna en ekki verndunar.

Ráðuneyti umhverfismála hefur nú fengið frábært tæki til að taka forystu í þessum málum. Nýlega var kynnt viðamikil skýrsla sem leggur fram margvíslegar tillögur um hvernig hægt er að minnka mengun hér á landi og þær tillögur svo kostnaðargreindar. Kannað er semsagt í hvaða geirum (til dæmis fiskveiðum eða samgöngum) helst eigi að bera niður til að minnka mengun og hvað slíkar aðgerðir hafa í för með sér í tekjum og gjöldum.

Skýrsla þessi er lykilplagg og í raun getur hún markað upphaf gríðarlegrar sóknar á sviði umhverfismála. Vilji Ísland setja sér háleit markmið í verndun umhverfisins og skapa sér þannig sérstöðu erlendis, er hér komið fram plagg sem getur reynst grundvöllur sóknar á sviði umhverfis- og um leið atvinnumála. Nú er boltinn hjá ráðuneyti umhverfis. Nú bíðum við unnendur íslensks atvinnulífs spenntir eftir aðgerðaplani sem byggir á skýrslunni, sem nefna ætti „sóknarskýrslu“ í íslensku atvinnulífi.

*Höfundur er alþingismaður.*




# Allt fyrir útileguna!




**1.990**

Vnr. 87978050

**Kælipoki**

Kælipoki, 32 l, með fellikörfu.

FRÁBÆR LAUSN Í ÚTILEGUNA!






**5.990**

Vnr. 88015952

**Tjald**

Tjald, 3ja manna.

Vnr. 87976520

**Kælibox**

Kælibox 30 l, 12V.

**10.900**

## Aukahlutir með kæliboxum

Vnr.87987980

**Afhleðsla**

Afhleiðslu öryggi fyrir kælibox.



**1.990**

Vnr.88015712

**Framlengingar-snúra**

Framlengingarsnúra fyrir 12V, 4m. Hentar vel fyrir kælibox.



**1.290**



Vnr.41879311

**Straumbreytir**

Straumbreytir 230V í 12V.

**2.990**



Vnr.41879312

**Straumbreytir**

Straumbreytir 12V í 230V.

**6.990**

Fullt verð: 8.690

## Aukahlutir fyrir tjöld



Vnr. 88078134

**Tjaldteygjur**

Tjaldteygjur,10 stk.

**299**



Vnr. 88078117

**Stagbönd**

Stagbönd, 3 mm/3m, 4 stk.

**399**



Vnr. 88078106

**Tjaldhælar**

Tjaldhælar, járn, 23 cm, 10 stk.

**599**

**Stólar fyrir börnin**





Vnr. 88098157-8

**Útilegustóll**

Útilegustóll, grænn eða blár.

**1.490**



Vnr. 88012341/4

**Vindsæng**

Vindsæng 76x190x20 cm eða tvöföld 137x190x13 cm.

Verð frá

**1.990**

ÓDÝRT

Vnr.88015964/6

**Tjalddýna** **590**

Tjalddýna, svört eða ljósblá.





Vnr.88015972/4

**Svefnpoki** **2.990**

Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár. Stærð: 200x80 cm

EXPO · www.expo.is



# Frábær kælibox í mörgum stærðum og gerðum

Vnr.87741715
**Kælibox** 4.990
Kælibox án rafmagns, 30 l.



Vnr.87750200
**Kæligel**
Kæligel 2x400 g, endist í 12 klt.
Fæst tilbúið frosið í verslunum BYKO Breidd, Kauptúni, Granda og Akureyri
290



Vnr.87977171
**Kælibox** 18.990
Kælibox með rafmagni, 12V, 45l.



4.990

Vnr. 50632113
**Kolagrill**
ELEGANT UNION KETTLE ferða-kolagrill. Hægt er að leggja fætur undir grillið.



Vnr. 88002156/7
**Útilegu-borð**
Útileguborð, samanbrjótanlegt 70x70 cm eða 142x70 cm, ál.
**Verð frá:**
6.990



HREINSIR OG KLÓSETTPAPPÍR FYIRIR FERÐAKLÓSETT

Vnr. 87977157
**Ferða-klósett** 9.990
Ferðaklósett 20 l.



Vnr. 87991320
**Pottasett** 2.490
Ferðapottasett, 6 hlutir.



Vnr.87991510
**Gashellur** 12.990
Gashellur, 2 hellur án gasvara.

# Úrval af ferðagrillum!



9.900

Vnr. 50632105
**Ferðagrill**
MR GRILL ferðagasgrill, grillflötur30x37 cm, efri grind, hitadreifiplata. Þrýstijafnari og slanga fylgja. Hægt að nota við flestar gerðir gaskúta. 2,6 kW.

3x VILDARPUNKTA

## Sumarleikur
**BYKO og Rásar 2**

Allir sem versla í BYKO geta tekið þátt í sumarleik með því að setja nafn sitt í pott.
Dregið út alla föstudaga.

**til 3. júlí**



Aðalvinningur að verðmæti 136.900 kr. ásamt 100.000 kr. inneign hjá BYKO.

í beinni
á Rás 2



Vnr.50020004-12
**Gönguskór**
NEBRASKA gönguskór, stærð 36-46, flottir í útileguna og gönguferðirnar, fæst í BYKO Kauptúni og Selfossi.
11.990



Vnr.50020036-46
**Gönguskór**
ALBATRPS gönguskór, stærð 36-46, flottir í útileguna og gönguferðirnar, fæst í BYKO Breidd og Granda.
9.990

BYKO

# Vanhæf ríkisstjórn

**UMRÆÐAN**
Rúna Hjaltested Guðmundsdóttir skrifar um íslenskt samfélag


RÚNA HJALTESTED GUÐMUNDSDÓTTIR

Það ætlar að reynast erfitt að fá nægilega hæft fólk til starfa hvort heldur er í ríkisstjórn eða á Alþingi, að undanskildum örfáum einstaklingum. Maður skyldi ætla að meginmarkmið kjörinna fulltrúa þjóðarinnar fælust í því að vernda hagsmuni hennar og vinna að þjóðarheill, en það er hvorki að sjá á núverandi ríkisstjórn né þeirri sem á undan sat. Stjórnmálamenn hafa gefið eignir þjóðarinnar vinum sínum, komið þeim og sjálfum sér í þægilegar stöður. Þeir hafa ekki þurft að standa skil eða bera ábyrgð á einu eða neinu og almennt hegðað sér eins og í spilltu herforingjaríki. Núverandi ríkisstjórn er samansafn af undirlægjum og virðist tilbúin að gefa landið! Útrásarmafían, stjórnmálamenn og embættismenn hafa komist upp með það of lengi að vera hinir „ósnertanlegu“. Grundvöllur stjórnkerfisins er brostinn vegna vanhæfis þeirra sem standa að því.

Á Íslandi hafa óhæfir og spilltir stjórnmálamenn gert það sem þeim hefur sýnst. Þeir þvæla á óskiljanlegu máli, ekki verið látnir svara fyrir verk sín og virðast ekki gera sér grein fyrir því að þeir eru ekkert annað en starfsmenn þjóðarinnar. Samkvæmt því ætti að vera hægur vandi að láta þá fara frá ef þeir standa sig ekki í starfi. En vegna lítils aðhalds þá hafa stjórnmálamenn alltaf getað treyst á það að komast upp með næstum hvað sem er – menn bíða í viku og þá er allt gleymt. Fjölmiðlar hafa alls ekki staðið sig eins og skyldi, þeir hafa ekki vakað yfir þjóðmálunum. Það þarf að vakta þjóðmálin – ekki bara í einn dag, heldur alla daga og stundum vikur eða mánuði. Það er of algengt að of ungt fólk gegni fréttamannastörfum, látið fást við reynda stjórnmálamenn sem það ræður ekkert við. Hvergi hef ég séð á erlendum fréttastöðvum unga krakka í slíkum störfum, þeir fréttamenn sem fást við harðvítuga stjórnmálamenn eru yfirleitt þroskað og reynt fólk. En á Íslandi virðast allir geta orðið fjölmiðlamenn og greinilegt að of litlar kröfur um hæfi eða þroska eru gerðar. Enda kannski aðhaldið eftir því.

Að einhverju leyti ber nú þjóðin líka ábyrgð á ástandinu, því að sömu karlar/konur hafa verið kosnir aftur og aftur og þjóðin gerir afar litlar kröfur um það hvers konar karlar/konur veljast til starfans. Íslendingar gagnrýna mikið á öruggum stöðum eins og innan veggja heimila, en gera allt of lítið af því að sýna andúð t.d. með fjölmennum mótmælum eða skrifum. Líklega má telja tvær ástæður vera fyrir því – í fyrsta lagi ótti manna við hefndaraðgerðir þeirra sem fyrir gagnrýninni verða og í öðru lagi má nefna þá skoðanakúgun sem hér á landi hefur ríkt, sem felst í því að aðeins ákveðnar skoðanir mega heyrast. Gott dæmi um slíkt eru innflytjendamál. Ekki mega heyrast áhyggjur manna um þau mál, þá er umsvifalaust þaggað niður í mönnum með því að kalla þá kynþáttahatara. Einnig er vert að hugsa um það hvort uppeldi okkar hefur ekki miðast of mikið við það að kenna okkur að vera ekki að gagnrýna of mikið, því þá erum við bara neikvæð og það er hrikalega slæmt.

En gagnrýni er bæði holl og algerlega nauðsynleg til framfara í þjóðfélögum. Gagnrýni er nauðsynleg til að veita t.d. stjórnvöldum aðhald og ekki síst til að koma í veg fyrir spillingu. Líklegt þykir mér að mönnum finnist nú að betra hefði verið að vera „neikvæðir“ og veita aðhald, en vera „jákvæðir“ og loka augunum fyrir raunveruleikanum á sínum tíma. Eftirhyggja er „dásamlegt“ fyrirbæri!

*Höfundur er sagnfræðingur.*




# Í takt við breytta tíma

**UMRÆÐAN**
Guðrún Erla Geirsdóttir (Gerla) skrifar um nýjan borgarlistamann


GUÐRÚN ERLA GEIRSDÓTTIR

Í framhaldi af fjármálahruninu hefur átt sér stað umræða um mikilvægi íslenskrar hönnunar fyrir innlenda framleiðslu. Í nokkur ár lagði Reykjavíkurborg sitt af mörkum til að efla hönnuði og handverksfólk með styrkjum, sem úthlutað var af atvinnu- og ferðamálanefnd. Meðal þeirra sem styrki hlutu voru Kirsuberjatréð, Spakmannsspjarir og Húfur sem hlæja. Nefndin var lögð niður eftir að málefni atvinnulausra voru færð frá sveitarfélögum til ríkisins og við það hurfu styrkirnir. Í breyttu samfélagi er þörf á að taka til endurskoðunar áherslur sem töldust góðar og gildar í einstaklingshyggjuþjóðfélaginu sem við lifðum í. Að veita fjármagni til hönnunarverkefna er eitt af því sem æskilegt væri að borgin tæki upp að nýju. Með því legði hún sitt af mörkum til að stuðla að uppbyggingu sprotafyrirtækja. Víst er að sjóður sem hönnuðir og handíðafólk gætu sótt um styrki til fyrir afmörkuð verkefni mundi skila góðum árangri í formi nýrra atvinnutækifæra.

Í ár var borgarlistamaður Reykjavíkur útnefndur í þrítugasta sinn. Fulltrúar BÍL og SÍM í menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkur bókuðu að þeir teldu að í stað þess að velja hönnuð sem borgarlistamann væri eðlilegra að vera með sérstök hönnunarverðlaun. Hugmyndin að velja einnig hönnuð er frá undirritaðri komin, og mun ég leggja fram formlega tillögu um það að loknu sumarfríi borgarstjórnar. Innan vébanda Bandalags íslenskra listamanna eru þrjú þúsund manns sem starfa við hinar fjölbreyttustu listgreinar í fjórtán fagfélögum. Borgarlistamenn hafa m.a. komið úr röðum tónskálda, myndlistarmanna og rithöfunda. Aðeins einu sinni hefur leikhúslistamaður hlotið þennan heiður. Víst er að nokkrir úr hópi þeirra leikara sem í áratugi hafa sýnt frábæran árangur á sviði og í kvikmyndum væru vel að titlinum komnir. Það sama á við um reykvíska myndlistarmenn sem gert hafa garðinn frægan, t.d. á Feneyjatvíæringnum, sem og listamenn úr öðrum greinum svo sem óperusöngvara og dansara.

Á engan hátt er kastað rýrð á hönnuði þegar fulltrúar BÍL og SÍM lýsa þeirri skoðun að borgarlistamaður skuli vera úr röðum listamanna. Þvert á móti eru þeir sammála undirritaðri um að hönnun sé mjög mikilvæg. Svo mikilvæg og vaxandi grein að það sé ekki nema sanngjarnt að hönnuðir geti gengið að því vísu að einn úr þeirra hópi verði valinn til þess að taka við heiðursviðurkenningu borgarinnar árlega. Með framlaginu mundu borgaryfirvöld sýna á táknrænan hátt að hönnun er metin að verðleikum. En íslenskir hönnuðir hafa hlotið viðurkenningar og verðlaun erlendis ekki aðeins fyrir tískufatnað, heldur einnig húsgögn, húsmuni, stoðtæki, fiskivogir, flæðilínur og auglýsingar.

*Að veita fjármagni til hönnunarverkefna er eitt af því sem æskilegt væri að borgin tæki upp að nýju. Með því legði hún sitt af mörkum til að stuðla að uppbyggingu sprotafyrirtækja.*

*Höfundur er myndlistar- og listfræðimenntaður varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*

# Nýstárleg verkaskipting

**UMRÆÐAN**
Einar K. Guðfinnsson skrifar um ríkisstjórnina


EINAR K. GUÐFINNSSON

Flestir þekkja hina hefðbundnu verkaskiptingu í stjórnarráðinu, sem markast af ráðuneytunum. En núna hefur hins vegar verið fitjað upp á nýrri tegund af verkaskiptingu, sem er að taka á sig skýrari mynd eftir því sem vikunum í stjórnarsamstarfi Vinstri grænna og Samfylkingar vindur fram.

Þessi nýja verkaskipting gengur í sem skemmstu máli út á að ráðherrar skiptast á að lýsa yfir andstöðu sinni við helstu mál ríkisstjórnarinnar. Nú þegar hafa tveir tilteknir ráðherrar greint frá andstöðu sinni við tvö af stærstu málum stjórnarinnar og aðeins mánuður að baki í endurnýjuðu stjórnarsamstarfi flokkanna. Þetta er efnilegt og lofar miklu um framhaldið.

Nú bíðum við þess að fleiri ráðherrar stígi fram á völlinn og marki sér sess. Að hverjum er nú röðin komin í þessari nýju verkaskiptingarhringekju sem leikin er í ríkisstjórninni? Ögmundur Jónasson og Jón Bjarnason hafa tæplega einkarétt á þessum hlutverkum. Hvaða ráðherrar búa sér til sérstöðu í niðurskurðartillögum, við fjárlagagerð, eða við nýja og niðurskorna samgönguáætlun? Þetta er verklagið og við öllu er nú að búast. Ætla til dæmis ráðherrar Samfylkingarinnar ekki að taka til við álíka takta?

Þetta hófst allt með ESB-tillögunni, sem utanríkisráðherrann flutti. Og áður en sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherrann hafði almennilega mátað sig í ráðherrastólinn sinn hafði hann afneitað tillögunni þrisvar. Síðastliðinn þriðjudag bætti hann svo um betur og fór um hana hinum háðuglegustu orðum í útvarpinu.

Næstur á svið í þessum farsa var svo heilbrigðisráðherrann. Kaflinn í verkinu þar sem hann kemur við sögu er hvorki meira né minna en sjálft Icesave-málið; fjárhagsleg skuldbinding fyrir hönd þjóðarinnar upp á 600 til 700 milljarða króna. Ráðherrann hefur farið um það mál hinum hörðustu orðum.

Þá lítur þetta svona út með verkaskiptinguna þegar hér er komið sögu: Ögmundur er á móti Icesave, en með ESB. Jón er á móti ESB en með Icesave! Svo bíðum við eftir nýjum útfærslum, með nýjum þátttakendum, í þessum sýndarleik.

Það eiga svo þessi mál sameiginlegt að með ráðherrunum í för er hópur svonefndra stjórnarþingmanna sem með sama hætti vill að þessi meginfrumvörp ríkisstjórnarinnar hljóti hraklegan endi og verði að lokum felld á Alþingi. Flóknara er það ekki.

Og nú er farið að tala um þessa makalausu stöðu sem eitthvert sérstakt tákn um ný og lýðræðisleg vinnubrögð. Heyr á endemi! Dettur einhverjum í hug að það sé til marks um ný eða lýðræðisleg vinnubrögð þegar ríkisstjórn er með allt niður um sig í sínum stærstu málum eins og hér blasa við allri þjóðinni? Eða hvernig má það vera að þeim mun meiri sem tætingsbragurinn sé á málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar, standi lýðræðið í landinu styrkari fótum?

*Þessi nýja verkaskipting gengur í sem skemmstu máli út á að ráðherrar skiptast á að lýsa yfir andstöðu sinni við helstu mál ríkisstjórnarinnar.*

*Höfundur er alþingismaður.*

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**SULTUGERÐ** brestur senn á. Það er því ekki seinna vænna að fara að safna krukkum fyrir haustið. Þvoið og geymið krukkur í stað þess að henda.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447












Nornakjóllinn hennar Ingibjargar Reynisdóttur leikkonu, sem hún tók ástfóstri við í Danmörku, hentar karakter hennar vel að eigin sögn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eftirlætiskjóllinn hefur verið notaður í ellefu ár

**Leikkonan Ingibjörg Reynisdóttir er allajafna litaglöð týpa en svarti kjóllinn sem hún keypti sér þegar hún var í leiklistarnámi í Danmörku er þó notaður jafnt og þétt, jafnt hversdags sem við fínni tilefni.**

„Skólinn sem ég stundaði leiklistarnámið í stóð við litla, þrönga listagötu, Tegärdsstræde, en búðin sem ég keypti kjólinn í, Rodger, var á horninu á henni og þar var hægt að kaupa ný og notuð föt," segir Ingibjörg og bætir við að hún hafi haft gaman af því að grúska inni í þeirri búð því í eðli sínu sé hún grúskari. „Ég kaupi yfirleitt fötin mín þar sem ég ramba hreinlega inn, pæli ekkert í merkjavörum svona almennt séð og veit sjaldnast hvað búðirnar heita."

Kjóllinn hefur fylgt Ingibjörgu æ síðan hún bjó úti í Danmörku en hún segir hann henta einkar vel að því leytinu að hún geti notað hann í mjög fín boð sem og frjálslegri partí og geti bæði virkað hversdags og fínt. „Það er smá nornastemning í honum. Ég er dálítill groddi sjálf, frekar lítil perlufestatýpa, og er því fyrir svolítið gróf föt. Kjóllinn lýsir því algerlega mínum karakter."

Ingibjörg er oft klædd mjög litríkum fötum og leiðist að vera svarta týpan þannig að svarti liturinn segir lítið um restina af litapallettunni í fataskápnum. „Í gær var ég í gulum stígvélum með rauðum blómum á og ég fer ekki inn í búðir sem eru svartar og gráar í gegn. Hvítt og svart er ekki ég. Hins vegar á ég mjög auðvelt með að nota fötin mín lengi og svo fremi líkamsþyngdin rokkar ekki og ég kemst í fötin, fer ég yfirleitt í þau og er alltaf jafn ánægð með þau."

*juliam@frettabladid.is*




**HÁRSKRAUT** og fatnaður eftir hönnuðinn Andre Lima voru meðal annars til sýnis á tískuvikunni í Sao Paulo sem er nýafstaðin. Þess má geta að vikan þykir einn merkasti viðburður í tískuheimi Suður-Ameríku.





Steinunn Vala byrjaði að hanna skartgripi sína í vetur í fríi frá arktitektastofu sem hún vinnur á.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hringirnir eru nú fáanlegir í öllum mögulegum litum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Byggingaverkfræðingur selur skartgripi sína í Epal

**Steinunn Vala Sigfúsdóttir byggingaverkfræðingur byrjaði í vor að hanna skartgripi sem urðu til sem verkefni í Prisma-námi í Listaháskólanum. Hringirnir spurðust fljótt út og nú fyrir helgi tók Epal þá í sölu.**

„Ég seldi hringina heiman frá mér til að byrja með en svo var ég farin að fá það margar fyrirspurnir að ég ákvað að reyna að koma þeim í sölu annars staðar frá," segir Steinunn sem margir kannast einnig við frá því að hún sinnti stigavörslu í Gettu betur.

Steinunn Vala er í leyfi frá arkitektastofunni Batteríið en hún á von á sér eftir fimm vikur. Í vetur ákvað hún að sækja Prisma-nám í Listaháskólanum og segir að námið hafi kveikt í henni og brotið niður múra þannig að hún ákvað að prófa að skapa eitthvað sem henni hafði aldrei dottið í hug að hún myndi gera. „Ég vann hringa fyrir verkefni í skólanum til að byrja með og valdi plastleirinn Femo sem efnivið, sem margir kannast við að hafa föndrað með þegar þeir voru litlir. Svo spurðist þetta út – einhver sá mig með minn hring – og ég ákvað að búa til hringa handa þeim sem sýndu áhuga." Eitt leiddi af öðru og Steinunn Vala opnaði heimasíðuna www.hringeftirhring.is með úrvali skartgripa sinna. Undanfarið hafa Nakti apinn og sveitabúðin Sóley, rétt utan við Selfoss, tekið við sölu hringanna og nú síðast bættist Epal á listann. „Jú, ég er voða montin af því að Epal vildi taka þá til sölu, þeir hafa verið mjög viljugir að leggja Íslendingum lið í að koma hönnun sinni á framfæri."

Hringarnir eru afar sérstakir útlits, rómantískir og fágaðir í senn og koma í ýmsum litum. „Vinsælustu litirnir eru þeir sem ég byrjaði upphaflega með, svartur og ljósbleikur. Nýjasti liturinn er svo ljósgrár sem mér finnst afskaplega fallegur og fer vel við silfurmuni. Með sumrinu bætti ég svo við mörgum litum svo sem grænu, kopar, fjólubláum, gulum, appelsínugulum og rauðum. Í upphafi var ég líka bara með eitt munstur en mynstrin eru fjögur núna," segir Steinunn en hún er einnig með hálsmen í þróun. Umbúðirnar eru gerðar úr endurnýttum bókum og ódýrum pappaöskjum og öllum kostnaði er haldið í lágmarki.

*juliam@frettabladid.is*













ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Blómamunstruð bikiní í skugga húðmeina

Útsölur hófust í gær og líklega hægt að gera góð kaup en samtök smásöluaðila í fatnaði segja að aðeins í maímánuði einum hafi sala dregist saman um tólf prósent frá 2008. Undanfarið hafa einkaútsölur staðið yfir hjá tískuhúsunum en þá gafst góðum viðskiptavinum færi á að gera góð kaup á undan hinum eiginlegu útsölum. Í erfiðu efnahagslegu árferði er af nógu að taka og því auðvelt að semja um afslátt ef rétt er á málum haldið án þess að hafa fengið boðskort eða vera í hópi bestu viðskiptavinanna. Það sérkennilega er þó að hjá fínustu tískuhúsunum er vetrartískan nú þegar á boðstólum. Til mikils er að vinna því ramadanmánuðurinn hjá múslimum færist fram á hverju ári og byrjar í ágúst og því koma viðskiptavinir frá Mið-Austurlöndum snemma í ár. Sömuleiðis versla ferðamenn talsvert yfir sumartímann fyrir komandi vetur. En fyrst er það sumarfríið.

Baðfötin í sumar eru einstaklega litrík. Því er ekki ólíklegt að sjá sundboli í gulrauðu, gulum eða rauðum litum, einnig er blátt og skærgrænt notað, reyndar í sömu litum og gallabuxur geta verið. Bikiní hafa verið á undanhaldi síðustu ár en eru oft úr munstruðu efni, sum dálítið hippaleg eins og allir síðu blómakjólarnir. Valið á baðfötum fer svo eftir því hvort að „megrun með bros á vör“ eða „grennast án fyrirhafnar“ heppnaðist eða ekki. Eða hvort nýju undrakremin grenna. Við strandfötin er svo ómissandi að eiga skó með korkhælum, jafnt á ströndina sem til að fara út á kvöldin. Sundföt eru á ýmsu verði eftir merkjum en í sumar er það Matthew Williamson sem hannar tískulínu fyrir H&M, meðal annars baðföt.

En tíðarandinn breytist og það nýjasta hvað varðar sumarfrí hér í landi er að forðast sólina og hlífa húðinni. Þetta má rekja til fjölda húðkrabbameinstilfella hjá ungu fólki sem hefur ofnotað sólina. Sömuleiðis er meira talað um hrukkumyndun af völdum sólargeisla. Með aukinni áherslu á heilbrigt líf og náttúrulegar- og lífrænar snyrtivörur er besta hrukkuvörnin að vera í skugga, stunda jóga og halda sínum hvíta lit. Fyrir þá sem ekki vilja sleppa því að liggja í sól dögum saman er nauðsynlegt að hafa rétta sólarkremið við hendina til að vinna gegn neikvæðum áhrifum sólarinnar. Margt er í boði og nýjar vörur á hverju vori sem eiga að næra húðina fyrir og eftir og á meðan á sólbaðinu stendur.

Sumarið 2009 á samt líklega eftir að lifa í minningu margra sem sumarið sem ekki varð komist í frí af völdum kreppunnar. Þeir munu líklega láta sér baðfatatísku og sólarkrem í léttu rúmi liggja og ekki einu sinni sleppa sér á sumarútsölunum.

*bergb75@free.fr*



Glansandi bleikar buxur og legghlífar við. Enginn toppar Lagerfeld í samspili efnis og forms.



Nýjabrumið í hönnun Chanel svíkur aldrei. Stórkostlegur efnismikill kragi og líningar.



Hreinræktuð Chanel-fágun.

Hinn dásamlegi sægræni Chanel-litur á dragt vetrarins.

# *Chanel kynnir haust- og vetrartískuna 2009*

**Spennan er alltaf söm á tískupöllunum þegar Chanel kynnir línu komandi vetrar. Tískuelítan í Tókíó sá nýjasta nýtt frá Karli Lagerfeld fyrir um viku síðan.**

„Chanel er, og verður, aldrei til án svarts litar. Hver getur lifað án svarts fatnaðar?“ sagði Karl Lagerfeld, aðalhönnuður Chanel, eitt sinn og hann svíkur ekki málstaðinn í ár frekar en áður. Með fylgja þó einnig klassískir litir úr Chanel-litapallettunni. Efnismiklir kragar eru málið í vetur.




**FÍFLAR** eru með stórkostlegri ókeypis skreytingum um þessar mundir. Tínið og setjið í vasa, bolla, krukkur og stillið upp á náttborðinu og úti í glugga.

























Einar Sveinsson segir fólk nýta svæðið heima hjá sér betur og spara frekar við sig í ferðalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekkert sparað á pallinn

**Íslendingar virðast ætla að eyða sumrinu á pallinum og eru margir í smíðahugleiðingum. Þótt stærð palla hafi minnkað hefur sala timburs í palla ekki dregist jafn mikið saman og annars byggingarefnis.**

„Fólk virðist nýta svæðið heima hjá sér betur og spara frekar við sig í ferðalögum og þess háttar," segir Einar Sveinsson, rekstrarstjóri sölu og þjónustu hjá Húsasmiðjunni. „Fólk virðist ekki spara í húsgögnum, grillum og öðru því sem það setur á pallinn."

Einar segir að sala efnis í palla hafi dregist mun minna saman heldur en annars byggingarefnis en að stærð pallanna hafi þó minnkað frá því sem verið hefur undanfarin ár. „Núna sættir fólk sig við að koma grillinu og húsgögnunum vel fyrir á pallinum. Margir velta því fyrir sér hvað þeir geti gert sjálfir og fá hjálp við það erfiðasta."

Aðspurður segir Einar að flestir smíði palla snemmsumars. „Smíðin byrjar strax eftir páska og er mest í maí og júní og stendur alveg út september," upplýsir hann og bætir við að flestir velji gagnvarða furu. „Þeir sem áður keyptu harðvið kaupa lerki núna sem er kannski 20 til 25 prósent dýrara heldur en furan. Lerkið er náttúrulega betra og sterkara efni heldur en furan og harðviður er lúxusinn."



Vatnspróf er auðveldasta leiðin til að finna út hvort viðarverja þarf pallinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Einar minnir á að mikilvægt sé að bera á bæði nýja palla og gamla. Þessu er Einar L. Ragnarsson, vörustjóri málningar og múrs og samstarfsfélagi Einars hjá Húsasmiðjunni, sammála. „Viðurinn í pallinum kallar á viðhald því stöðugt áreiti útfjólublárra geisla sólar, veðurs og vinda verður til þess að sólpallar sem fá ekki reglulegt viðhald upplitast, springa og verpast. Sólpallur sem fær reglulegt viðhald lítur ekki aðeins betur út heldur endist hann líka mun lengur."

Einar L. segir að vatnspróf sé auðveldasta leiðin til þess að finna út hvort viðarverja þarf pallinn. „Þetta er gert með því að sprauta vatni á pallinn. Ef yfirborðið drekkur vatnið strax í sig þarf að endurviðarverja pallinn. Framkvæmið vatnsprófið á nokkurra mánaða fresti til að ganga úr skugga um að pallurinn sé með vatnsvörn."

*martaf@frettabladid.is*








RISA garðyrkju- og blómasýningin
„Blóm í bæ“
Hveragerði 26. – 28. júní
Blómleg og lifandi skemmtun fyrir alla fjölskylduna!
Markaðsstemning
Blómaormur og köngulær
Smágarðar
Andlitsmálun
Hoppukastalar
Laukaball
Mat- og kryddjurtir
Þúsundir afskorinna blóma
Víkingabrúðkaup
Sýningin er opin:
Föstudaginn 26. júní kl. 15.00 – 20.00
Laugardaginn 27. júní kl. 12.00 – 18.00
Sunnudaginn 28. júní kl. 12.00 – 17.00
Aðgangur ókeypis alla dagana!
www.hveragerdi.is
BYKO
HÓTEL ÖRK
FÍLA
Landsvirkjun
SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA
HÚSASMIÐJAN
blómaval
Náttúran.is

# Verið velkomin í Blómabæinn Hveragerði

Það er okkur Hvergerðingum sérstakur heiður að bjóða landsmönnum til stórsýningarinnar Blóm í bæ sem haldin verður í bæjarfélaginu um komandi helgi. Enginn áhugamaður um gróður, garðyrkju og góða skemmtun ætti að láta þessa sýningu framhjá sér fara. Hér munu Hvergerðingar í samvinnu við öll fagfélög græna geirans á Íslandi bjóða landsmönnum til veglegrar veislu. Er þetta í fyrsta sinn sem haldin er sameiginleg sýning allra þessara aðila. Þrátt fyrir að um frumraun hér á landi sé að ræða eru slíkar sýningar vel þekktar erlendis og laða þær ævinlega að mikinn mannfjölda.



Áhugi á garðrækt og gróðri hefur aukist mikið undanfarin ár enda erum við Íslendingar sífellt að verða meðvitaðri um þá gleði og hugarró sem felst í því að rækta garðinn sinn. Fátt veitir meiri ánægju en að uppskera að hausti það sem til var sáð að vori og hlúð að yfir sumarið. Hér á Íslandi er sumarið stutt og því enn mikilvægara að nýta þessa fáu mánuði vel og njóta náttúrunnar eins vel og hægt er. Hvort sem garðræktin fer fram í kassa á svölunum, í skólagörðum eða í einkagarði þá er áhuginn sá sami og metnaðurinn til að ná árangri. Því teljum við að sýning eins og hér er blásið til sé löngu tímabær.

Afar góð samvinna hefur náðst milli Hveragerðisbæjar, fagfélaganna og hinna fjölmörgu styrktaraðila, bæði fyrirtækja og opinberra aðila sem með rausnarlegum hætti koma að sýningunni og fyrir það ber að þakka.

Dagskrá helgarinnar er fjölbreytt og metnaðarfull og ættu gestir ekki að verða sviknir af því að gera sér ferð til Hveragerðis um helgina. Stutt og skemmtileg ráðstefna um íslenska garðlist markar upphaf sýningarinnar föstudaginn 26. júní. Í kjölfarið er sýningarsvæðið opnað klukkan 16 og þar með hefst viðburðarík helgi í blómabænum.

Fyrir hönd íbúa Hveragerðisbæjar vil ég hér með bjóða landsmönnum öllum að heimsækja Hveragerði um næstu helgi þar sem tekið verður vel á móti gestum á sýningu sem ekki á sér fordæmi á Íslandi.

*Aldís Hafsteinsdóttir*
*bæjarstjóri*

## ● ALLS KONAR SÓLBLÓM TIL SÝNIS

Íbúum Hveragerðis voru send sólblómafræ í vor sem Hveragerðisbær gaf og var þeim tilmælum beint til íbúa að rækta sólblóm og senda þau svo í Sólblómakeppni í sumar.

Í dag var sólblómunum skilað í íþróttahúsið í Hveragerði þar sem þau verða til sýnis alla helgina en síðan verða veittar viðurkenningar á sunnudaginn. „Veittar verða viðurkenningar fyrir hæsta sólblómið, fallegasta, kræklóttasta, minnsta og skrítnasta þannig það eru ýmsir möguleikar á viðurkenningum," segir Lilja Jóna Halldórsdóttir, hjá umhverfisdeild Hveragerðisbæjar.

Keppnin var hugsuð til að veita bæjarbúum tækifæri til að taka þátt í hátíðinni og hafa undirtektirnar verið mjög góðar og því spennandi að sjá fjölbreytta flóru sólblóma í íþróttahúsinu.



## DAGSKRÁ RÁÐSTEFNU

| | |
|---|---|
| 13.00–13.10 | *Setning* |
| 13.10–13.35 | *Saga garðlistar á Íslandi - Samson B. Harðarson* |
| 13.35–14.00 | *Garðurinn hennar ömmu, mömmu, minn – Ásta Camilla Gylfadóttir* |
| 14.00–14.20 | *Plöntuval í görðum – Guðríður Helgadóttir* |
| 14.20–14.40 | *Efnisval í görðum – Þorkell Gunnarsson, skrúðgarðyrkjumeistari* |
| 14.40–15.00 | *Kaffihlé* |
| 15.00–15.30 | *Fjölbreyttir garðar á Íslandi – á mörkum hins ótrúlega. Kristinn H. Þorsteinsson* |
| 15.30–16.00 | *Framtíð garðræktar á Íslandi – Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður GÍ* |

**Útgefandi:** Hveragerðisbær | **Heimilisfang:** Sunnumörk | **Ritstjóri og ábyrgðarmaður:** Elfa Dögg Þórðardóttir | **Netfang:** elfa@hveragerdi.is | **Vefsíða:** www.hveragerdi.is | **Sími:** 483 4000 | fax. 483 4801| **Forsíða:** Hveragerðisbær



Blóm í bæ er sýning helgarinnar í Hveragerði. NORDICPHOTO/GETTY



Blómadropar Kristbjargar Kristmundsdóttur verða kynntir á Blómum í bæ um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Mörg þúsund afskorin blóm verða til sýnis í Hveragerði um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Allt frá túnþökum til blómadropa

**Á garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ í Hveragerði um helgina verður ýmislegt forvitnilegt til sýnis á risa sölu- og sýningarsvæði. Afskorin blóm, handverk, matvæli, garðyrkjuvörur, ljós og meira til.**

„Þetta er gífurlegur fjöldi fyrirtækja og einstaklinga sem mætir til leiks um helgina," segir Elfa Dögg Þórðardóttir, mannvirkja- og umhverfisfulltrúi Hveragerðisbæjar. „Þarna verður fólk eins og Kristbjörg Elí Kristmundsdóttir með blómadropana sína, einn elsti grasalæknir landsins, Gerður Benediktsdóttir, verður líka með vörur sínar, Grasavinafélagið með túnþökur, Húsasmiðjan, Blómaval, ljósafyrirtæki, girðingafyrirtæki, garðsláttuvélar og svo mætti lengi telja."

Félag íslenskra landslagsarkitekta verður einnig á svæðinu en sýningunni er skipt niður í úti og innisvæði og sérstök tjöld verða meðal annars lögð undir þá sem kynna matvæli og handverk. „Við höfum reynt að hafa þemað íslenskt þannig að innlendri framleiðslu er gert hátt undir höfði en annars verður mjög margt skemmtilegt að sjá, svo sem sex til átta þúsund afskorin blóm."

Prodomo er eitt þeirra fyrirtækja sem verða með vörur sínar til sölu, meðal annars ný íslensk kubbaljós. Hreimur Heimisson verslunarstjóri segir að þeir hafi lagt mikið upp úr íslensku framleiðslunni eftir hrun. „Við verðum með þrjá sýningarpalla og sýnum ljós sem fara ofan í jörð og pall sem og frístandandi ljósastaura. Við látum framleiða ljósin á Íslandi og höfum gert það lengi en við erum að reyna að gera framleiðsluna enn stærri þar sem erlendar vörur hafa auðvitað hækkað upp úr öllu valdi."

Innisvæðið er staðsett í íþróttahúsinu í Hveragerði en markaðssvæðið verður við Skólamörk, þar sem götunni verður lokað á meðan á sýningu stendur. Útisvæðið er svo staðsett í skrúðgarðinum. *- jma*

# Saga og þróun garðræktar

Ráðstefnan Íslensk garðlist verður haldin í sal Landbúnaðarháskólans á Reykjum í tengslum við Blóm í bæ. Ráðstefnan markar upphaf sýningarinnar en hún hefst á morgun klukkan 13.

„Okkur langar til að segja frá því á ráðstefnunni hvað felst í garðyrkju á Íslandi og garðrækt," segir Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands. „Við viljum segja sögu garðræktar og hvernig garðar hafa þróast og breyst í gegnum tíðina því útlit garða er háð tískusveiflum eins og allt annað í íslensku þjóðlífi."



Guðríður segir að garðurinn hafi þróast í það að vera framlenging á heimilinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Guðríður segir að garðurinn hafi breyst frá því að vera eitthvað sem fólk horfði á út um gluggann eða notaði sér til lífsviðurværis í að vera framlenging á heimilinu. „Garðurinn er að verða eins og eitt herbergi á heimilinu. Með ráðstefnunni vildum við vekja fólk til umhugsunar um hversu miklu máli garðurinn skiptir okkur."

*- mmf*

Gróðurhús 7,4 $m^2$



**Verð aðeins**
**79.000**



# Sjáumst í **Hveragerði**

Lítið gróðurhús er draumur allra sem vilja rækta garðinn sinn.  Húsasmiðjan býður upp á gróðurhús á frábæru verði sem hentar einstaklingum, jafnt í húsagörðum og við frístundarhús.

Húsasmiðjan og Blómaval sýna gróðurhús og margt fleira á sýningunni Blóm í bæ, Hveragerði um helgina.

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

# Velkomin á

## RISA blóma- og garðyrkjusýninguna

# „Blóm í bæ“

## í Hveragerði dagana 26. – 28. júní

## Sýningarsvæði og uppákomur




**A** Listigarður
Á útisvæði eru sýnendur með stærri garðvörur og skraut. Þar verður gerð lengsta blómaskreyting Íslands.

**B** Innisvæði
Markaðssvæði í íþróttahúsi. Þar verður jafnframt haldin blómasýning og víkingabrúðkaup. Sólblómarækt Hvergerðinga verður til sýnis.

**C** Gúrkugerði
Sýning á íslensku grænmeti á innisvæði.

**D** Barnaheimur BYKO
Fjölbreytt skemmtun fyrir yngstu gestina. Andlitsmálun, leikir, hoppukastalar, blómaplöntun, Laukaball ofl.

**E** Blómabörn
Leikhópurinn „Blómabörn“ verða með uppákomur og ör-leikrit

**F** Gleym-mér-ey
Blómaskreytar búa til skreytingar úr húsgögnum og öðrum áhöldum.

**G** Útisvæði
Risa sölutjöld þar sem lifandi markaðsstemning verður allsráðandi. Þar er íslensk framleiðsla og íslenskt hráefni áberandi.

**H** Sögusýning
Safn Garðyrkjuskólans af gömlum verkfærum verður dregið fram í dagsljósið og sýnt á útisvæði.

**I** Blómaskreytingar
Frumlegar skreytingar frá félagi blómaskreyta.

**J** Garðshorn
Sýning á smágörðum úr smágarðasamkeppni Félags íslenskra landslagsarkitekta og Hveragerðisbæjar.

**K** Landbúnaðarháskólinn
Sýningin „Blóm í bæ“ hefst á skemmtilegri ráðstefnu um íslenska garðlist.

**L** Tjaldsvæði
Á tjaldsvæði verður boðið upp á rúnaristur, opið grill og skátaleiki.

... og margt, margt fleira!















# Dagskrá

## Föstudagur

| | | |
|---|---|---|
| 13:00–16:00 | Ráðstefnan „Íslensk garðlist“ | K |
| 15:00 | Opnun sýningarsvæða | |
| 16:00 | Setningarathöfn við íþróttahús | G |
| 15:00–20:00 | Barnaheimur Byko | D |
| 15:00–20:00 | Lengsta blómaskreyting Íslands | A |
| 15:00–20:00 | Blómasýning Blómabænda | B |
| 15:00–20:00 | Sýning grænmetisframleiðenda | B |
| 15:00–20:00 | Víkingaskreytingar Blómaskreytanema | B |
| 15:00–20:00 | Sýning garðplöntuframleiðenda | G |
| 15:00–20:00 | Sýning smágarða í Garðshorni | J |
| 15:00–20:00 | Sögusýning | B |
| 15:00–20:00 | Sólbómasýning | B |
| 15:00–20:00 | Inniblóm | B |
| 15:00–20:00 | „Svefnherbergi, stofa og eldhús“ Skreytingar félags blómaskreyta | F |

## Laugardagur

| | | |
|---|---|---|
| 12:00 | Opnun sýningarsvæða | |
| 12:00 | Vígsla plönutsafns skógræktarfélagsins við Dynskóga undir hammrinum | |
| 12:00–18:00 | Barnaheimur Byko | D |
| 12:00–18:00 | Lengsta blómaskreytingin | A |
| 12:00–18:00 | Blómasýning Blómabænda | B |
| 12:00–18:00 | Sýning grænmetisframleiðenda | B |
| 12:00–18:00 | Víkingaskreytingar Blómaskreytanema | B |
| 12:00–18:00 | Sýning garðplöntuframleiðenda | G |
| 13:00–18:00 | Sýning smágarða í Garðshorni | J |
| 12:00–18:00 | Sögusýning | B |
| 14:30 | Verðlaunaafhending í Sólbómasýningu | B |
| 12:00–18:00 | Inniblóm | B |
| 12:00–18:00 | Svefnherbergi, stofa og eldhús Skreytingar félags blómaskreyta | F |
| 13:00, 15:00 & 17:00 | Blómabörn. Leiksýning fyrir alla fjölskylduna | E |
| 13:00 | Verðlaunaafhending Smágarðar | B |
| 14:45 | Verðlaunaafhending fyrir hússkreytingar | |
| 15:00–16:00 | Laukaball fyrir yngstu kynslóðina | G |
| 16:00 | Verðlaunaafhending Sólblóm | B |
| 17:00 | Brúðkaup á bökkum Varmár | A |

## Sunnudagur

| | | |
|---|---|---|
| 12:00 | Opnun sýningarsvæða | |
| 12:00–17:00 | Barnaheimur Byko | D |
| 12:00–17:00 | Lengsta blómaskreytingin. Mælingardagur | A |
| 12:00–17:00 | Blómasýning Blómabænda | B |
| 12:00–17:00 | Sýning grænmetisframleiðenda | B |
| 12:00–17:00 | Víkingaskreytingar Blómaskreytanema | B |
| 12:00–17:00 | Sýning garðplöntuframleiðenda | G |
| 12:00–17:00 | Sýning smágarða í Garðshorni | J |
| 12:00–17:00 | Sögusýning | B |
| 12:00–17:00 | Sólbómasýning | B |
| 12:00–17:00 | Inniblóm | B |
| 12:00–17:00 | Svefnherbergi, stofa og eldhús Skreytingar félags blómaskreyta | F |
| 17:00 | Lok sýningar | A |

Markaðs–og sýningarsvæði fyrirtækja og einstaklinga eru staðsett á Innisvæði, í lystigarði og á markaðstorginu.

ARGH! 0609






„Það eina sem er öruggt er koma farfuglanna. Þeim er saman hvort hér er kreppa eða ekki," segir Birkir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Valkostur fyrir farfugla

**Páfuglabekkur, áningarstaður, kryddkista, þúfnahopp, farfuglagarður og íverustaður úr rammíslensku efni eru allt tillögur sem valdar voru til verðlauna í smágarðasamkeppni landslagsarkitekta í samvinnu við Hveragerðisbæ.**




Frumleg útfærsla á krydd-og matjurtagarði eftir Björn Axelsson.

„Garðurinn er nýr valkostur fyrir farfugla sem vilja geta dvalið saman í þéttbýlinu," segir Birkir Einarsson landslagsarkitekt glaðlega þegar hann er beðinn að lýsa tillögu sinni í smágarðasamkeppninni. Að fuglarnir urðu honum yrkisefni rekur hann til ástandsins í landinu. „Við eigum enga vini og það eina sem er öruggt er koma farfuglanna. Þeim er sama hvort hér er kreppa eða ekki, þeir halda alltaf tryggð við okkur."

Smágarðarnir eru 5X5 metrar að stærð og þeir verða til sýnis í allt sumar. Alls bárust 27 tillögur í samkeppnina. Sex voru valdar til verðlauna og tvær sem áhugaverðar.

„Ég held að minn garður sé sá eini sem ætlast er til að labbað sé í kringum en ekki inn í," segir Birkir og lýsir honum nánar. „Í garðinum eru 25 tréstaurar sem standa fjóra metra upp úr grasinu og á hverjum þeirra er fuglahús. Hefði ég haft hálft ár til undirbúnings hefði ég efnt til samkeppni um smíði fuglahúsanna í grunnskólum landsins en þar sem við höfðum bara tvær vikur er niðurstaðan sú að fá 25 eins hús frá Bykó og jafnmarga sjálfboðaliða úr vinnuskólanum í Hveragerði til að mála þau og skreyta. Þannig verða þau að einhverju leyti ólík þó þau séu eins í grunninn. Inn á milli spíranna verður plantað eins metra birkitrjám. Þar tek ég upp hanskann fyrir farfuglana því þeim eru oft boðnar lélegar aðstæður í okkar lágvaxna, íslenska skógarkjarri."



Þúfnahopp Dagnýjar Bjarnadóttur landslagsarkitekts höfðar til leikja barna.

Birkir segir smágarða algengt sýningarform erlendis og orðið það þróað að búið sé að reisa skjólveggi eða gróðurbelti kringum hvern garð og mynda þannig sterkan ramma. „Hér er frumbýlingsbragur á þessu og við þurftum annaðhvort þurft að búa til þann ramma sjálf eða sleppa honum," segir hann.

Á teikningu af sýningarsvæðinu hans sést í hálfa Dorrit Moussaieff forsetafrú. Þegar Birkir er krafinn skýringa á því svarar hann glaðlega. „Dorrit er nú hálfgerður farfugl líka og ég vona að hún vilji vera verndari farfuglagarðsins en ég á eftir að spyrja hana að því." *- gun*







# Börn á öllum aldri blómstra

Börn á öllum aldri fá tækifæri til að blómstra á Blóm í bæ um helgina en á skólalóð grunnskólans í Hveragerði, sem er ríkulega búin leiktækjum, verður sérstakur barnaheimur.

Íþróttafélögin í Hveragerði og fimleikadeildin á Selfossi bjóða upp á andlitsmálningu gegn vægu gjaldi og börnin geta hoppað og skoppað í hoppuköstulum. Þá sýna Víkingur Kristjánsson og Halldóra Rut Bjarnadóttir þrjár barnaleiksýningar á dag bæði á laugardag og sunnudag, auk þess sem Harasystur slá upp laukaballi milli þrjú og fjögur á laugardag.

Vitanlega verður mikil áhersla á blóm og plöntur eins og annars staðar í bænum og gefst börnunum kostur á að gróðursetja lítil blóm í potta til að taka með sér heim. *- ve*



Ýmislegt verður um að vera fyrir yngstu kynslóðina. MYND/365 LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR




Það verður blómlegt um að litast í bænum.

# Plöntuhaf í miðbænum

Félag garðplöntuframleiðenda mun ásamt grænmetisframleiðendum, blómaframleiðendum og fleirum leggja undir sig tæplega 300 fermetra svæði við gamla mjólkurbúið í Hveragerði á garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ um helgina.

Þar verður meðal annars hægt að sjá úrval þess sem íslenskir garðplöntuframleiðendur hafa upp á að bjóða og má þar nefna sumarblóm, tré og runna, skógarplöntur, fjölærar plöntur og fleira. „Þarna getur fólk skoðað og fengið upplýsingar um hinar ýmsu garðplöntur og kynnt sér hvar megi nálgast þær,“ segir Vernharður Gunnarsson, formaður Félags garðplöntueigenda og bendir á nýja heimasíðu félagsins www.gardplontur.is þar sem meðal annars er að finna plöntuleitarvef og upplýsingar um helstu útsölustaði. *- ve*

# Úr yndislegum efniviði

„Við ætlum að setja upp smá fantasíu og gefa gömlum hlutum nýtt líf,“ segir Ásdís Pálsdóttir í Félagi blómaskreyta um framlag þeirra á sýningunni í Hveragerði. Hún heitir því að fagfólkið muni skapa af list úr þeim yndislega efniviði sem garðyrkjubændur og blómainnflytjendur leggja til. Þannig verði hringtorgið á þjóðveginum þar sem beygt er inn í bæinn augnayndi gesta og ekki síður annað torg rétt við apótekið. „Við nefnum þá eyju Gleym mér ei því við trúum því að litla heimilið sem þar verður, með litríkum húsgögnum og manneskjum búnum til úr mosa og blómum, muni aldrei gleymast.“

En er Ásdís ekkert hrædd um að stuðla að umferðaróhöppum með svona eftirtektarverðum skreytingum? „Nei miðbæjarsvæðið er lokað bílaumferð og við munum leiða fólk upp aðalgötu bæjarins með blómstruðum stólum en stærsta skreytingin verður ormurinn langi sem hlykkjast um lystigarðinn.“ *- gun*



Skrautlegir stólar verða við Breiðumörkina, eina af aðalgötum bæjarins.



Á myndinni eru frá vinstri Elfa D. Þórðardóttir, verkefnisstjóri sýningarinnar, Halldóra Rut, Víkingur og Jóhanna Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðisbæjar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hressandi helgi fram undan

Bólmabörnin er hópur sem var stofnaður í kringum garðyrkju- og blómasýninguna Blóm í bæ. Hann verður með ýmsar uppákomur á sýningunni sem tengjast náttúrunni og umhverfismálum.

„Ég hef verið að þjálfa hressa unglinga fyrir leiksýningu sem verður frumsýnd á laugardaginn,“ segir Víkingur Kristjánsson leikari sem hefur, ásamt Halldóru Rut Bjarnadóttur, haft veg og vanda af verkefninu sem styrkt er af Menningarráði Suðurlands. Hann segist ekki hafa unnið með unglingum um nokkurt skeið og því hafi verið einstaklega hressandi að rifja upp þá reynslu. „Svo verða fleiri skemmtiatriði,“ segir hann án þess að fara frekar út í það. „Ég get bara sagt að þetta verður rosalega skemmtilegt.“

Gras er okkar fag
GUNNARSHÓLMI
GRASAVINAFÉLAG
Framleiðum sérræktað gras fyrir fótbolltavelli, golfvelli og heimilisgarða

S. 896-0700 / 896-0567 • www.gunnarsholmi.is

Stuðlum að hreinu umhverfi og minnkum umfang sorps með flokkun og endurvinnslu


Græna tunnan
Græna tunnan er losuð einu sinni í mánuði og í hana mátt þú setja:
Dagblöð, tímarit, bæklinga, pappa, mjólkurfernur, plastumbúðir, niðursuðudósir og minni málmhluti. Flokka þarf ólíka hluti í glæra plastpoka áður en þeir fara í tunnuna.
Þú greiðir aðeins 950 kr. á mánuði fyrir Grænu tunnuna.
Pantaðu grænu tunnuna strax í dag.
ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ
Sími: 577-5757

TAKIÐ ÞÉR RJÓMA?

Þessi bolli var handmálaður í Japan árið 1933 fyrir heldrafólk á Íslandi, sem drakk rjómakaffi á hátíðisdögum. Sparistellið fór um Kóreu, með Síberíuhraðlestinni til Moskvu og gegnum Þýskaland á uppgangsárum Hitlers til Íslands. En þú getur séð það núna í Húsinu á Eyrarbakka.

HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Söfnin við Suðurströndina
Opið alla daga frá 15. maí til 15. sept. milli kl 11 - 18. Á öðrum tímum eftir samkomulagi.
sími 483 1504 | husid@husid.com | www.husid.com

# Búa til lengstu skreytingu Íslandssögunnar

Félag blómaskreyta ætlar að setja Íslandsmet í lengstu blómaskreytingunni. „Skreytingin er unnin mestmegnis úr trjám sem búið er að fella í bænum,“ segir Berglind Erlingsdóttir, formaður Félags blómaskreyta. „Við erum líka að nota afskorin blóm sem við fáum frá garðyrkjubændum, íslenskar jurtir sem standa vel og annað sem til fellur. Við setjum þetta upp sem eins konar blómaorm.“

Berglind segir að upphaflega hugmyndin hafi verið að búa til lengstu skreytingu heims. „Við ætluðum að skrá hana í heimsmetabók Guinnes. Svo komumst við að því að það er mikill kostnaður í tengslum við það þannig að við ákváðum að gera lengstu skreytingu Íslands. Ég hugsa að skreytingin verði einhverjir tvö hundruð metrar.“

Berglind segir að Félag blómaskreyta vinni að mörgum verkefnum í tengslum við Blóm í bæ alveg frá hringtorginu og inn í skrúðgarðinn þar sem lengsta blómaskreyting landsins verður staðsett og ráðgert er að standi í allt sumar. *- mmf*



MYND/ÚR EINKASAFNI

Undirbúningshópur blómaskreyta sem vinnur að lengstu blómaskreytingu Íslands.



Rabarbía verður með bás í matvælatjaldinu þar sem meðal annars verða rabarbarakaramellur á boðstólum.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Þari og rabarbarakaramellur

„Aðaláherslan í matvælatjaldinu er innlend framleiðsla og helst úr innlendu hráefni,“ segir Lilja Jóna Halldórsdóttir hjá umhverfisdeild Hveragerðisbæjar. „Þetta er íslensk sýning með íslensku grænmeti og íslenskum blómum.“

Hollusta úr hafinu verður með sýningarbás í matvælatjaldinu og segir Eyjólfur Friðgeirsson, stofnandi þess, að ýmislegt verði á boðstólum. „Við erum með mjög fjölbreytta vöru meðal annars sjávarplöntur, þara og söl, fjallagrös, jurtate og íslenska osta. Þetta eru alíslenskar vörur.“

Dorothee Lubecki frá Rabarbíu segir þau einnig verða með bás. „Við verðum með rabarbarakaramellur, sultur og fíflasýróp. Það er skondin saga á bak við karamellurnar. Þetta er sprottið upp úr samstarfsverkefni með Listaháskólanum sem heitir stefnumót Listaháskólans við bændur. Í fyrra var okkur boðin þátttaka og þegar nemendurnir komu var rætt um hvað væri hægt að gera. Hugmyndin að karamellunni kviknaði þá.“ *- mmf*



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Ýmis verkfærakostur er til sýnis á sögusýningu íslenskrar garðyrkju.

# Saga íslenskrar garðyrkju rakin

Sögusýning íslenskrar garðyrkju verður á garðyrkju- og blómasýningunni Blóm í bæ á innisvæðinu í íþróttahúsinu. Þar má finna verkfæri sem Garðyrkjuskóli ríkisins hefur sankað að sér í gegnum tíðina eða frá því um 1939, auk þess sem saga garðyrkju á Íslandi er rakin.

„Við erum í raun að sýna þróunina sem hefur orðið á verkfærakosti og má þarna til dæmis finna ýmis konar sláttuvélar en þar erum við með nánast alla flóruna,“ útskýrir Elfa Dögg Þórðardóttir, sýningarstjóri Blóma í bæ og umhverfisfulltrúi Hveragerðisbæjar. „Þarna er eitthvað á þriðja tug hluta en við tínum úr það skemmtilegasta. Þetta er allt frá stórum sáningarvélum og þökuskerum niður í skóflur og hrífur. Að sögusýningunni standa Landbúnaðarháskóli ríkisins og Blóm í bæ. Sýningin er opin alla helgina og er aðgangur ókeypis.“ *- hs*


AÐSTOÐARAÐILI ÓSKAST Í ELDHÚS
LEIKSKÓLANS HAMRAVALLA

Okkur vantar röskan og jákvæðan **aðstoðaraðila í eldhús** leikskólans Hamravalla í Hafnarfirði. Unnið er að innleiðingu Heilsustefnunnar í leikskólanum og áherslur hennar hafðar að leiðarljósi.

Um er að ræða 7 klst á dag og vinnutíminn er frá kl. 09:00-16:00. Ákjósanlegt er að viðkomandi búi yfir reynslu af í mötuneytisstörfum, hafi góða skipulagshæfileika og geti hafið störf sem fyrst.





**Nánari upplýsingar veitir Salvör Jóhannesdóttir skólastjóri í síma 424-4640 og 617-8991.**

**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á vef Skóla ehf: http://skolar.is/Starf/**

SKÓLAR
NÆRING · HREYFING · LISTIR

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Líkamsrækt

Viltu fría BRENNSLUMÆLINGU? Bjóðum aðhald og eftirfylgni !!!Uppl í síma 6923062.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Nýtt Nýtt! Nudd - Japanska baðið. Krepputilboð!**
3500.-kr Nudd, 2000.-kr skrúbb og heitur pottur, detox 3500.- kr. Matur 1000.- kr. Ayurveda nudd, sogskálanudd og Tíbet nudd. Opið frá kl. 12.00 alla daga nema sunnudaga. Vaida er komin. Ekkert sex nudd ! S. 823 8280.

Ferðanuddbekkir og ferðaóléttubekkir, gæði og gott verð. Uppl. í síma 891 6447.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**Tantric Massage of Sacred Touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Unleash the Power Within**
**TONY ROBBINS LIVE**

**Róm 25-28.september**
**www.englar.is**

**567-6617 / 699-6617**

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu dökk brúnn TV skápur úr Eco Decor. 142x112x65 cm. tilb.ósk. 863-5003.

## Heimilistæki

Ég óska eftir notuðum ísskáp. Uppl hjá Gunnari í s. 8615777

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Silunganet - Silunganet**
Flot- og sökknet. Mikið úrval. Heimavík. Sími 892 8655.

Maðkar Laxa og Silungs til sölu Tökum einnig pantanir. Uppl. í síma 695-2572 / 562-0242

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili / Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. bað. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar ☎ 517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150

Fyrri vandláta: Tveggja herbergja 120m2 sérhæð í einbýlishúsi í Grafarholti. Hátt til lofts, vítt til veggja og fallegt útsýni. Vandaðar innréttingar, afgirtur sólpallur og heitur pottur. Verð 170.000. Getur verið laus 1.8.2009. Möguleiki á að fá leigt með húsgögnum.

3 herb. íbúð í Árbænum til langtíma leigu, laus 29jún. Allt innifalið. 100þ. á mán. uppl. í s. 696-7544

Vesturberg 195 2 herbergja íbúð Ósamþykkt ,engar húsaleigubætur venjulegur húsaleigusamningur uppgefin húsaleiga , hundar og kettir velkomnir kr 80.000. fyrirfram kr 160.000. laus langtímaleiga 770 7360 kl 10.00 til 16.00 en ekki á öðrum tímum

Til leigu frá 01.07 3-4 herb. risíbúð í Nóatúni v.120 þ.+rafmagn. S. 694 9592.

Orlofshús 120fm í Vaðlaheiði gegnt Akureyri. Leigist frá föstud. - föstud. 5 mín. frá Akureyri. Mjög gott útsýni. Verð 80þús vikan. Einnig svefnpokapláss á Akureyri. Aðgangur að wc, sturtu og eldh. Uppl. í s. 897 7613.

4ra herb. íbúð í Efstahjalla laus frá 1.júlí. 127 þús. með hússjóði en án rafmagns og hita. Algjör reglusemi og skilvísar greiðslur skilyrði. S. 825 0000.

**Sumartilboð**
Nýuppgerð 20 fm. stúdíoíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 49þ. S. 824 6692.

**Þverholt 5 Mosfellsbær**
Til leigu 40fm húsnæði á götuhæð. Góðir gluggar. Sanngjörn leiga. S. 893 8166.

## Húsnæði óskast

Óska eftir ódýru litlu íbúðarhúsnæði. Uppl. í S 868 7619.

Óska eftir 4-5 herb. íbúð í vesturbæ Rvk. Öruggar greiðslur. Uppl. í síma 899-8336

Óska eftir stúdíóíbúð í miðbænum. Verðh. í kringum 50 þús. Reyklaus og drekk ekki. S. 618 2040.

Hjón með 2 ung börn og gæfan hund sem geltir aldrei óska eftir 4-6 herb. húsnæði á höfuðborgarsvæðinu strax, í langtímaleigu. Blokk kemur ekki til greina. Uppl. í s. 866 0771.

Óska eftir íbúð eða stúdíóíbúð til leigu á sv. 110, 108 eða 104. S. 665 8373.

## Sumarbústaðir

**Sumarhús til leigu - Frábært verð**
**Helgin 26. júní - 28. júní var að losna! Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi. Öll þjónusta og afþreying í næsta nágrenni svo sem veiði, frítt í golf á glæsilegum golfvelli og margt fleira. Upplýsingar í síma 660 0288.**

Sumarbústaður - Frábært verð! Ásett aðeins 6,9 milljónir. Gott staðgreiðsluverð. 86 fm sumarbústaður í Heklubyggð á steyptri plötu. Fullbúinn að utan. Að innan er bústaðurinn einangraður og byrjað er að setja upp veggi. Uppl. um svæðið á Heklubyggd. is. S: 896 2312, 820 6022 & 897 8266

óska eftir bústað til leigu fyrir 8 manns 10-12. júlí. Erum reyklaus og förum vel um. Hafið samband: fhrafnsson@simnet.is eða s:6904544

Til leigu 70 fm sumarbústaður í Aðaldal. 3 svefnherb., rúm fyrir 6.manns, hægt að fá aukadýnur. Rólegt umhverfi. Uppl. í s. 464 3561.

VIL KAUPA SUMARHÚS Í SLÉTTUM SKIPTUM á 6,3 mkr. 08 árg af jeppa 8937211

## Atvinnuhúsnæði

**Bolholt 4 til leigu**
**170fm verslunarhúsnæði á 1.hæð. Leigutilboð óskast. Laust strax. Einnig 140fm skrifstofuhúsnæði á 2.hæð, hægt að skipta í minni pláss. Húsnæðin eru í góðu ástandi - Góð gólfefni - Er á milli Kauphallarhússins og Laugvegs 180. Hagstæð leiga/ Tilboð**
**S. 893 8166 og 553 8166 og 581 3757.**

'3herb íbúð til leigu í oslo frá 6 júl-2ág. uppl. i síma 004746353606Birgir

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Vikugisting í glæsilegum hótelíbúðum í Hafnarfirði. Allur húsbúnaður, nettenging, sjónvarp, eldunar- og þvottaaðstaða, 2- 6 í íbúð, verð: 45-90 þús. á viku. Uppl. í síma 899 7004.

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**www.atvinnuleit.is**
**Nýr valkostur. atvinnurekandi auglýstu frítt!!**

**Hefur þú áhuga á ítalskri matargerð?**
**Veitingastaðurinn Sbarro auglýsir eftir röskum og duglegum pizzabakara í 100% starf. Sveigjanlegur vinnutími. Íslenskukunnátta er æskileg. Lágmarksaldur 20 ár. Vinsamlegast sækið um á www.sbarro.is**

Starfskraftur óskast Dvalar- og hjúkrunarheimilið Kumbaravogur, Stokkseyri, óskar eftir fólki til afleysingar í aðhlynningu í sumar. Um er að ræða vaktavinnu 90% starf. Húsnæði á staðnum. Nánari upplýsingar í síma 483-1310 (Sigurborg) eða kum@simnet.is.

**Góðir tekjumöguleikar fyrir öfluga dreifingaraðila**
**Jen Fe full life one** kom á markað í USA í des 2008 og kom svo til landsins í mars 2009.
Enn er öll evrópa eftir.
**JEN FE**
er byltingakenndur heilsu- og orkudrykkur.
Nánari upplýsingar á **blog.jenfe.is/heilsuorka**
Hafið samband á heilsuorka@visir.is eða í síma 894 9686

Starfsmaður í sal óskast í hlutastarf á Ruby Tuesday Höfðabakka, ekki yngri enn 18 ára. Vinsamlegast sendið umsókn á: bryndis@ruby.is

Kaffihús/bar óskar eftir starfsmanni milli 20-30 ára á morgun, helgar og kvöldvaktir. Einnig vantar starfsmann í pulsuvagn, yfir 21 árs. Áhugasamir hafi samband við Guðrúnu í s. 820 7303.

Við erum að leita eftir bæði þjónum og kokkum í vinnu í Noregi! AL FORNO er ítalskur veitingastaður í Stavanger og Sandnes sem mun opna fleiri staði í framtíðinni. Við leitum eftir fólki sem hefur reynslu í þessum bransa og hæfniskröfur eru: - 18 ára aldurstakmark - góð mannleg samskipti - geta nokkurnvegin talað og skilið eitt skandinavískt tungumál (dönsku, norsku eða sænsku) - dugnaður og geta til þess að vinna undir álagi Ef þú hefur áhuga endilega sendu okkur e-mail á: post@alforno.no Góð laun og jafnvel húsnæði er í boði fyrir samviskusamt og duglegt starfsfólk.

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa sem fyrst í sérverslun í 101. Vinnutími frá kl 12 til 18 og annan hvern laugardag frá 12 til 16. Sendið upplýsingar á fossa@mi.is fyrir 30.júní

Óskum eftir sveinum og meisturum í stólaleigu á rótgrónna stofu í Árbænum. Sanngjörn leiga Upplýsingar í síma 770 4494.

Hótel Hallormsstaður óskar eftir starfsmanni í almennt hótelstarf. Uppl. í síma. 471 2400.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Smiði vantar vinnu. Áhugasamir hafið samb. í s. 847 0638.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Kisinn okkar er týndur. Hann heitir Núll og á heima á Leifsgötu. Hann hvarf 5. mars 2009. Vinsamlegast hafið samband í s:692-5082 eða Kattholt ef þið sjáið hann.

## Einkamál



**Chat.is**
Við spjöllum saman og kynnumst nýju fólki á Chat.is. Það kostar ekkert, og vefurinn er í boði á fjölda tungumála.



**Djörf samskipti**
Sexychat.is er framtíðin í djörfum samskiptum á Íslandi. Komdu í heimsókn strax í dag, veldu þér gott notandanafn til frambúðar og kynntu þér vef í mótun.

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

## Atvinna

GULLFOSS SEAFOOD & GRILL

**Veitingahúsið Gullfoss Seafood & Grill** óskar eftir að ráða Yfir matreiðslumann. Æskilegt er að viðkomandi hafi starfsreynslu frá sjávarrétta veitinghús erlendis. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar www.gullfoss@1919.is eða í síma: 842 0713. Jón Páll

**Restaurant Gullfoss Seafood & Grill** wishes to hire Head Chef. Experience from work at a seafood restaurant is required. Good income possibility. **For information.** Write to www.gullfoss@1919.is or call Jon Pall Tel: 842 0713

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar heldur aðalfund fimmtudaginn 2. júlí í félagsheimilinu að Garðatorgi 7 klukkan 20:00.

**Dagskrá fundarins:**
- Venjuleg aðalfundarstörf
- Skipun stjórnar

Heitt á könnunni – allir hjartanlega velkomnir.

Stjórn sjálfstæðisfélagsins í Garðabæ

;ALLT HELGIN

# Sumarleikur

## SMS leikur

Wilson's PIZZA

vita

PEPSI MAX

**PANTAÐU**

16" pizzu m/2 áleggsteg., ostabrauðstangir og Pepsí

**kr. 2140**

... og þú getur verið á leiðinni með fjölskyldu eða vinum til Alicante eða á þjóðhátíð í Eyjum

**1. - 2. vinningur**

- Flug fyrir 4 til Alicante og gisting í sumarhúsi í viku á Torrevieja svæðinu.
  Dregið út 21. ágúst
- De lux pakki fyrir 4 á þjóðhátíð í Eyjum, allt innifalið - flug, miðar í dalinn, öl, tjald, grill, grillsteikur og meðlæti, samlokur, kippur af Pepsi Max og Lays snakk.
  Dregið út 24. júlí

**Eða unnið fjöldann allan af aukavinningum**

Pizzaveislur
Pizzur
Ostabrauðstangir
2L Pepsí Max
Haribo nammipoka
Hádegisgeðveikistilboð
Lays snakkpoka

10 hver vinnur




TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM SMS-LEIK...



Sumarleikur

SMS leikur - þú sendir kóðann sem kemur með pizzunni og þú ert kominn í pottinn. SMS-ið kostar 99 kr.

3 staðir 1 símanúmer

**581 15 15**

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Ágústa Sigurjónsdóttir,**

frá Lambalæk, Kirkjuhvoli Hvolsvelli,

andaðist á heimili sínu miðvikudaginn 17. júní. Útförin fer fram frá Breiðabólsstaðarkirkju föstudaginn 26. júní kl. 15.00.

**Guðmundur Gunnarsson**
**Gunnar Guðmundsson** **Björg Sigurjónsdóttir**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir** **Sæmundur Holgersson**
**Hákon Mar Guðmundsson** **Jónína Gróa Hermannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Okkar ástkæri,*

**Hjalti Þór Kjartansson,**

sem varð bráðkvaddur að heimili sínu Lóurima 14, Selfossi þann 12. júní síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju laugardaginn 27. júní kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á SÁÁ.

**Sigríður Haraldsdóttir** **Óskar Jóhann Björnsson**
**Kjartan Ólason**
**Andrés Pálmarsson**
**Haraldur Óli Kjartansson**
**Guðrún Helga Andrésdóttir**
**Magnús Arnar Andrésson.**



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Sigurður Bergmann Runólfsson,**

Bakarameistari, Vallarási 1, Reykjavík,

lést að morgni sunnudagsins 21. júní.

**María Emma Suarez**
**Blængur Sigurðsson**
**Allan Sigurðsson.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Þorsteinsdóttir,**

Skógarbæ, Árskógum 2, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 19. júní verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 26. júní kl. 15.00

**Þorsteinn A. Jónsson** **Martha Á. Hjálmarsdóttir**
**Helgi Jónsson** **Jónína Sturludóttir**
**Þórður Jónsson** **Jytte Fogtmann**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Jóhann Þorsteinsson**

frá Miðsitju, Ferjuvaði 9, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 26. júní kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra.

**Sólveig Stefánsdóttir**
**Alma María Jóhannsdóttir** **Eiríkur Jónsson**
**Berglind Jóhannsdóttir** **Jóhannes Ævar Hilmarsson**
**Freyja Jóhannsdóttir** **Oddur Sævar Andersson**
**Margrét Jóhannsdóttir** **Þórhallur Ottesen**
**Gunnhildur Jóhannsdóttir** **Stefán Ingvar Stefánsson**
**Stefán Sturla Sigurjónsson** **Petra Högnas**
**Sigurfinnur Sigurjónsson** **Elsa Björk Pétursdóttir**
**Kristján Sigurjónsson** **Lena Lindegarth**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**RICKY GERVAIS BRESKUR GAMANLEIKARI, HANDRITSHÖFUNDUR OG FRAMLEIÐANDI ER 48 ÁRA.**

*„Flestir eru stoltir af fæðingarstað sínum en í New York er fólk stolt af því hvar það býr."*

***Ricky Gervais er einna þekktastur fyrir gamanþætti sína The Office sem slegið hafa í gegn bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. JÚNÍ 1975

## *Mósambík lýsti yfir sjálfstæði*



Mósambík er sjálfstætt lýðveldi í Suðaustur-Afríku og liggur austurströnd þess að Indlandshafi. Mósambík lýsti yfir stofnun sjálfstæðs ríkis á þessum degi fyrir 34 árum eftir að hafa verið portúgölsk nýlenda.

Landið fékk sjálfstæði eftir vopnaða baráttu en Mósambík var í bandalagi við Sovétríkin á tímum Kalda stríðsins. Árið 1982 hófst þar borgarastyrjöld sem stóð til ársins 1992. Ný stjórnarskrá var samþykkt árið 1990 en samkvæmt henni er landið nú lýðræðisríki. Árið 1994 voru fyrstu frjálsu kosningarnar haldnar í landinu og var Joaquim Chissano kjörinn forseti með 53 prósent atkvæða. Frá árinu 1995 er Mósambík þó hluti af breska samveldinu, þó svo landið hafi ekki verið bresk nýlenda heldur portúgölsk, en breska samveldið er samband fullvalda ríkja, sem flest öll eru fyrrverandi nýlendur breska heimsveldisins og er Elísabet II þjóðhöfðingi breska samveldisins.

Mósambík er eitt fátækasta land heims en þó hefur mikið uppbyggingarstarf átt sér þar stað síðustu ár.



*Okkar ástkæra móðir,*

**Fanney Magnúsdóttir**

lést á Sólvangi Hafnarfirði mánudaginn 22. júní.

**Anna Magnea Ólafsdóttir**
**Tryggvi Ólafsson**
**Lára Ólafsdóttir**



*Okkar ástkæri*

**Rafn Benediktsson**

Sléttuvegi 9B, Reykjavík

er látinn. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hulda Hjaltadóttir**
**Baldur Rafnsson** **Elinóra Kristín Guðjónsdóttir**
**Guðbjörg Linda Rafnsdóttir** **Stefán Jóhann Stefánsson**
**Brynhildur Björk Rafnsdóttir** **Sigursteinn Magnússon**
**Arnheiður Edda Rafnsdóttir** **Erling Erlingsson**
**Benedikt Rafn Rafnsson** **Magnea Sif Agnarsdóttir**
**Laufey Björg Rafnsdóttir** **Justin Henry Rebbeck**
**Hjalti Reynisson**
**Jóna Birna Reynisdóttir**
**Arnar Reynisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Frænka okkar,*

**Ása Guðrún Guðjónsdóttir,**

læknir,

lést á heimili sínu, Fannafold 63, Reykjavík. Útförin verður auglýst síðar.

**Rannveig Anna Hallgrímsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jakobína Ólöf Sigurðardóttir**

Úthlíð, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Vestmannaeyjum mánudaginn 22. júní. Útför hennar fer fram frá Landakirkju Vestmannaeyjum þriðjudaginn 30. júní kl. 13.00.

**Sigþóra Björgvinsdóttir** **Bragi Júlíusson**
**Jóna Björgvinsdóttir** **Leifur Ársæll Leifsson**
**Björgvin Björgvinsson** **Valgerður Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**SPENNANDI VERKEFNI** Jón Þórir segir samninginn við Skeiða- og Gnúpverjahrepp vera nýjan af nálinni þar sem sveitarfélagið er hið fyrsta hér á landi til að skylda flokkun í grunnskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ: UPPFRÆÐIR GRUNNSKÓLANEMENDUR UM ENDURVINNSLU

# Skylda flokkun

Samningur milli Íslenska gámafélagsins og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um flokkun sorps og moltugerð í sveitarfélaginu var undirritaður 23. júní síðastliðinn.

„Skeiða- og Gnúpverjahreppur er fyrsta sveitarfélagið hér á landi til að skylda flokkun í grunnskólum. Innleiðingin á þessu nýja sorphirðukerfi á að hefjast í skólunum en fulltrúar frá umhverfissviði Íslenska Gámafélagsins hafa búið til kynningarefni fyrir grunnskólanema um endurvinnslu. Við förum í alla bekki, höldum fyrirlestra og erum með kennsluefni fyrir viðkomandi bekkjadeildir til að leysa," segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins.

Sýnd verða fræðslumyndbönd um hvað verður um úrgang sem flokkaður er, notuð verður fræðslusíða um endurvinnslumál, www.flokkarinn.is, og nemendur látnir gera verkefni. „Bæjarbúar munu einnig taka þátt í flokkuninni og mun starfsfólk Íslenska gámafélagsins sjá um framkvæmd og fræðslu. Hvert heimili í sveitarfélaginu verður heimsótt og sýnt hvernig kerfið virkar," útskýrir Jón Þórir og heldur áfram: „Með þessu verður gefinn út bæklingur þar sem útskýrt er hver tilgangurinn með verkefninu er og hvaða árangri við erum að ná með því að fara í þetta flokkunarkerfi. Ráðgert er að hvert heimili í sveitarfélaginu hafi til ráðstöfunar þrjár ruslatunnur. Græna tunnan er ætluð fyrir endurvinnanlegan úrgang, brúna tunnan er undir lífrænan úrgang heimilisins en annar urðanlegur úrgangur fer í þriðju tunnuna. Íslenska Gámafélagið umbreytir lífræna úrgangnum í næringarríka moltu sem verður síðan notuð í bæjarfélaginu við uppgræðslu og gróðursetningu. Markmið verkefnisins er að minnka umfang almenns sorps til urðunar um að minnsta kosti sextíu prósent," útskýrir Jón Þórir, spenntur fyrir verkefninu, og bætir við: „Nú þegar hefur svona flokkun verið tekin upp í nokkrum hreppum og er nýhafið sams konar tilraunaverkefni í einu hverfi í Kópavogi." Kostnaður við nýja kerfið er sambærilegur við gamla tunnukerfið þar sem kostnaður við urðun færist til. „Það sem áður var urðað breytist nú í verðmæti sem hægt er að endurvinna og selja." Á síðasta ári flutti Íslenska gámafélagið 240 feta gáma fulla af pappír og pappa úr landi og í hverjum gámi eru 25 tonn. „Útflutningur er orðinn mjög stórt svið innan okkar fyrirtækis og endurvinnsla á hráefni innanlands er í örum vexti og ýmsar hugmyndir í gerjun," segir Jón Þórir bjartsýnn.

**hrefna@frettabladid.is**



*Okkar innilegustu þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og kærleika við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Halldóru Guðmundsdóttur**

Hlyngerði 12, Reykjavík.

Við þökkum þá virðingu sem minningu hennar hefur verið sýnd. Guð blessi ykkur öll kæru vinir.

**Sigtryggur Helgason**
**Þórhildur Sigtryggsdóttir** **Hrafnkell Óskarsson**
**Kristbjörg Hrund Sigtryggsdóttir** **Skapti Haraldsson**
**og barnabörn.**



# SÓLPALLURINN

## ódýrari en þig grunar

Innifalið í verði er:

gagnvarin fura 48x148 mm
gagnvarin fura 48x98 mm
gagnvarin fura 28x95mm
galvaniseraður saumur í klæðningu

Athugið að fermetraverð getur verið breytilegt.
Hér til hliðar er verðhugmynd m.v. sólpall á frostfrítt undirlag þ.e. án efnis í undirstöður.

**Fáðu tilboð og ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar í næstu Húsasmiðjuverslun eða í síma 525 3000 til að fá besta verðið í pallinn þinn.**

**Timburráðgjöf í Grafarholti, Skútuvogi og í verslunum okkar um land allt.**

## VERÐDÆMI

efni í sólpall frá Húsasmiðjunni

| | |
|---|---|
| **Sólpallur 15m²** | **57.675** kr |
| **Sólpallur 20m²** | **76.900** kr |
| **Sólpallur 30m²** | **115.350** kr |
| **Efni í sólpall** | Verð frá **3.845** kr/m² |

**Sólpallareiknivél á www.husa.is**

Reiknaðu efnisþörfina í sólpallinn og fáðu tilboð á mjög auðveldan hátt með sólpallareiknivélinni á www.husa.is.



**Mundu að auðvelt er að stækka sólpallinn. Byrjaðu smátt og bættu svo við eftir því sem aðstæður leyfa.**




Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

HUMAR
2.000 KR/KG
GLÆNÝ STÓRLÚÐA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755



# Framtíðin gerðist aldrei, árið er 1994

NOKKUR ORÐ
Kolbrún Björt Sigfúsdóttir



Stundum finnst mér eins og ég hafi fest í tímavél. Að áratugurinn sem byrjaði fyrir 19 árum hafi aldrei yfirgefið svæðið og áratugurinn sem er að líða hafi aldrei komið nema að nafninu til. Ég er heltekin af tíunda áratugnum og líkt og helteknum sæmir sé ég hann alls staðar.

Pearl Jam, Guns ´N Roses og R.E.M. í hvert skipti sem ég kveiki á útvarpinu. Ný útgáfa af Beverly Hills 90210. Terminator og Star Trek í bíó og áður en langt um líður ný Scream-mynd með Courteney Cox og David Arquette. Það nýjasta og ferskasta á dansgólfum klúbbanna er nýja platan með Prodigy. Hvað er að gerast? Hvað er næst? Hvítþvegnar gallabuxur og luralegar gruggpeysur? Bíddu, eru þær ekki í tísku núna líka? Ég bíð spennt eftir endurkomu Fubu-gallanna.

Það sem breytist helst er að endurnýting tísku, kvikmynda og tónlistar virðist sífellt færast nær og nær samtímanum. Tíundi áratugurinn, þó hann hafi endurunnið gamalt efni, bjó yfir sínum eigin einkennum, sínum eigin stíl. Stíll dagsins í dag er klippimynd búin til úr hverju sem hentar þá stundina, hugarórar Baudrillard fullkomnaðir frá degi til dags. Ekkert verður nokkurn tíma eins og á tíunda áratugnum aftur. Ekkert verður nokkurn tíma eins og dagurinn í dag. Jafnvel þótt líkindin, allavega á blaði, séu sláandi.

Ég sakna þess að fara í bíó og sjá myndir eins og Fight Club, Matrix og American Beauty. Myndir sem breyttu sýn manns á lífið, ekki bara sýn manns á Batman eða einhverja aðra mynd sem maður sá sem krakki eða unglingur. Ég sakna þess að kveikja á útvarpinu og hugsa ekki, þetta hljómar eins og … Kannski er það ellin en mig langar aftur í framtíðina.







41223 51052



41213 55739



41203 55183



41203 55571

ecco SKÓBÚÐIN KRINGLUNNI Sími: 553 8050
ecco SKÓBÚÐIN LAUGAVEGI Sími: 551 0765
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN KRINGLUNNI Sími: 551 8519


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli



### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



FM957

**20 ÁRA AFMÆLISHRINGFERÐ FM957**
**ELDHÚSPARTÝ OG MIÐNÆTURDANSLEIKUR**

TAL

FLUGFÉLAG ÍSLANDS




Zúúber GRÚBBAN

# ÍSAFJÖRÐUR

## FIMMTUDAGSKVÖLD

**2.JÚLÍ EDINBORG / FMPARTÝ MEÐ ZÚÚBER Á SVIÐI, EINAR ÁGÚST, BMV, 3 RADDIR**
MIÐAVERÐ 500.-KR

## 20 ÁRA FM STÓRDANSLEIKUR

**3.JÚLÍ EDINBORG / ZÚÚBER GRÚBBAN ÁSAMT EINARI ÁGÚSTI, GUNNA ÓLA & DJ.SVALA**
MIÐAVERÐ 1.900.-KR ( MIÐAVERÐ Í FORSÖLU 1.500.- FORSALA Á EDINGBORG )

**TAL NOTENDUR FÁ 300.KR AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI**

## VIÐ SKEMMTUM ÞÉR SUMARIÐ 2009

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FM957.IS**

**! ath. kl. 20.**
*Arkitektarnir Sami Rintala, Dagur Eggertsson og Ryo Yamada kynna eigin verk með fyrirlestrum í Norræna húsinu á hátíð sem helguð er Japan. Þar á meðal forvitnilegt verk í vinnslu sem skírskotar til japanskra og norrænna byggingarhefða og baðmenningar.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Niður á bóginn í Salnum

Er ekki allt á niðurleið? Hvað sem uppnáminu líður ætlar bassinn Bjarni Thor Kristinsson að þrepa sig niður og bjóða gestum Salarins á óborganlega skemmtun í kvöld í Salnum í Kópavogi. Þar flytur hann aríur, ljóð og sönglög sem stefna niður á við og rista djúpt við undirleik Ástríðar Öldu Sigurðardóttur píanóleikara. Þau byrja eins ofarlega og Bjarna er unnt og svo dýpkar það og dimmir niður tónstigann í leit að djúpum bassanótum og merkingu þeirra.

Bjarni er okkar mesti bassi um þessar mundir, tæknilega fær um léttan leik í túlkun og þrælöruggur á sínu raddsviði sem reynt verður á í kvöld. Ekki er vitað til að tónleikarnir tengist á nokkurn hátt niðurstigi annars bassa úr æðstu hefðarstólum í Kópavogi. En tónleikarnir hefjast kl. 20 og er miðasala í Salnum.



**TÓNLIST** Bjarni Thor Kristinsson söngvari.

### > Ekki missa af

BT Power trio og Palla Rósinkranz á Rosenberg í kvöld kl 21.30. Páll Rosinkranz mun stíga á svið með Bjössa Thor. Palli kom fram sem blússöngvari á Jazz og Blúshátíð Kópavogs í byrjun júní og sló rækilega í gegn.

# Hátíðir í haust

Kvikmyndahátíðir haustsins verða með fjörlegra móti og er ekkert lát á þótt þrengist hagur múgamanna: Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík verður haldin í sjötta sinn dagana 17.–27. september. Sýndar verða hátt í 100 kvikmyndir, heimildarmyndir jafnt sem leiknar, nýjar og framsæknar kvikmyndir í bland við verðlaunamyndir frá kvikmyndahátíðum víða um heim. Þegar hefur verið opnað fyrir umsóknir kvikmynda á Alþjóðlega kvikmyndahátíð í ár en umsóknarfrestur rennur út 15. júlí næstkomandi. Athygli er vakin á því að hátíðin óskar sérstaklega eftir íslenskum stutt- og heimildarmyndum en tekið er við kvikmyndum í fullri lengd frá öllum heimshornum. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um hátíðina má finna á nýrri og endurbættri heimasíðu: www.riff.is.

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík hefur vaxið ótrúlega síðustu ár. Ríflega 20.000 Íslendingar sóttu hana á síðasta ári auk hundraða alþjóðlegra gesta.

Hin hátíðin sem skellur á hvítum tjöldum Reykjavíkur í haust er Nordisk Panorama: fimm borga hátíð norrænna kvikmyndagerðarmanna með heimildar- og stuttmyndum. Hún er komin aftur til Reykjavíkur og verður haldin dagana 25.–30. september. Er þetta í tuttugasta sinn sem hátíð er haldin. Hátíðin býður upp á einstakt tækifæri til þess að taka púlsinn á norrænni kvikmyndgerð og vera fyrstur til að sjá nýjar myndir eftir þekkta leikstjóra og óuppgötvað hæfileikafólk. Fjöldi alþjóðlegra þekktra norrænna leikstjóra hefur þreytt frumraun sína á Nordisk Panorama og er hátíðin mikilvægur stökkpallur fyrir unga kvikmyndagerðarmenn.

Aðalsýningar Nordisk Panorama eru hluti af efnisskrá keppninnar sem fram fer á hátíðinni. Sú dagskrá felur í sér sýningu á um það bil 80 nýjum stutt- og heimildarmyndum og er stór hluti þeirra mynda sýndur í fyrsta sinn á hátíðinni alþjóðlegum áhorfendum. Keppt er um þrenn verðlaun, besta norræna stuttmyndin, besta norræna heimildamyndin og nýjar norrænar raddir. Skráningu mynda á hátíðina er nú lokið en dagskráin er ekki tilbúin.

Samsíða hátíðinni eru tveir mikilvægir og spennandi atburðir skipulagðir. Þeir eru Fjármögnunarmessan og Markaðurinn en á þeim gefst einstakt tækifæri fyrir kvikmyndagerðarmenn að kynna nýjar hugmyndir í þróun, dreifa myndum sínum og fjármagna ný verkefni.

pbb@frettabladid.is



**KVIKMYNDIR** Frá Nordisk Panorama fyrir fimm árum. Bíó í sundi.



**KVIKMYNDIR** Brúðguminn er ein þeirra mynda sem nýtur góðs af samstarfi Norðurlanda á kvikmyndasviðinu. Margrét Vilhjálmsdóttir og Hilmir Snær í hlutverkum sínum. MYND SÖGN

# Norrænt kvikmyndastarf

**Norrænu menningarmálaráðherrarnir hafa gert fimm ára samkomulag við Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn. Samkomulagið er einn stærsti liðurinn í fjárlögum menningarmálaráðherranna og mun styrkja Norðurlönd í alþjóðlegri samkeppni á sviði kvikmyndagerðar og framleiðslu sjónvarpsefnis.**

Sjónvarpsáhorfendur og kvikmyndaunnendur á Norðurlöndum geta glaðst yfir víðtækum pólitískum stuðningi við norræna kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð. Á fundi sem haldinn var í Reykjavík undirrituðu norrænu menningarmálaráðherrarnir og fulltrúar norrænna kvikmyndastofnana og sjónvarpsstöðva á Norðurlöndum nýtt samkomulag við Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn. Samkomulagið gildir til loka árs 2014. Fjárhagsáætlun sjóðsins verður áfram sú sama.

„Við getum glaðst yfir því að þrátt fyrir fjármálakreppu og niðurskurð í framlögum til menningarmála þá hefur tekist að tryggja rekstur sjóðsins með fimm ára samkomulagi og árlegu fjárframlagi sem nemur u.þ.b. 70 milljónum danskra króna. Við teljum það vera viðurkenningu á starfi sjóðsins. Samstarfslíkanið, sem felur í sér að Norræna ráðherranefndin starfar með bæði norræna kvikmynda- og sjónvarpsgeiranum, er einstakt á alþjóðavettvangi, en það stuðlar að því að viðhalda samkeppnishæfni og gæðum í framleiðslunni“, segir Hanne Palmquist, framkvæmdastjóri Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins.

Samkomulagið við Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn var undirritað af 17 samstarfsaðilum. Þetta er einstakt, vegna þess að samstarfsaðilar eru svo margir og ólíkir; kvikmyndastofnanir/sjóðir, ríkisútvarpsstöðvar og einkareknar sjónvarpsstöðvar. Katrín Jakobsdóttir, ráðherra menningarmála, er ánægð með samkomulagið. Hún leggur áherslu á að það sé mikilvægur þáttur í hnattvæðingarstefnu forsætis- og menningarmálaráðherranna.

„Kvikmyndir og sjónvarp eru einstakir tjáningarmiðlar. Þeir miðla annars vegar list og menningu og hins vegar eru þeir atvinnurekstur og iðnaður. Þannig verður kvikmynda- og sjónvarpsframleiðslan mikilvægur þáttur í nýsköpun og skapandi iðnaði.

Norðurlönd hafa hér mikilvægu hlutverki að gegna. Samkomulagið mun stuðla að því að viðhalda alþjóðlegri samkeppnishæfni þeirra á þessu sviði“, segir Katrín Jakobsdóttir og bætir við: „Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn hefur jafnframt fengið eina milljón danskra króna í aukafjárveitingu til markaðssetja norrænar kvikmyndir og hæfileikafólk á alþjóðavettvangi.“ Á ráðherrann þá við sérstakt átak til að styrkja dreifingu einstakra kvikmynda sem nú er í undirbúningi.

pbb@frettabladid.is




# Kreppuleikir

**Breska Þjóðleikhúsið hefur pantað leikverk fyrir Lyttelton-sviðið frá David Hare um fjármálakreppuna. Það á að vera tilbúið til æfinga í haust. Hare hefur áður fengið pantanir frá NT; síðast samdi hann verk um Íraksstríðið eftir pöntun. Þar áður hafði hann lagt fyrir sig stór verkefni; leikverk um fjármál flokkanna, bresku biskupakirkjuna, þjóðnýtingu járnbrauta og dómskerfið. Í einu fárra verka sem hér hafa verið flutt eftir hann, Amy‘s View, tók hann til meðal annars skoðunar svikaskema í kringum Lloyd‘s-tryggingafélagið sem fór illa með sparifjáreigendur.**


DAVID HARE

**Hér á landi hefur fjármálakreppan líka kallað á hug leikskáldanna. Í fyrstu úthlutun Prologus fékk Bjarni Jónsson styrk til að vinna verk sem átti að gerast í aðför kreppunnar. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort og hvenær það kemst á svið.** - pbb

# Nína doktor

**Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari varði hinn 2. júní sl. doktorsritgerð sína við tónlistardeild Graduate Center of the City University of New York. Andmælandi var dr. Sylvia Kahan, prófessor í píanóleik og tónlistarfræðum við CUNY Graduate Center og College of Staten Island. Titill doktorsritgerðarinnar er: „The Piano Works of Páll Ísólfsson (1893-1974) – A Diverse Collection.“**


NÍNA MARGRÉT GRÍMSDÓTTIR

**Ritgerðin birtir frumrannsóknir á píanóverkum Páls Ísólfssonar frá tónlistarfræðilegu- og tónlistarsögulegu sjónarmiði, þ.m.t. frumbirtingar átta handrita auk handritsútgáfu Tilbrigða um sönglag eftir Ísólf Pálsson. Ritgerðinni fylgir geisladiskur með píanóverkum Páls Ísólfssonar sem Nína Margrét hljóðritaði fyrir BIS Records í Svíþjóð árið 2001 og tilnefndur var til Íslensku tónlistarverðlaunanna sama ár.**

**Nína Margrét starfar við píanóleik og kennir við Listaháskóla Íslands og Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún er gift Styrkári Hendrikssyni, forstöðumanni markaðsviðskipta hjá MP Banka, og eiga þau einn son, Kjartan Örn.**

## NÝJAR BÆKUR

Út er komin bókin Íslenskar lækningajurtir eftir grasafræðinginn Arnbjörgu L. Jóhannsdóttur. Bók þessi hefur verið ófáanleg um árabil en fyrsta prentun hennar kom út árið 1992. Grasalækningar hafa verið stundaðar frá alda öðli en elstu heimildir um þær eru yfir 5000 ára gamlar. Í íslenskri náttúru má finna fjölda gagnlegra jurta sem nýst geta gegn ýmsum kvillum. Í bókinni er gerð grein fyrir lækningamætti jurtanna og hvernig má nýta þær sér til heilsubótar. Fjallað er um einkenni jurtanna og hvar þær er að finna, hvaða hlutar þeirra nýtast best til lækninga, virk efni í þeim og áhrif þeirra á mannslíkamann og gegn hvaða kvillum jurtalyf hafa reynst best. Auk þess prýða bókina á annað hundrað ljósmyndir í lit af öllum jurtum. Þá er enn fremur sagt frá úrvali erlendra lækningajurta sem auðvelt er að rækta í íslenskum görðum og gróðurskálum. Arnbjörg Linda hefur starfað sem jurtaráðgjafi á Íslandi og Englandi um árabil. Hún lærði grasalækningar í The School of Phytotherapy á Englandi og síðar óhefðbundnar lækningar og nálastungur í The International School of Oriental Medicine á Englandi. Mál og menning gefur út.




Bókin um allt eftir Guus Kuijer er komin út á forlagi Barnabókaútgáfunnar. Bókin um allt kom út í Hollandi 2005 og hefur verið þýdd á fjölda tungumála. Hún þykir veita einstaka sýn í hugsanir og tilfinningar níu ára drengs sem þarf að þola harðræði á heimili sínu. Sagan gerist í Amsterdam 1951 á þeim tíma þegar Hollendingar voru að gera upp sambúð sína við hernámslið þýska hersins. Tómas er að fóta sig í tilverunni á þessum erfiða tíma. Hann sér margt sem aðrir sjá ekki og skrifar um reynslu sína í stílabók. Óvæntur vinur verður til að frelsa hann úr viðjum óttans og hann lærir að verða hamingjusamur. Árni Árnason þýddi en bókin höfðar bæði til barna og fullorðinna.




Einar Már Guðmundsson er meðal okkar virtustu rithöfunda en í nýjasta verki hans kveður við nýjan tón. Hvíta bókin er eftirtektarvert rit frá framúrskarandi höfundi sem kryfur ástand samfélagsins og hvetur þjóðina til betri verka. Bókin kemur út í dag á forlagi Máls og menningar. Hvíta bókin er, segir í kynningu útgefanda, fjörug og fyndin bók en um leið miskunnarlaus í lýsingu sinni á íslensku samfélagi og þróun þess á undanförnum árum; hún fer vítt um í tíma og rúmi, blandar saman persónulegum minningum höfundarins og köflum úr stjórnmálasögu heimsins, rokkmúsík og efnahagsumræðu, pólitík og bókmenntum, samfélagsgagnrýni og hollum mannskilningi. Einar Már hlífir engum, hvorki til hægri né vinstri, og spyr óþægilegra spurninga, ekki ólíkt barninu í sögunni sem velti fyrir sér hvers vegna keisarinn væri ekki í neinum fötum. Kveikjan að bókinni var ögrandi skrif Einars í Morgunblaðið fyrstu vikurnar eftir hrunið síðasta haust, en þau vöktu mikla athygli hér heima og erlendis og rötuðu m.a. á síður Information í Danmörku og Gautaborgarpóstsins í Svíþjóð.













DIRTY PROJECTORS


WILCO

## > Í SPILARANUM

**Dirty Projectors** - Bitte Orca
Retron - Swordplay & Guitarslay
The Fiery Furnaces - I'm Going Away
Noisettes - Wild Young Hearts
Phoenix - Wolfgang Amadeus Phoenix
**Wilco** - Wilco

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Liam leikur í bíómynd

Oasis-stjarnan Liam Gallagher lætur til sín taka víðar en í tónlistinni um þessar mundir. Hann er með eigin fatalínu og hyggst nú reyna fyrir sér í kvikmyndaheiminum. Liam hefur samþykkt að leika í kvikmynd sem byggð er á skáldsögu Kevins Sampson, Powder. Í henni segir af hljómsveit sem slær í gegn og togast inn í svallheim bransans með tilheyrandi kynlífshneykslum og eiturlyfjaneyslu.

Liam er um þessar mundir á tónleikaferðalagi með Oasis. Þegar þeim skyldum lýkur í ágúst hyggst hann fara að einbeita sér að kvikmyndinni. Ekki liggur enn fyrir hversu stórt hlutverk söngvarinn fær í myndinni.


**LIAM GALLAGHER** Ætlar að leika í bíómynd.




## > Plata vikunnar

Trúbatrix - Taka 1

★★★

„Sýnir vel gróskuna hjá tónlistarkonum landsins.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

# *Brimbrettastelpur á spítti*

Nú er búið að tilkynna nokkur þau tónlistaratriði sem verða á næstu Iceland Airwaves-hátíð. Það er ótrúlegt hvað maður er búinn að upplifa mikið af flottum tónleikum á Airwaves síðustu ár. München-popplistakonurnar Chicks On Speed eru eitt dæmið. Þær spiluðu á mjög eftirminnilegu kvöldi á Gauknum á hátíðinni 2001 þar sem fram komu líka m.a. Ensími, Dr. Spock og Sparta.

Chicks On Speed er hljómsveit, en líka síbreytilegur hópur listakvenna sem vinna með ólíka miðla og ráðast í ýmiss konar verkefni tengd myndlist, tónlist, myndbandagerð og myndlist. Hljómsveitin er búin að starfa síðan 1997 og byrjaði sem einhvers konar listapönkband, en varð svo hluti af „electroclash“-senunni upp úr aldamótunum. Tónleikarnir þeirra eru alltaf sýning með sérhönnuðum sviðsbúningum. Þær hafa gefið út nokkrar stórar plötur og slatta af smáskífum og remixum. Í maílok kom út ný plata með sveitinni, Cutting The Edge, en hún er tvöföld og inniheldur 23 lög. Chicks On Speed hafa átt nokkra eftirminnilega smelli, t.d. Euro Trash Girl og We Don't Play Guitars, en nýja platan er hiklaust þeirra aðgengilegasta, full af skemmtilegu poppi og töffaraskap.


**CHICKS ON SPEED** Spilaði á Gauknum á Iceland Airwaves 2001.

Eins og áður eru textarnir líka safaríkir. Í Art Rules hæðast þær að listaheiminum og How To Build A High Heeled Shoe Guitar er farið yfir það hvernig hægt er að breyta háhælaða skónum þínum í rafmagnsgítar. Nöfn laganna Girl Monster, Vibrator, Globo Cop og Sex in der Stadt segja svo eitthvað um innihaldið. Eitt skemmtilegasta lagið er nýja smáskífan, Supersurfer Girl. Ómótstæðilegur brimbrettarafrokksmellur. Plata sem hægt er að mæla með …




199 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.


# Litríkur fantasíuheimur

**Elektródúettinn Empire of the Sun hefur vakið mikla athygli fyrir afslappaðar og grípandi melódíur sínar. Smáskífulagið Walking on a Dream hefur heldur betur hitt í mark.**


**EMPIRE OF THE SUN** Dúettinn Empire of the Sun hefur vakið athygli fyrir grípandi og afslappaðar lagasmíðar sínar.

Mennirnir á bak við Empire of the Sun eru Ástralarnir Luke Steele og Nick Littlemore. Hljómsveitin er eins konar hliðarverkefni þeirra því báðir hafa þeir haft öðrum hnöppum að hneppa í gegnum árin; Steele sem forsprakki indísveitarinnar The Sleepy Jackson og Littlemore sem meðlimur elektróbandsins Pnau.

Empire of the Sun, sem dregur nafn sitt af samnefndri skáldsögu J.G. Ballard frá árinu 1984, gaf út smáskífuna Walking on a Dream síðasta haust sem komst ofarlega á vinsældarlista í Ástralíu. Lagið kom sveitinni rækilega á kortið því samnefnd plata sem kom út í lok síðasta árs náði platínusölu í heimalandinu, auk þess sem titillagið hefur verið tilnefnt sem lag ársins í Ástralíu. Síðan þá hafa þeir félagar gefið út smáskífulögin We Are The People og Standing on the Shore, sem hafa einnig fengið góðar viðtökur. Tónlistarspekingar BBC tóku sig einnig til og settu Empire of the Sun í fjórða sætið yfir þá nýliða sem voru líklegastir til að ná langt á þessu ári. Á meðal annarra á listanum voru Little Boots, White Lies og Florence and the Machine.

Þrátt fyrir að hafa gefið út sína fyrstu plötu á síðasta ári hefur Empire of the Sun enn ekki haldið tónleika. Þeir fyrstu eru fyrirhugaðir á Parklife-hátíðinni í Ástralíu sem verður haldin dagana 26. september til 5. október.

Eins og útlit þeirra Steeles og Littlemores ber með sér líta þeir á hljómsveitina sem litríkan fantasíuheim þar sem allt getur gerst. „Það er núna eða aldrei og við verðum að sækja fram á við. Það þýðir ekkert að halda aftur af sér og við höfum engu að tapa. Við viljum gera eitthvað sem er sérstætt og af öðrum heimi,“ sagði Steele í viðtali við BBC. „Við höfum prófað hljómsveitapakkann, sem er mjög gaman, en okkur langaði að prófa að vera epískari og dramatískari. Við viljum byrja á einhverju sem er aðeins stærra en hljómsveitirnar sem við höfum verið í síðustu tuttugu árin. Við viljum meiri skemmtun, litadýrð, jákvæðni og melódíu inn í dæmið,“ sagði hann. Eitt uppátæki sveitarinnar er að taka upp myndband við hvert einasta lag á plötunni víðs vegar um heiminn og gera síðan úr þeim bíómynd í fullri lengd. Þegar hafa tökur farið fram hér á landi, í Kína og Mexíkó og verður forvitnilegt að sjá hvernig endanleg útkoma verður.

freyr@frettabladid.is

# Ráðstefna rokkara

Heljarinnar þungarokksveisla verður haldin á Sódómu Reykjavík annað kvöld. Deep Jimi and the Zep Creams og Morðingjarnir stíga á svið, fjórir þungarokksfróðir plötusnúðar þeyta skífum og keppt verður í spurningakeppni þar sem þungarokk verður vitaskuld í forgrunni. Einnig verður dregið í Metal-happadrætti. Þeir sem mæta í klæðnaði sem hæfir hátíð sem þessari geta átt von á glaðningi og aðstandendur lofa einnig glæstum vinningum í spurningakeppninni.

Staðurinn Sódóma verður skreyttur ríkulega af tilefninu og ógleymanlegum myndskeiðum úr sögu þungarokksins verður varpað á tjald. Kvöldið er hugsað sem nokkurs konar gleðifyllt rokkráðstefna þungarokkara af öllu tagi og eru sem flestir hvattir til að láta sjá sig. Kvöldið hefst stundvíslega klukkan 20 og er aðgangseyrir 1.000 krónur.


**MORÐINGJARNIR** Hljómsveitin Morðingjarnir stígur á svið annað kvöld ásamt Deep Jimi and the Zep Creams.

# Dúett Ólafar og Megasar

Megas og Ólöf Arnalds halda tónleika á Café Rosenberg miðvikudaginn 1. júlí. Þar munu þau spila hvort í sínu lagi og einnig nokkur lög saman. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni tímaritsins Reykjavík Grapevine og Félags tónskálda og textahöfunda. Verkefnið nefnist Fuglabúrið og er hluti af Íslensku tónlistarsumri Samtóns. Fyrstu tónleikarnir í þessari tónleikaröð voru haldnir 11. júní þegar mæðgurnar Bryndís Jakobsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir stigu á svið. Tónleikar Megasar og Ólafar Arnalds hefjast klukkan 21 og kostar 1.000 krónur inn.


**ÓLÖF ARNALDS**



**RAKAR INN SEÐLUM**

Söngkonan **Madonna** hefur þénað mest allra tónlistarmanna í heiminum undanfarið ár. Samkvæmt Forbes hefurr hún rakað inn 110 milljónum dollara, eða um fjórtán milljörðum íslenskra króna. Efsti karlmaðurinn á listanum er **Bruce Springsteen** með tæpa níu milljarða. Á eftir honum kemur kántrítónlistarmaðurinn Kenny Chesney.

# Madonna er tekjuhæst í heimi

**Madonna hefur þénað mest allra tónlistarmanna í heiminum undanfarið ár samkvæmt viðskiptaritinu Forbes. Celine Dion og Beyoncé fylgja henni fast á eftir.**

Samkvæmt Forbes hefur Madonna þénað 110 milljónir dollara, eða tæpa fjórtán milljarða króna, frá því í júní í fyrra. Ástæðan fyrir þessari gífurlegu upphæð er hin vel heppnaða Sticky & Sweet-tónleikaferð sem uppselt hefur verið á víða um heim og góð sala á plötunni Hard Candy. Í þessum útreikningum er dýr skilnaður hennar við leikstjórann Guy Ritchie ekki tekinn með í reikninginn. Talið er að hann muni kosta Madonnu um 9,5 milljarða króna.

Í öðru sæti á listanum er Celine Dion með um 12,7 milljarða og á eftir henni kemur þriðja söngdívan, Beyoncé Knowles, með um ellefu milljarða, aðallega vegna tónleikaferðarinnar A Am...Sasha Fierce.

Tekjuhæsti karlmaðurinn á listanum er Bruce Springsteen með tæpa níu milljarða króna, mest vegna vel heppnaðrar tónleikaferðar til að fylgja eftir plötunni Working on a Dream og tónleika sinna á Super Bowl-úrslitaleik bandaríska ruðningsins. Á eftir honum kemur kántríhetjan Kenny Chesney og í næstu sætum á eftir með sömu upphæð, um 7,6 milljarða, koma Coldplay, Rascal Flatts og AC/DC. Gömlu kempurnar í The Eagles, sem hafa verið duglegar við tónleikahald að undanförnu, þénuðu tæpa sjö milljarða, sem tryggði þeim níunda sætið á listanum.

Þrátt fyrir efnahagskreppuna í heiminum jukust tekjur þeirra tíu efstu á listanum samanlagt um 219 milljónir dollara, eða tæpa 29 milljarða, miðað við sama lista í fyrra sem hlýtur að teljast saga til næsta bæjar.



**BRÓÐIR SVARTÚLFS** Sigursveit Músíktilrauna tók þátt í hljóðverssmiðju Kraums á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Smiðjurnar tókust vel

Hljóðverssmiðjur Kraums voru haldnar í fyrsta sinn í hljóðverinu Tankinum á Flateyri, Önundarfirði, fyrir skömmu. Nokkur lög voru kláruð í hljóðverinu og vel heppnað námskeið um upptökur, lagasmíðar og fyrstu skrefin í tónlistarbransanum haldið. Hljómveitirnar sem tóku þátt í smiðjunum voru Bróðir Svartúlfs, Ljósvaki og The Vintage, sem skipuðu þrjú efstu sætin í Músíktilraunum 2009. Leiðbeinendur voru Mugison, Páll Ragnar Pálsson úr Maus og Önundur Hafsteinn Pálsson, slagverksleikari, upptökumaður og tónlistarkennari á Ísafirði.



**> GÁTUMAÐURINN DEPP**

**Johnny Depp** hefur áhuga á að leika Gátumanninn í næstu Batman-mynd. „Ef tækifærið kæmi upp þá myndi ég pottþétt grípa það. Ég hef alltaf verið hrifinn af Gátumanninum,“ sagði hann. Batman sjálfur, Christian Bale, leikur á móti Depp í myndinni Public Enemies og telur einnig að hann myndi smellpassa í hlutverkið.



**bíó**

bio@f

# Enn meiri rómantík hjá Heigl

Leikkonan Katherine Heigl, sem sló í gegn í læknaþáttunum Grey´s Anatomy, hefur tekið að sér aðalhlutverkið í rómantísku gamanmyndinni Life As We Know It.

Heigl hefur verið að færa sig upp á skaftið í kvikmyndaheiminum og svo virðist sem rómantískar gamanmyndir ætli að verða aðalsmerki hennar í Hollywood. Síðasta mynd hennar var brúðkaupsgrínið 27 Dresses þar sem hún lék eilífðar brúðarmær og næsta mynd hennar áður en Life As We Know It fer á hvíta tjaldið nefnist The Ugly Truth sem fjallar um samskipti kynjanna.



**KATHERINE HEIGL** Heigl hefur tekið að sér aðalhlutverkið í rómantísku gamanmyndinni Life As We Know It.

Life As We Know It fjallar annars um tvær manneskjur sem verða fyrir miklu áfalli þegar sameiginlegur vinur þeirra deyr í slysi. Samkvæmt erfðaskránni eiga þær að sjá um unga dóttur vinarins og ljóst að það á síður en svo eftir að ganga áfallalaust fyrir sig.

Þess má geta að Heigl leikur ekki aðeins aðalhlutverkið í myndinni heldur framleiðir hún hana einnig í samstarfi við móður sína Nancy. Leikstjóri verður Greg Berlanti sem er maðurinn á bak við sjónvarpsþætti á borð við Dirty Sexy Money, Brothers and Sisters og Dawsons´s Creek.

## *Varð óglatt eftir ástarsenur með Fisher*

Líf kvikmyndaleikarans er ekki alltaf dans á rósum. Og atriði sem birtast áhorfendum í líki lostafullra ástarsena eru oftast kvöl og pína fyrir þá sem taka þátt í þeim. Í það minnsta var það þannig fyrir hinn unga og óreynda Edward Hogg þegar hann lék í ástarsenu á móti Stjörnustríðsstjörnunni Carrie Fisher. Honum varð nefnilega óglatt eftir tökurnar.

Atriðið er að finna í kvikmyndinni White Lightnin‘ en þar eru þau Hogg og Fisher í heitum leik í baðkari. Með þeim í baðinu er síðan kampavínsflaska. Og þannig sjá áhorfendur atriðið. Hins vegar gekk ekki þrautalaust að taka upp atriðið og því þurfti Hogg, sem leikur áfengissjúkan dansara í myndinni, að drekka heilar þrjár kampavínsflöskur á meðan leikar stóðu sem hæst. „Atriðið var tekið upp sjö sinnum og ég þurfti að drekka hálfa flösku í hvert skipti. Þegar við vorum loks búin þá fór ég fram á klósett og kastaði upp,“ segir Hogg í samtali við vefsíðuna WENN.

Og til að bæta gráu ofan á svart þá leið Hogg ekkert alltof vel að vera ofan í baðkarinu með Carrie. Því hann hafði horft á allar Stjörnustríðsmyndirnar um hver jól frá því hann var sex ára og dáðst að fegurð og þokka Fisher. „En Carrie var mikil fagmanneskja og vissi nákvæmlega hvað hún var að gera.“



**ÞRJÁR KAMPAVÍNSFLÖSKUR** Edward Hogg viðurkennir að honum hafi þótt óþægilegt að leika á móti Carrie Fisher, enda hafi hann verið mikill aðdáandi Star Wars.

# UPPHAFIÐ AÐ MEGAN FOX

**Þótt einhverjir efist um leiklistarhæfileika Megan Fox hefur hún svo sannarlega stimplað sig inn í kvikmyndabransann með kvikmyndunum um Optimus Prime og hina Transformers-karlana.**

Framhaldsmyndin Transformers: Revenge of the Fallen verður frumsýnd í kvikmyndahúsum borgarinnar um helgina og ef hún er eitthvað í líkingu við fyrri myndina ætti hún að trekkja að hasaróð ungmenni sem þyrstir í sprengingar og tæknibrellur. Myndin tekur upp þráðinn þar sem sú fyrri skildi við hann. Sam Witwicky er kominn í háskóla og er í góðu sambandi við bifvélavirkjann Mikaelu Barnes. En smá babb kemur í bátinn þegar Megatron og hans þrjótar snúa aftur til jarðar og reyna að taka Sam til fanga enda veit pilturinn allt um uppruna Transformers. Og sú vitneskja gæti ógnað tilveru þessara geimveruvélmenna. Ekki er að sökum að spyrja, Optimus Prime og félagar snúast til varnar og reyna að bjarga heimsbyggðinni allri frá glötun.

Ekki þarf að fjölyrða um vinsældir fyrstu Transformers-myndarinnar. Hún sló rækilega í gegn enda meistarastykki á sviði tæknibrellna. Myndin markaði jafnframt upphafið að ótrúlegum vinsældum Megan Fox en henni tókst nýverið að verja titil sinn sem kynþokkafyllsta kona heims í augum lesenda karlatímaritsins FHM. Til gamans má geta að Jennifer Lopez var eina konan sem hafði tekist það áður en Fox spratt fram á sjónarsviðið.

Í raun má segja að vinsældir Fox og vinsældir Transformers haldist í hendur. Því fyrir kvikmyndina hafði leikkonan varla gert neitt af viti og á milli Transformers-myndanna tókst Megan Fox ekki að velja sér neitt sérstaklega gáfuleg hlutverk. How to Lose Friends & Alienate People var hálfgert flopp þrátt fyrir veikulega tilraun markaðskarlanna til að selja kvikmyndina með blautabolssenum leikkonunnar. Um kvikmyndina Whore er lítið vitað, annað en að hún skartar Ron Jeremy í einu hlutverkanna. Spurningin er hvort Fox hafi leitað til unnusta síns, Brian Austin Green, sem seint verður sakaður um mikla leiklistarhæfileika (hann lék David Silver í 90210-sjónvarpsþáttunum ef einhverjir skildu hafa gleymt því).

Fox hafði reyndar gengið ágætlega að vinna fyrir salti í grautinn með fyrirsætustörfum á unga aldri. Hún hefur unnið í skemmtanaiðnaðinum frá fimm ára aldri og veit því nokkurn vegin út á hvað bransinn gengur. Hún lék nokkur gestahlutverk í þekktum sjónvarpsþáttum þar vestra og fékk fasta vinnu í sjónvarpsseríunni Hope & Faith sem sýndir var á Íslandi fyrir ekki löngu. Fox dreymdi hins vegar um frægð og frama á hvíta tjaldinu og hefur meðal annars afrekað að leika á móti þremur barnastjörnum sem allar eiga það sameiginlegt að tölu-vert hefur fallið á stjörnur þeirra. Fox lék nefnilega á móti Olsen-tvíburunum í Holiday in the Sun og svo á móti ólíkindatólinu Lindsay Lohan í Confessions of a Teenage Drama Queen.

Forvitnilegt verður að sjá hvernig Fox tekst að viðhalda vinsældum sínum, nú þegar Transformers-ævintýrinu virðist vera að ljúka. Hún hefur úr nægum verkefnum að moða, vinsældirnar eru ótvíræðar en stóra spurningin hlýtur að vera sú: hvort örlög Fox verði þau að daga uppi og falla í gleymskunnar dá áður en fyrsti áratugur 21. aldarinnar hefur runnið sitt skeið.



**BLESSUN EÐA BÖLVUN** Megan Fox hefur náð ótrúlegum vinsældum með kvikmyndunum tveim um Transformers. Spurningin er hins vegar hvort það sé líf hjá Fox eftir Optimus Prime? NORDIC PHOTOS/AFP






# Fincher leikstýrir Facebook

Bandaríski leikstjórinn David Fincher er þessa dagana orðaður við kvikmynd um Facebook-ævintýrið. Fincher þarf vart að kynna fyrir kvikmyndaáhugamönnum, eftir hann liggja verk á borð við Seven, The Game og nú síðast The Curious Case of Benjamin Button. Að ógleymdu Rolling Stones-myndbandinu sem nýjasta Vodafone-auglýsingin á Íslandi vísar svo sterkt til.

Facebook er reyndar í svipuðum sporum og Fincher, þetta vinasamfélag hefur slegið gjörsamlega öll met á netinu, er orðið að hálfgerðu tákni fyrir samskiptamáta 21. aldarinnar og milljónir manna nota vefsíðuna til að endurnýja kynni við löngu horfna skólafélaga og ástvini. Vefsíðan hefur jafnframt orðið kveikjan að ástarsamböndunum og skilnuðum þannig að vegir vinasamfélagsins eru nánast órannsakanlegir. Meira að segja mótmælendur í Íran nota Facebook til að koma á framfæri myndböndum og myndum af harðræðinu sem þeir hafa mátt þola frá klerkastjórninni í Teheran.

Aaron Sorkin er að skrifa handrit um þessa hugmynd Mark Zuckerberg en Facebook fæddist í Harvard og var upphaflega hugsað sem tengslanet milli nemenda háskólans, en talið er að í dag séu yfir tvö hundruð milljónir notenda skráðir á Facebook. Framleiðendur myndarinnar um þetta fyrirbæri eru Scott Rudin, Mike DeLuca og Kevin Spacey sem vilja hefja störf sem fyrst og ráðgert er að tökur hefjist 2010.



**AMERÍSKI DRAUMURINN** Óhætt er hægt að segja að Mark Zuckerberg lifi ameríska drauminn til fulls en vinasamfélag hans á netinu, Facebook, hefur slegið öll met. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

www.utivistogsport.is

# STÓRÚTSALAN Í FULLUM GANGI

# 50-80% AFSLÁTTUR

**Dömu-, herra- og barnafatnaður**

bolir
skyrtur
buxur
zip off buxur
kvart buxur
regnföt
isotex jakkar
isotex buxur
softshell
flíspeysur
undirföt
skór
bakpokar
sokkar
smávara ofl.

Regatta GREAT OUTDOORS™

**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 10 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**

**ÚTIVIST&SPORT**
*verslun/heildverslun*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322



**> VEIKINDI Á HEIMILINU**

Nýjar fregnir herma að yngstu börn **Angelinu Jolie** og **Brads Pitt,** tvíburarnir Knox og Vivienne, séu heilsulítil. Knox á víst erfitt með að halda mat niðri og Vivienne mun vera með mjólkuróþol. Bæði eru þau mjög veikluleg og þess vegna vilja foreldrar þeirra ekki að börnin fari út fyrir veggi heimilisins.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Katie sendir Peter tóninn á Twitter

„Við höfum tekið þá ákvörðun að skilja og við vonum að fjölmiðlar virði þá ósk okkar að gera það í kyrrþey, fjarri kastljósinu.“ Á þessum nótum var yfirlýsingin sem Peter André og Katie Price sendu bresku pressunni þegar þau ákváðu að skilja eftir rúmlega þriggja ára hjónaband. Óhætt er að fullyrða að hvorki breskir fjölmiðlar né Peter eða Katie hafi virt þessa yfirlýsingu því stanslausar fréttir af þessum fyrrverandi hjónakornum hafa borist undanfarna daga.

Það nýjasta í málinu er að Katie kallar Peter öllum nöfnum á twitter-síðu sinni sem tæplega tvö hundruð þúsund aðdáendur lesa daglega. Skilaboðin hefjast reyndar á því að Katie lýsir því yfir að hún geti ekki beðið eftir að sjá börnin sín aftur. En hún skildi þau eftir hjá fyrrum eiginmanni sínum þegar hún hélt áleiðis til Ibiza þar sem hún hefur hvílt í örmum ókunnugra manna. Svo hefst reiðilesturinn og Katie hellir úr skálum reiði sinnar yfir André, kallar hann slíkum nöfnum að jafn siðprútt blað og Fréttablaðið getur ekki haft þau eftir.

Ljóst er að ekki eru öll kurl komin til grafar enn í þessum skilnaði.



**ILLINDI** Skilnaður Peters André og Katie Price virðist ætla að verða hálfógeðfelldur.

NORDIC PHOTOS/GETTY



**JJ SOUL BAND** Hljómsveitin JJ Soul Band spilar í fyrsta sinn í fjögur ár á Akureyri í kvöld.

## Þeir fyrstu í fjögur ár

Hljómsveitin JJ Soul Band heldur sína fyrstu tónleika hérlendis í fjögur ár þegar hún stígur á svið á Græna hattinum á Akureyri í kvöld. Síðast spilaði hún opinberlega á Íslandi á Listahátíð Seltjarnarness árið 2005 og þar áður á Listasumri Akureyrar og Jazzhátíð Austurlands árið 2002.

Tónleikar á Blúshátíð á Ólafsfirði eru einnig fyrirhugaðir á laugardaginn og á Café Rosenberg daginn eftir.

Hljómsveitin ætlar meðal annars að spila lög af sinni nýjustu plötu, Bright Lights, sem kom út í fyrra.

## Eignuðust tvíbura

**Hjónin Sarah Jessica Parker og Matthew Broderick eignuðust tvíbura nú í vikunni. Hjónin fengu staðgöngumóður til að ganga með börnin og sú fæddi tvær litlar stúlkur sem hafa fengið nöfnin Marion Loretta Elwell og Tabitha Hodge.**

**Í fréttatilkynningu frá leikurunum segja þau nöfnin Elwell og Hodge vera í höfuð skyldmenna Söruh. Í fréttatilkynningunni segjast þau jafnframt vera himinlifandi með fæðingu dætranna. Fyrir eiga hjónin einn son, James Wilkie, sem er sjö ára.**

# SILFURDRENGIR BJÓÐA 400 MANNS Í INDVERSKAN MAT Í PARTÍI ÁRSINS

**Logi Geirsson og Björgvin Páll Gústavsson halda stærsta partí ársins á skemmtistaðnum Oliver á laugardagskvöldið. Fjögur hundruð vinir þeirra hafa fengið boðskort og ekkert verður til sparað þegar hárgelið The Silver verður kynnt.**

„Þetta verður svolítið ýkt, svona Hollywood-þema með indverskum mat. Ekki einhverjum pinnamat heldur bara alvöru matur handa fjögur hundruð manns,“ segir Logi Geirsson, silfurdrengur með meiru. Um helgina ætla hann og Björgvin Páll Gústavsson að halda veglegt kynningarpartí á skemmtistaðnum Oliver í miðbæ Reykjavíkur. Og þangað verður stefnt öllum þeim sem hafa lagt sitt á vogarskálarnar við að ýta úr vör hárgelinu The Silver, sem þeir félagar hafa lagt nótt við nýtan dag við að koma á íslenskan markað. Fyrsti söludagur hefur verið settur hinn 1. júlí og ríkir mikil spenna í herbúðum silfurdrengjanna enda er langþráður draumur, sem vaknaði hjá Loga fyrir fimm árum, að verða að veruleika.

Logi er ekki alveg reiðubúinn til að uppljóstra hverju gestir silfurteitisins mega eiga von á. Hann staðfestir hins vegar að mönnum eigi eftir að líða eins og alvöru Hollywood-stjörnum. Því þarna verða lífverðir á hverju strái, rauður dregill og ljósmyndarar til að festa á filmu þennan sögulega viðburð. Logi vildi ekki staðfesta að sverð- og eldgleypir yrði á staðnum né hvaða tónlistarmenn myndu troða upp. Hins vegar er alveg ljóst að það er meiri eftirspurn en minni eftir því að hin goðsagnakennda hljómsveit Logi og Lundarnir troði upp í tilefni dagsins. „Ég vil ekki staðfesta eitt eða neitt, það er hins vegar alveg ljóst að þetta yrði flottur vettvangur fyrir okkur að frumsýna hljómsveitina hér á landi,“ segir Logi, dularfullur. Hins vegar er ljóst að Idol-Lísa mun troða upp þetta kvöld ef marka má fréttatilkynningu sem umboðsmaður hennar, Einar Bárðarson, sendi frá sér. Logi upplýsir að dolla með gelinu verði við hvern vask á Oliver þannig að áhugasamir geta fengið að prófa vöruna. Og kannski verður eitthvað eftir þegar almenningi verður hleypt inn á Oliver á miðnætti.

Björgvin Páll Gústavsson var staddur í Svíþjóð á markmannsnámskeiði þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Hann er væntanlegur til landsins í dag og mun þá hella sér af fullum krafti út í undirbúninginn fyrir silfurteitið. „Þetta er bara mikið tilhlökkunarefni, loksins er þetta að fara af stað og vonandi á veislan bara eftir að kveikja í fólki.“ Þess má geta að heimasíða gelsins er thesilver.is.

freyrgigja@frettabladid.is



**LOGI GEIRSSON** Silfurveislan sem Björgvin Páll og Logi Geirsson blása til verður ein af veislum ársins. Kannski tímanna tákn að það skuli vera íþróttakappar en ekki útrásarvíkingar sem haldi það enda full innistæða fyrir því sem Logi og Björgvin hafa verið að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


BROSANDI ALLAN HRINGINN

Veitingastaðir á öllum hótelum • Alltaf stutt í sund • Vingjarnleg þjónusta

Gistiverð frá 4.250 kr. á mann • Fimmta hver nótt frí

hotel edda






13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar
4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjar • 6 Neskaupstaður
7 Egilsstaðir 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal

Pantaðu allan hringinn á www.hoteledda.is eða í síma 444 4000


# McMahon látinn

Bandaríski grínistinn, Ed McMahon, er látinn, 86 ára að aldri. Dánarorsök er enn óljós en hann lést á sjúkrahúsi í Los Angeles í fyrradag.

Ed McMahon var þekktastur fyrir að vera kynnir fyrir Johnny Carson í The Tonight Show frá 1962 og allt til ársins 1992. Hann kom einnig fram í fjölda annarra sjónvarpsþátta og lék einnig í nokkrum kvikmyndum.



**SJÓNVARPSSTJARNA LÁTIN** McMahon kom fram í fjölda sjónvarpsþátta á löngum ferli sínum.


vísir.is

„...ég sá það á vísi“

# Ræktar tóbak og grasker

**Í Skorradal hafa nokkrir starfsmenn Skógræktar ríkisins tekið sig til og gera nú tilraunir með að rækta grasker, tóbak og maís hér á landi.**

Orri Freyr Finnbogason og samstarfsmenn hans hjá Skógrækt ríkisins stunda ýmis konar tilraunastarfsemi þegar kemur að nytja- og matjurtarækt. Auk þess að rækta hefðbundið grænmeti, líkt og kartöflur og gulrætur, hafa þeir meðal annars gert tilraunir til að rækta tóbak, baunir og maís. „Ég hef verið mikið á Spáni og komst þar í kynni við fólk sem hefur eiginlega sagt sig úr samfélaginu og stundar sjálfsþurftarbúskap í Píreneafjöllunum. Þau voru með sérstakan sáðbanka sem ég fékk aðgang að og ég tók eitthvað af fræjum með mér heim. Mér finnst veðurog gróðurfar þarna í Píreneafjöllunum ekki svo ólíkt því sem gerist hér á Íslandi þannig ég held að það sé ekki spurning að eitthvað af þessum fræjum eigi eftir að vaxa og dafna hér,“ segir Orri Freyr en hann telur að Íslendingar gætu með tíð og tíma orðið næstum sjálfbær þjóð. „Mér þykir samfélagið komið á undarlega braut þegar fólk þarf að vinna átta tíma á dag bara til þess að eiga fyrir mat og húsaskjóli. Þarna er fólk að horfa til aukinna lífsgæða í formi frítíma sem það getur eytt með fjölskyldu og vinum eða til að sinna áhugamálum. Mér fannst þetta mjög heillandi allt,“ segir Orri.

Á ferðum sínum um Spán kynntist Orri Freyr ýmsum kynlegum kvistum og bjó meðal annars hjá áttræðum, heyrnarlausum manni sem kenndi honum þá hættulegu iðju að veiða villisvín. „Hann kenndi mér meðal annars að búa til villisvínagildrur og hvernig hægt væri að finna þau með því að skoða börkinn á trjánum og rýna í sporin sem þau skilja eftir sig. Villisvín eru mjög hættuleg dýr og maður þarf því að passa sig mjög vel við veiðarnar, en kjötið af þeim er algjört lostæti.“ Aðspurður segir Orri að honum hafi ekki þótt erfitt að laga sig að breyttum lifnaðarháttum en að honum hafi þótt erfiðast að vera án rennandi vatns. „Ég saknaði heita vatnsins og stundum gat orðið ansi kalt, en þetta venst eins og allt annað,“ segir Orri að lokum.

sara@frettabladid.is



**ORRI FREYR** Telur að Íslendingar gætu með tímanum orðið sjálfbær þjóð.




# Efron breytir til

Bandaríska táningsstjarnan Zac Efron ætlar sé ekki bara að vera frægur fyrir snoppufrítt andlit og hlutverk sitt í High School Musical. Því vill hann venda kvæði sínu í kross og hefur samið um að leika í erótískum trylli. Þetta hefur vakið nokkra kátínu meðal erlendra kvikmyndablaðamanna sem líkja Efron við Gosa. Blaðamaður Empire segir að Disney sé skaparinn sem vilji halda honum heima við, í öruggu umhverfi þar sem hann malar gull á unglingsstjörnum. Þeir verði hins vegar á einhverjum tímapunkti að hleypa honum út í hinn vonda heim.

Efron var lengi vel orðaður við endurgerðina á Footloose en ákvað að gefa það hlutverk frá sér, þótti það of líkt High School Musical. Ekki er komið nafn á þennan erótíska trylli en handritshöfundurinn og framleiðandinn er Leslie Dixon. Dixon og Efron hafa reyndar unnið saman áður, við kvikmyndina Hairspray.



**Í ALVARLEGRI HLUTVERK** Efron vill nú reyna að losna undan sætabrauðsímyndinni og leikur stórt hlutverk í erótískum trylli.

# Daniel Craig leikur í hryllingsmynd

Bond-leikarinn Daniel Craig er að ná samningum við Morgan Creek-framleiðslufyrirtækið um að leika í hryllingsmyndinni The Dreamhouse eða Draumahúsið. Leikstjóri verður Jim Sheridan en handritið er eftir David Loucka. Myndin segir frá fjölskylduföður sem telur sig hafa fundið draumahúsið handa fjölskyldu sinni. Allt fer hins vegar á versta veg þegar fyrrum eigendur hússins fara að ofsækja fjölskylduna.

Craig er víst með nokkra menn á sínum snærum til að útvega honum sem fjölbreyttust hlutverk þannig að hann festist ekki um of við James Bond-rulluna sem hann hefur reyndar leikið með miklum glæsibrag. Þannig hefur hann samið um að leika á Broadway í verki sem heitir A Steady Rain og hefur mikinn hug á því að leika í myndinni The Eagle of the Ninth sem er sögð gerast á tímum Rómaveldis.






Hálft fæði innifalið - ótrúlegt verð!

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 3. og 17. júní í 2 vikur. Í boði er frábært sértilboð á gistingu með hálfu fæði á Hotel Turihan ***, einstaklega góðu og notalegu hóteli sem býður góðan aðbúnað og mjög góða staðsetningu.

Bodrum býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Bodrum er fallegur hafnarbær sem stendur á samnefndum skaga á Eyjahafsströnd Tyrklands. Bærinn skartar fallegum hvítum húsum sem eru víða skrýdd blómum og þröngum heillandi götum sem bera fortíðinni vitni. Hér er endalaust úrval veitingastaða, bara, kaffihúsa, verslana og mikið næturog skemmtanalíf í boði.

Kr. 114.900 -
með hálfu fæði í 2 vikur

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði í 14 nætur á Hotel Turihan ***. Sértilboð 3. júlí. Brottför 17. júlí kr. 10.000 aukalega.



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Veldu traustan ferðafélaga í sumar!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5D - 8D - 11D POWER | 10 |
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| HANGOVER | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 8:10 - 8:30 - 10:20 - 10:30 - 11 | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 3:40 - 5:50 | 12 |
| STAR TREK XI | kl. 10:20 | 10 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4 - 6 | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 4D - 7D POWER - 10D | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 4 - 6 - 8 - 10D - 10:20 | 12 |
| PHEDRÉ | kl. 6 Leikrit í beinni BÍÓútsendingu | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 11 POWER | 12 |
| HANGOVER | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |

KYNNTU ÞÉR SÝNINGARTÍMA Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK Á WWW.SAMBIO.IS

NÝTT Í BÍÓ!
















SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 | kl. 5 - 8 - 11 D | 10 |
| TRANSFORMERS 2 LÚXUS | kl. 5 - 8 - 11 D | 10 |
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.45 - 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 3.10 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | L |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.30 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TYSON | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| YEAR ONE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 8 - 10.15 | 7 |
| GULLBRÁ 750 KR. FULLORÐNIR 600 KR. BÖRN | kl. 6 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 6 - 9 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| LESBIAN VAMPIRE KILLERS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| YEAR ONE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| TERMINATOR | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8.30 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| YEAR ONE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| GHOSTS OF A GIRLFRIEND PAST | kl. 5.50 - 8 | 7 |
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 10 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 2 - POWER | kl. 4, 7 og 10 | 10 |
| YEAR ONE | kl. 4, 6, 8 og 10 | 7 |
| GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST | kl. 6 og 8 | 7 |
| GULLBRÁ | kl. 4 - Ísl. tal | L |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 10 | 14 |


# Glaðari gaflar út um alla borg

Reykjavíkurborg stendur nú fyrir hugmyndasamkeppni þar sem einstaklingum gefst kostur á að senda inn hugmyndir að veggverki á húsgafl. Verkefnið kallast Glaðari gaflar og geta áhugasamir skilað inn hugmyndum að útfærslu á húsgafli sem má vera staðsettur hvar sem er innan borgarmarkanna. Dómnefnd, skipuð listamönnum á borð við Söru Riel, Theresu Himmer og Andra Snæ Magnason, mun svo velja þrjár bestu tillögurnar. Vinningshafarnir munu hljóta 300.000 krónur í styrk hver, sem varið skal til framkvæmda á verkinu.

„Þetta er óneitanlega jákvætt skref að frekari samvinnu milli listamanna og borgaryfirvalda. Sú stefna sem ríkti hér áður var eiginlega bara yfirgangur af hálfu borgarinnar,“ segir Sara Riel og vísar hér til fyrri stefnu borgarinnar þar sem uppræta átti götulist.

Listakonan og arkitektinn Theresa Himmer segir að það sé ánægjulegt að borgin ætli að taka þetta listform alvarlega og hlakkar mikið til að skoða allar þær hugmyndir sem munu berast. „Það sem er svo áhugavert við þetta listform er að verkið tengist beint daglegu umhverfi borgarbúa. Fólk fær tækifæri til að upplifa verkin á annan hátt en inni í sýningarrými, það getur skoðað verkið í mismunandi birtu, veðri og árstíma og það breytir sýn áhorfandans á verkið og borgina,“ segir Theresa.

Þátttakendur verða sjálfir að finna hentuga húsgafla og útvega leyfi hjá húseigendum. Hugmyndaleitin stendur frá 25. júní til 10. ágúst. Hægt er að nálgast allar frekari upplýsingar á facebook-síðu verkefnisins. - sm



**THERESA HIMMER** Situr í dómnefnd ásamt listakonunni Söru Riel, Andra Snæ og fleirum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Djammstöðum fjölgar enn

**Skemmtistaðir virðast þrífast vel í kreppunni því opnaðir verða þrír nýir skemmtistaðir nú á næstunni.**

Svo virðist sem Íslendingar ætli sér að dansa burt allar kreppuáhyggjur sínar ef dæma má allan þann fjölda skemmtistaða sem eru að fara að hefja rekstur í miðbæ Reykjavíkur. Fyrir skemmstu voru opnaðir skemmtistaðirnir Karamba og Barbara við Laugaveg 22. Rokkbúllan Sódóma Reykjavík leit dagsins ljós í byrjun mars og þykir öflugur tónleikastaður. Innan skamms mun enn bætast í litríka flóru skemmtistaða bæjarins því þrír nýir staðir verða enn opnaðir í sumar. Skemmti- og veitingastaðurinn Austur verður opnaður við Austurstræti 7 í byrjun júlí, en hönnuðurinn Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir og hárgrúinn Jón Atli Helgason sjá um að innrétta staðinn. Þess má geta að Hrafnhildur sá meðal annars um að innrétta skemmtistaðinn Boston sem þykir sérstaklega smekklegur.

Bakkus er nafnið á nýjum bar sem einnig er fyrirhugað að opna um miðjan júlí. Barinn verður til húsa við Tryggvagötu 22, þar sem Gaukur á Stöng var áður. Þar eru nú fyrir Sódóma Reykjavík og London Reykjavík. Alls verða því þrír skemmtistaðir í húsinu. „Þetta verður hálfgerð listabúlla,“ segir Jón Pálmar Sigurðsson, einn þriggja eigenda staðarins. „Við ætlum að leggja áherslu á góða tónlist en ætlum ekki að vera með plötusnúða til að byrja með. Svo ætlum við að halda listasýningar hérna af og til.“ Á staðnum verður einnig boðið upp á gott úrval af vodka sem verður sérpantað fyrir staðinn. Aðspurður segir Jón Pálmar að kreppan sé honum ekki mikið áhyggjuefni. „Ég held að mér hafi boðist þetta tækifæri einmitt vegna kreppunnar. Ég hefði aldrei haft efni á því að opna bar í góðærinu.“

Tónleikastaðnum Organ á að skipta í tvo minni skemmtistaði og verður áfram tónleikastaður á efri hæðinni en í kjallara hússins verður diskótek. Gunnar Már Þráinsson, eigandi staðanna, segir að til að byrja með verði aðeins opið um helgar. „Staðurinn í kjallaranum hefur hlotið nafnið Kjallarinn og þar verðum við með plötusnúða um helgar sem mun leika fyrir dansi. Við ætlum líka að bjóða gestum okkar upp á gott úrval af hanastélum og um leið reyna að stilla verðinu í hóf,“ segir Gunnar Már. Ætlunin er að opna báða staðina í byrjun júlí.

Einnig er fyrirhugað að opna tónleikastað við Klapparstíg 30, þar sem skemmtistaðurinn Sirkus var áður til húsa. Staðurinn mun heita Polar-bar. Eigandinn Loftur Loftsson sagði við Morgunblaðið fyrir skemmstu að staðurinn yrði opnaður 1. júlí. Hann vildi ekki tjá sig frekar við Fréttablaðið.

sara@frettabladid.is



**ÞRÍR STAÐIR Í EINU HÚSI** Jón Pálmar opnar barinn Bakkus í húsinu þar sem Gaukur á Stöng var áður. Þar verða því þrír skemmtistaðir. Jón Pálmar segir að kreppan skapi líka tækifæri fyrir fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Gott og aðeins minna gott

Þær tvær plötur sem eru hér til umfjöllunar eiga það sameiginlegt að vera þriðju plötur viðkomandi hljómsveita og báðar gefa þær nú út sjálfar. Leaves voru á mála hjá erlendu stórfyrirtæki og vöktu nokkra athygli í Evrópu, en Ske sló í gegn hérlendis með plötunum Life Death Happiness & Stuff (2002) og Feelings Are Great (2004).

We Are Shadows er í stíl við fyrri plötur Leaves. Það er sami gæðastimpillinn yfir allri vinnslu, hvort sem það eru útsetningarnar, sándið, söngurinn eða hljóðfæraleikurinn. Hún hefst á frábæru opnunarlagi The Harbor og næstu lög gefa því lítið eftir. Platan hljómar svolítið einsleit við fyrstu kynni, en lögin öðlast líf við frekari hlustun. Strengja- og blástursútsetningarnar sem eru áberandi í nokkrum laganna eru kannski ekkert mjög frumlegar, en þær koma vel út og styrkja heildarmyndina. Það eru mörg góð lög á We Are Shadows og nægir að nefna auk The Harbor; Aeronaut, Planets, All The Streets Are Gold, Dragonflies og lokalagið With Drums We March The Streets. Flott plata sem gefur fyrri plötunum ekkert eftir.

Stærsti kosturinn við Ske-plötuna Love For You All eru flottar útsetningar. Platan er sú fyrsta síðan Höskuldur Ólafsson, fyrrum meðlimur Quarashi, gekk til liðs við sveitina sem söngvari. Hann stendur sig alveg ágætlega. Það er margt vel gert í spilamennskunni og lagasmíðarnar eru fínar þó að ekkert þessara laga hrópi beinlínis á útvarpsspilun. Lélegur hljómur háir samt plötunni nokkuð. Það vantar meiri dýpt í hann. Það heyrist vel t.d. í lokalaginu The Land in my Head sem byrjar lágstemmt en þegar kraftmeiri kafli hefst dettur botninn úr sándinu. Á heildina litið er þetta samt ágætis plata. Aðdáendur ættu að ná sér í eintak.

**Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**

**We Are Shadows**

Leaves

★★★★

Gæðaplata sem gefur fyrri plötunum ekkert eftir.



**TÓNLIST**

**Love For You All**

Ske

★★★

Flott lög og útsetningar, en sándið mætti vera betra.



Söngva Seiður
Alparós
frá Kjörís
Söngva Seiður
Alparós
4 stk.
Kjörís
Vanilluís með jarðarberjasultu & súkkulaði
Vanilluís með
jarðarberjasultu og súkkulaði
Kjörís
Ert þú búinn að tryggja þér miða á söngleikinn sem allur heimurinn elskar?
www.borgarleikhusid.is

## > Pepsi-deildin í kvöld

Fjórir leikir fara fram í Pepsi-deild karla í kvöld. Fram og FH mætast á Laugardalsvelli, Stjarnan tekur á móti Val í Garðabæ, Grindvíkingar sækja KR heim í Frostaskjól og loks tekur Keflavík á móti Þrótti suður með sjó. Leikjunum verður sem fyrr öllum lýst beint á Boltavakt Vísis og Fréttablaðsins. Boltavaktina má einnig nálgast í Vodafone Live!. Skömmu eftir leikina verður síðan umfjöllun um leikina alla með tölfræði og einkunnum ásamt viðtölum við leikmenn og þjálfara.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON: AÐALÞJÁLFARI HJÁ VAL Í ANNAÐ OG SÍÐASTA SKIPTI Í GARÐABÆNUM Í KVÖLD**

# *Ég fæ ekkert að ráða tónlistinni í klefanum*

Þorgrímur Þráinsson verður aftur á hliðarlínunni hjá Val í kvöld er liðið sækir spútniklið Stjörnunnar heim í Garðabæ. Þorgrímur er aðstoðarþjálfari liðsins en er að hlaupa í skarðið fyrir Willum Þór Þórsson sem er erlendis að ná sér í þjálfaragráðu.

Frumraun Þorgríms sem aðalþjálfara gekk afar vel er liðið lagði ÍBV að velli, 2-0. Kom fyrra markið aðeins eftir 8 sekúndur. Voru menn á einu máli að fyrri hálfleikur Vals í þeim leik hefði verið þeirra besti og skemmtilegasti það sem af er sumri.

„Willum sér um þetta og ég er að fylgja því plani sem hann hefur lagt upp. Má því segja að ég sé bara verkefnastjóri sem er óskaplega þægilegt," sagði Þorgrímur lítillátur en hann vill sem allra minnst gera úr sínum hlut.

„Það skiptir engu hvort að ég sé þarna. Willum stýrir þessu og gerir það frábærlega," sagði Þorgrímur en það vakti nokkra athygli þegar hann viðurkenndi eftir Eyjaleikinn að hafa spilað Celine Dion inni í klefa fyrir leikinn.



„Við spilum margs konar tónlist í klefanum. Æpod er bara settur í samband og svo er bara tilviljun hvaða lög koma. Ég ákvað aftur á móti að taka húmorinn á þetta um daginn þegar ég setti Celine Dion á fóninn. Ég fékk að fikta þarna í einu lagi en annars ræð ég ekkert tónlistinni í klefanum enda enginn sérfræðingur í lögum. Leikmenn fá að ráða því algjörlega sjálfir þó svo ég hefði gjarna viljað vera með svona tíu óskalög fyrir hvern leik," sagði Þorgrímur og spurning hvort Valsmenn þori að sleppa því að spila Celine í dag þar sem það gaf svona góða raun síðast.

Þorgrímur segir það ekki hafa kitlað hégómagirndina neitt að vera aðalþjálfari í síðasta leik. Hann hafi aldrei verið að sækjast eftir neinu slíku heldur viljað leggja sín lóð á vogarskálarnar. „Ég hef engu reynslu sem þjálfari en Willum aftur á móti með 20 ára reynslu. Hann veit alveg hvað hann er að gera og strákarnir vita hvað þeir eiga að gera. Það er Willum sem tekur ákvarðanirnar."



**SÉRSTÖK STAÐA** Dagur stýrir Austurríki gegn Íslandi á EM 2010. MYND/HAGENPRESS

Dagur Sigurðsson:

## Skrýtin staða

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson, landsliðsþjálfari Austurríkis og fyrrum landsliðsfyrirliði Íslands, verður í eldlínunni þegar landsliðin mætast í b-riðli á EM 2010.

„Það er náttúrlega fáránlegt að þetta hafi gerst. Fyrir mig persónulega er þetta mjög skemmtilegt en óneitanlega skrýtin staða. Ég er að mæta löndum mínum og mörgum af mínum bestu vinum, eins og Óskari Bjarna og Óla Stef. En handboltalega, fyrir Austurríki, er þetta ekki gott. Ég hefði frekar viljað fá Spán í staðinn fyrir Ísland en það þýðir ekkert að leggjast niður og væla," segir Dagur. **- óþ**

MÚRBÚÐARVERÐ



Mikið úrval af skrúfum.

Ryðfríar Torx tréskrúfur.

Verðdæmi: 4x50mm, 200 stk.

1.559 kr.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - www.murbudin.is

# Gaman að mæta Degi í Austurríki

**Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson er ánægður með riðil íslenska liðsins í lokakeppni EM sem fram fer í Austurríki í byrjun næsta árs. Ísland er með Danmörku, Austurríki og Serbíu í b-riðli mótsins.**

**HANDBOLTI** Dregið var í riðla á lokakeppni EM í handbolta í gær en mótið fer fram í Austurríki 19.-31. janúar á næsta ári. Íslendingar eru með Evrópumeisturum Dana, heimamönnum í Austurríki auk Serbíu í b-riðli mótsins.

Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson var afar sáttur við riðil íslenska liðsins þegar Fréttablaðið heyrði hljóðið í honum í gær og hann kvaðst sérstaklega hlakka til þess að mæta Degi Sigurðssyni og lærisveinum hans í Austurríki, sem og frændum okkar Dönum.

„Mér líst bara mjög vel á riðilinn okkar. Það verður gaman að mæta Degi og heimamönnum í Austurríki og það verður örugglega mikil stemning í kringum þá og þeir eru líka með frambærilegt lið. Svo eru Danir náttúrlega í sérstöku uppáhaldi hjá okkur og það er alltaf skemmtilegt að mæta þeim. Serbar er líka með hörkulið en ég held að við getum bara verið mjög sáttir við dráttinn, miðað við margt annað," segir Guðmundur.

Guðmundur er feginn að Ísland sé ekki í c- eða d-riðli mótsins en ítrekar þó að það sé enginn auðveldur leikur í lokakeppni sem þessari.

### Allt saman sterkar þjóðir

„Þetta mót er gríðarlega sterkt og það eru bara góð lið þarna og það er ágætt að taka það strax fram. Annars virka riðlar c og d mjög sterkir og það er fínt að vera laus við þá," segir Guðmundur.

Guðmundur þurfti að bregðast við miklum meiðslavandræðum hjá íslenska hópnum í undanriðli EM og gerði það nánast óaðfinnanlega þar sem íslenska liðið komst taplaust í gegnum riðil sinn. Landsliðsþjálfarinn segir liðið hafa lært mikið af þessum tíma en vonast þó til þess að geta haft eins sterkan leikmannahóp og mögulegt sé til þess að velja úr fyrir lokakeppnina í Austurríki.



**ÁNÆGÐUR MEÐ EM-DRÁTTINN** Landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson kveðst afar ánægður með riðil íslenska liðsins í lokakeppni EM í Austurríki sem hefst í byrjun næsta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Nú þegar við vitum hvaða liðum við komum til með að mæta í Austurríki förum við að skipuleggja æfingaleiki sem henta okkur í því samhengi. Ég reikna með því að liðið komi saman í október og í byrjun nóvember og þá kemur líka í ljós hvernig staðan verður á leikmönnunum. Við lærðum mikið á því að takast á við meiðslavandræðin eins og við gerðum en ég vona að við séum búnir með þann pakka í bili. Það er mikil eftirvænting að sjá hvernig okkur tekst að fá menn úr meiðslum og ég horfi fram á betri tíma hvað það varðar," segir Guðmundur.

### Þarf að hringja í Óla

Ólafur Stefánsson hefur gefið til kynna að hann muni mögulega snúa aftur í landsliðið eftir stutt frí eftir Ólympíuleikana og Guðmundur ætlar að heyra aftur hljóðið í honum við allra fyrsta tækifæri.

„Ég ætla að skoða hvort að ég eigi ekki inneign til þess að hringja í Óla í svona fimmta skiptið. Ég mun alltént klárlega hitta hann yfir kaffi og ræða við hann um að koma aftur í landsliðið," segir Guðmundur léttur í bragði

**omar@frettabladid.is**

### EM Í AUSTURRÍKI 2010

**A-riðill:**
Króatía
Rússland
Noregur
Úkraína

**B-riðill:**
Danmörk
Ísland
Austurríki
Serbía

**C-riðill:**
Þýskaland
Svíþjóð
Pólland
Slóvenía

**D-riðill:**
Frakkland
Spánn
Ungverjaland
Tékkland

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

Er tímareimin komin á tíma?

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

Verðdæmi um tímareimaskipti:

Nissan Patrol 2,8 dísil Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 49.088 kr.

Toyota Land Cruiser 90 3,0TD Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.925 kr.

Toyota Corolla 1,6 bensín Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 35.987 kr.

VW Golf 1,6AEE bensín Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 46.774 kr.

Ford Focus 1,6 bensín Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 38.948 kr.

Opið virka daga kl. 8:00 til 17:00
www.velaland.is

Véland sérhæfir sig í tímareimum.
Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.




VÉLALAND

Óvænt úrslit urðu í undanúrslitum Álfukeppninnar:

## Bandaríkjamenn stöðvuðu Spánverja

**FÓTBOLTI** Bandaríkjamenn komu mörgum á óvart þegar þeir skelltu Evrópumeisturum Spánverja 2-0 í undanúrslitum Álfukeppninnar í fótbolta í gærkvöld. Jozy Altidore kom Bandaríkjamönnum yfir á 27. mínútu en Clint Dempsey bætti seinna markinu við á 74. mínútu.



Bandaríkjamenn voru betri aðilinn í fyrri hálfleik og náðu að loka svæðum vel og stoppa sóknaraðgerðir Spánverja með ágætum.

Í seinni hálfleik sóttu Spánverjar hins vegar stíft og voru oft nálægt því að jafna leikinn en seinna mark Dempsey gaf Bandaríkjamönnum byr undir báða vængi og þeir sigldu sigrinum í höfn.

Bandaríkjamenn bundu með sigrinum enda á ótrúlega sigurgöngu Spánverja sem höfðu unnið fimmtán leiki í röð og ekki tapað í 35 leikjum í röð eða síðan í nóvember árið 2007.

Í kvöld ræðst svo hverjum Bandaríkjamenn mæta í úrslitaleiknum þegar Brasilía í Suður-Afríka mætast í seinni undanúrslitaleiknum. **- óþ**



**GÓÐUR SIGUR** Þór/KA vann KR á Akureyri í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Pepsi-deild kvenna:

## Þór/KA skaust í fjórða sætið

**FÓTBOLTI** Lokaleikur níundu umferðar Pepsi-deildar kvenna í fótbolta lauk á Akureyri í gærkvöld þegar heimastúlkur í Þór/KA unnu 2-1 sigur gegn KR. Silvía Rán Sigurðardóttir og Mateja Zver skoruðu fyrir Þór/KA en Hrefna Huld Jóhannesdóttir minnkaði muninn fyrir KR á lokakafla leiksins.

Þór/KA skaust upp í fjórða sæti deildarinnar með sigrinum og er komið með sextán stig en KR er í sjötta sætinu með tíu stig. **- óþ**

# KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr




| Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan | Krónan |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Árbæ | Mosó | Höfða | Granda | Akranesi | Breiðholti | Lindir | Vestmannaeyjum | Reyðarfirði | Hvaleyrarbraut | Reykjavíkurvegi | Selfossi |

# Skemmtilegt en svekkjandi

**Helga Margrét Þorsteinsdóttir bætti í gær eigið Íslandsmet í sjöþraut kvenna á fjölþrautarmóti í Tékklandi um 157 stig. Alls hlaut hún 5.878 stig og vantaði aðeins 22 stig til að komast inn á HM í fjölþrautum. Helga er aðeins 17 ára gömul.**

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Ármanni, gerði sér lítið fyrir í gær og bætti eigið Íslandsmet í sjöþraut kvenna um 157 stig á fjölþrautarmóti í Tékklandi. „Þetta er ótrúlegt og langt framar mínum allra björtustu vonum,“ sagði Helga Margét í samtali við Fréttablaðið. Nýja Íslandsmetið er nú 5.878 stig en hana vantaði aðeins 22 stig til að tryggja sér þátttökurétt á heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum í Berlín í ágúst. Hún hlaut bronsverðlaun á mótinu og bar yfirburðasigur úr býtum í flokki nítján ára og yngri.

„Það er samt svekkjandi að hafa ekki náð lágmarkinu. Ég get ekki neitað því. Þetta eru því nokkuð blendnar tilfinningar,“ sagði Helga Margrét sem er ekki nema á átjánda aldursári.

Hún fær þó annað tækifæri til að vinna sér þátttökurétt á HM en það verður á Evrópumeistaramóti unglinga sem fer fram í Serbíu í lok næsta mánaðar. Með árangrinum í gær náði hún besta árangri ársins í flokki nítján ára og yngri og er því í efsta sæti heimslistans í þeim flokki.

Helga Margrét vildi lítið segja um markmið sín fyrir EM unglinga í næsta mánuði. „Ég ætla ekki að gefa út neinar yfirlýsingar. Ég mun bara einbeita mér að hverri grein fyrir sig og sjá hvað það færir mér,“ sagði hún hógvær.

Árangur hennar er enn merkilegri í ljósi þess að hún meiddist nokkuð illa í janúar síðastliðnum og var frá í nokkurn tíma vegna meiðslanna. „Ég hef bætt mig um 300 stig í sumar sem ég átti alls ekki von á,“ sagði hún. „Meiðslin gáfu mér samt tækifæri að einbeita mér að tæknilegum atriðum sem er að koma mér vel nú. Það hefur samt verið fínn kraftur í mér líka.“

Hún segir engan vafa leika á því hvað hafi „klikkað“ í þrautinni í gær. „Það var spjótkastið. Ég var búin að bæta mig um fimm metra í greininni fyrir mótið en mér gekk bara ekki nógu vel í því að þessu sinni.“

Helga Margrét bætti fyrir það með því að koma fyrst í mark í 800 metra hlaupinu. „Það var gaman, sérstaklega þar sem að Ólympíumeistarinn var að keppa á mótinu. Þetta er án vafa stærsta mót sem ég hef tekið þátt í enda mörg þekktustu nöfn heimsins að keppa, sérstaklega í karlaflokki. Þetta er því búin að vera mjög skemmtileg reynsla.“

Ólympíumeistarinn Nataliya Dobrynska frá Úkraínu vann gull á mótinu en hún hlaut alls 6.249 stig.

**eirikur@frettabladid.is**



**HELGA MARGRÉT** Setti nýtt Íslandsmet í sjöþraut kvenna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÍSLANDSMET HELGU**

**Í sjöþraut kvenna, 24. júní 2009**

| | | |
|---|---|---|
| 100 m grindahl. | 14,19 sek. | 952 stig |
| Hástökk | 1,73 m | 891 |
| Kúluvarp | 14,09 m | 800 |
| 200 m hlaup | 24,77 sek. | 908 |
| Langstökk | 5,78 m | 783 |
| Spjótkast | 40,17 m | 671 |
| 800 m hlaup | 2:16,42 mín. | 873 |
| | | **Samtals 5.878 stig** |



**UNG OG EFNILEG** Helga Margrét Þorsteinsdóttir á fullu. MYND/ALEKSANDAR DJOROVIC

Egill Eiðsson um Helgu Margréti Þorsteinsdóttur:

# Hún er langbest í heiminum í dag

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** „Það er enginn vafi á því. Hún er einfaldlega langbest í sínum flokki í heiminum í dag.“ Þetta segir Egill Eiðsson, frjálsíþróttaþjálfari og framkvæmdastjóri Frjálsíþróttasambands Íslands, um árangur Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur sem í gær setti nýtt og glæsilegt Íslandsmet í sjöþraut kvenna, 5.878 stig. Ekki vantaði nema 22 stig til að hún tryggði sér þátttökurétt á heimsmeistaramóti fullorðinna í Berlín í ágúst en hún þykir sigurstrangleg á EM unglinga í Serbíu í næsta mánuði.

Með þrautinni í gær náði hún besta árangri ársins í heiminum í flokki kvenna nítján ára og yngri. „Sú sem kemur næst er frá Brasilíu og er meira en hundrað stigum á eftir henni. Hún er líka árinu eldri,“ sagði Egill en Helga Margrét verður átján ára í haust. Hún getur því keppt á HM unglinga 19 ára og yngri á næsta ári.

Egill segir enn fremur að árangur Helgu Margrétar komi meira að segja þeim sem fylgst hafa náið með henni á óvart. „Vissulega. Sérstaklega þar sem hún lenti í erfiðum meiðslum í lok janúar. Hún gat þá hvorki æft né beitt sér aftur fyrr en í apríl.“

Egill segir að Helga Margrét sé mesta efni sem fram hafi komið í íslensku frjálsíþróttalífi síðan að Jón Arnar Magnússon tugþrautarkappi hóf keppni. „Árangur hennar er mjög sambærilegur því sem Jón Arnar gerði á sínum tíma. Hún er þó enginn nýgræðingur í þessu þrátt fyrir ungan aldur. Hún er bara það góð.“

**- esá**

Marko Valdimar Stefánsson slapp vel er hann missti fótinn undir sláttuvél:

# Hefði getað misst allar tærnar

**FÓTBOLTI** Grindvíkingurinn Marko Valdimar Stefánsson verður frá æfingum og keppni í sex til átta vikur eftir að hann lenti í hræðilegu vinnuslysi í gær.

„Ég hef það bara ágætt og er að jafna mig. Staðan á löppinni er ekkert svo góð núna en þetta mun jafna sig. Þetta hefði getað farið mun verr,“ sagði Marko en hvernig átti atvikið sér stað?

„Ég var að vinna með sláttuvél og var að slá niður brekku. Svo renn ég í miðri brekkunni og fór undir vélina. Ég var því bæði heppinn og óheppinn. Ég hefði getað misst allar tærnar en þær eru þarna allar enn þá. Þetta var svakalega sárt og ég fór í mikið sjokk. Skórinn er handónýtur,“ sagði Marko þar sem hann lá á sjúkrahúsinu í Fossvogi.

„Það þurfti að sauma mikið, ég man ekki hversu mikið. Svo brotnuðu tvær tær. Aðalsárið kom rétt fyrir neðan tærnar á ilinni. Það svæði opnaðist bara og það kom mikið blóð,“ sagði Marko.

Það var eðlilega hringt beint á sjúkrabíl og var Marko í fyrstu fluttur á heilsugæsluna í Grindavík þar sem hann fékk verkjalyf. Þaðan var svo farið með hann á Landspítalann í Fossvogi.

Þaðan var varnarmaðurinn efnilegi síðan útskrifaður seinni partinn í gær en hann mun þurfa að fara sér afar hægt næstu daga og vikur.

**- hbg**



**Í GIFSI** Fóturinn á Marko er illa farinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Á HEIMLEIÐ** Marko Valdimar er hér nýútskrifaður af Landspítalanum og á leið heim til Grindavíkur ásamt foreldrum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Office1 Skeifunni
Nú er opið allan sólarhringinn
Skiptibóka markaður
Office1
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ 24 TÍMA
Núna er tíminn til að gera dúndur díla hjá Office1
Office1 Business Center
Prentun • Ljósritun • Skönnun • Fax • Plöstun • Plaköt • Innbinding
Sérprentun
Ársreikningar
Auglýsingaspjöld
Bæklingar
Skýrslur / verkefni
Nafnspjöld
Límmiðar
Glærur
Skjalafrágangur
Gormabinding
Kjöllíming
Heftun
Plöstun
Fundargögn
Skýrslur
Ritgerðir
Námsmannatilboð
Bindum inn ritgerðina fyrir aðeins. 250kr.
50 spilamöguleikar í einum kassa
1.352kr.
DÚNDUR TILBOÐ*
Mimo Skólatöskur
990kr.
DVD Myndir
Gott úrval
frá 790kr.
Púsl og spil
Frá Ravensburger
-20%
Tímarit
*20% af öllum breskum og bandarískum
-20%*
Handspil
Frábær í pókerinn.
-20%
Skrapppappír
Ótrúlegt úrval.
-30%
Krossgátublöð
-15%*
SES Föndur
Frábærar föndurvörur fyrir krakkana.
-30%
Pappír Logic 300 A4
699kr. búntið
Pappírsbarinn
Þarftu bara eitt blátt blað?
Ekki bara á laugardögum!
-50%
Office1
Korputorg - Skeifan - Smáralind - Kringlan - Hafnarfjörður - Selfoss - Vestmannaeyjar - Egilsstaðir - Akureyri - Ísafjörður - Blönduós
* tilboðin gilda til 1. ágúst 2009

> **Tyra Banks**

„Ég hef ekki séð Eiffel-turninn, Notre Dame eða Louvre-safnið. Ég hef ekki séð neitt af þessu og mér er eiginlega alveg sama.“

Tyra Banks er þáttastjórnandi í America's Next Top Model sem Skjáreinn sýnir í kvöld kl. 23.40



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON RÆSIR GAMALT MYNDBANDSTÆKI

# *Gömlu tækin duga enn*

Tækið situr þarna í hillunni. Þriðja og síðasta kynslóðin í minni umsjá, keypt fyrir lítinn pening þegar fyrirrennara þess þraut örendið og það tók að rugla öllu sem það kom hausum sínum að. Hafði þó margt reynt fyrir þann tíma, var upphaflega gefins góss. Fyrsta tækið er löngu gleymt en gafst upp eftir áralanga þjónustu: myndbandstækið.

Ég er veikur fyrir gömlum græjum, jafnvel þótt þær séu farnar að missa úr takt. Ég er verulega svekktur út í gamla Thorens-spilarann minn sem ég veit eftir rannsóknir á netinu að er úr síðasta árgangi sem það gæða fyrirtæki setti á markað. Armurinn hefur reynst mér erfiður. En það er mín sök. Ég hafði ekki þolgæði til að leita uppi nál í Stanton-hausinn á arminn, féll fyrir yngri haus sem erfitt reyndist að koma á arminn. Hann er of léttur og illa hefur gengið að fá þetta allt til að ríma.



Ertu enn með plötuspilara? segja gestkomandi og horfa á mann í forundran. En það var áður en vínyllinn kom aftur sterkt inn hjá álitsgjöfum, áður en Dr. Gunni seldi allt geisladiskasafnið sitt og törnaðist yfir á vínylinn. Enda vínylsafnið að stofni til frá 1964 og mér dettur ekki í hug að skilja það við mig. Exile on Main street virkar bara á vínyl. Og þótt mig vanti almennilegt pikköpp er ég búinn að finna mann í uppsveitum Kópavogs sem selur nál í Stantoninn. Exile bíður því eftir réttum snúningi og þá mun jörðin skjálfa undan Stones.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00** It's a Boy Girl Thing STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.45** The Mentalist STÖÐ 2



▶ **21.15** Aðþrengdar eiginkonur SJÓNVARPIÐ



▶ **21.25** Bruce Almighty SKJÁREINN



▶ **21.40** Aliens in America STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Fljúgandi hestur**

**17.45 Tómas og Tim** (7:16)

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Úr vöndu að ráða** (6:7) (Miss Guided) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Bræður og systur** (42:63) (Brothers and Sisters III) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

**20.55 Fréttir aldarinnar**

**21.03 Fréttir aldarinnar**

▶**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Ný syrpa af þessari vinsælu bandarísku þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Nýgræðingar** (Scrubs VII) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst.

**22.50 Trúður** (4:10)(Klovn) (e)

**23.15 Anna Pihl** (9:10)(Anna Pihl) (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 On A Clear Day**

**10.00 House of D**

**12.00 Pokemon**

**14.00 On A Clear Day**

**16.00 House of D**

**18.00 Pokemon**

▶**20.00 It's a Boy Girl Thing**

**22.00 Population 436**

**00.00 Brokeback Mountain**

**02.10 The Deal**

**04.00 Population 436**

**06.00 Throw Momma from the Train**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnaefni:** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías, Litla risaeðlan, Íkornastrákurinn

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (24:25)

**09.55 Doctors** (25:25)

**10.20 Las Vegas** (19:19)

**11.05 Gossip Girl** (9:18)

**11.50 Grey's Anatomy** (16:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (219:260)

**13.25 Wings of Love** (87:120) Suður-amerísk smásería sem fjallar um þrjár ungar konur sem allar eru að reyna að komast áfram í flugiðnaðinum.

**14.10 Wings of Love** (88:120)

**14.55 Ally McBeal** (7:21)

**15.40 Barnaefni:** A.T.O.M., Nonni nifteind, Bratz, Elías

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (18:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 The Simpsons** (14:25)

**19.35 Two and a Half Men** (16:24)

**20.00 Hell's Kitchen** Gordon Ramsey er snillingur í að etja saman efnilegum kokkum í einstaklega harðri keppni um starf á alvöru veitingahúsi.

▶**20.45 The Mentalist** (19:23) Spánnýr þáttur um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.

**21.30 Twenty Four** (22:24)

**22.15 The Man With the Golden Gun**

Roger Moore fer með hlutverk njósnarans James Bonds.

**00.20 Prison Break** (21:24)

**01.05 Mean Creek**

**02.35 House of Flying Daggers**

**04.30 The Mentalist** (19:23)

**05.15 Friends** (18:23)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT besta sætið

**15.20 PGA Tour 2009 - Hápunktar**

**16.15 Inside the PGA Tour 2009**

**16.40 NBA tilþrif**

**17.05 Sterkasti maður Íslands**

**17.35 Augusta Masters Official Film** Vandaðir þættir þar sem rifjaðar eru upp eftirminnilegustu keppnirnar í sögu Masters sem er eitt af risamótunum fjórum í golfinu. Í þessum þætti verður mótið árið 1989 tekið fyrir en þá sigraði Íslandsvinurinn Nick Faldo.

**18.35 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Magnaður þáttur þar sem Logi Bergmann Eiðsson fer Umhverfis Ísland á 80 höggum.

**19.15 Kaupþingsmótið** Sýnt frá Kaupþingsmótinu en þangað voru mættir til leiks fjöldi drengja í 7. flokki í knattspyrnu. Mátti sjá lipur tilþrif en þar leynast framtíðarstjörnur íslenskrar knattspyrnu.

**19.45 Fram - FH** Bein útsending frá leik Fram og FH í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnaður þáttur þar sem Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**23.00 Poker After Dark**

▶**23.45 Fram - FH**

**01.35 Pepsímörkin 2009**

## SPORT 2 enski boltinn

**07.00 Spánn - USA**

**16.00 Premier League World**

**16.30 Spánn - USA** Útsending frá undanúrslitaleik Spánar og Bandaríkjanna í Álfukeppninni.

**18.15 Brasilía - Suður-Afríka** Bein útsending frá undanúrslitaleik Brasilíu og Suður - Afríku í Álfukeppninni.

**20.20 Charlton - Man Utd, 2000** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**20.50 Southampton - Liverpool, 2000** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.20 Brasilía - Suður-Afríka** Útsending frá undanúrslitaleik Brasilíu og Suður Afríku í Álfukeppninni.

**23.00 Season Highlights 1999/2000** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.30 Monitor** (1:8) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Monitor** (1:8) (e)

**12.30 Óstöðvandi tónlist**

**17.05 Rachael Ray**

**17.50 The Game** (18:22)

**18.15 America's Funniest Home Videos** (39:48) (e)

**18.40 Greatest American Dog** (2:10) (e) Bráðskemmtileg raunveruleikasería þar sem hundar eru í aðalhlutverki.

**19.30 Matarklúbburinn** (1:8) (e)

**20.00 All of Us** (11:22) Fráskilin hjón, Robert og Neesee, eiga erfitt með að slíta tengslin og hefja ný sambönd.

**20.30 Everybody Hates Chris** (5:22)

21.00 Family Guy (4:18) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.

▶**21.25 Bruce Almighty** Bruce Nolan er sjónvarpsfréttamaður sem er ósáttur við lífið og tilveruna. Eftir að hafa upplifað versta dag lífsins kennir hann Guði um að eyðileggja líf sitt. En hann bjóst ekki við að Guð væri að hlusta. Aðalhlutverk: Jim Carrey, Jennifer Aniston og Morgan Freeman

**23.10 Penn & Teller: Bullshit** (12:59) Skemmtilegur þáttur þar sem háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans. Takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.40 America's Next Top Model** (13:13) (e)

**00.30 Painkiller Jane** (18:22) (e)

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Útvegurinn** Umsjón: Sigurður Sveinn Sverrisson. Nýr alhliða þáttur um sjávarútvegsmál á Íslandi styrktur af LÍÚ.

**21.30 Maturinn og lífið** Fritz Jörgenssen ræðir um matarmenningu við gest sinn en matreiðslumeistari er Ragnar Ómarsson.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Nú halda stelpurnar partý á Ruby Tuesday

**Fullt af girnilegum foréttum og aðalréttum fyrir vinkonuhópinn.**

**Aðeins 1.990 kall á hverja konu.**

**Ruby Tuesday – Þar sem konur verða stelpur.**



RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

PIPAR • SÍA • 91098

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.30**

**Twenty Four**

Twenty Four er ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Matarklúbburinn**

**Skjáreinn kl. 19.30**

Matarklúbburinn er nýr matreiðsluþáttur þar sem einn fremsti matreiðslumeistari landsins, Hrefna Rósa Sætran, matreiðir ljúffenga rétti fyrir áhorfendur og gesti sína. Hrefna galdrar fram gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana og í hverjum þætti verður boðið upp á einn fiskrétt og einn kjötrétt. Máltíðin er síðan fullkomnuð með freistandi eftirrétti.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.00** Fréttir
**15.03** Útvarpssagan: Sumar í Sóltúni
**15.25** Gullmolar úr safninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Hvernig tekur maður á móti sumrinu?
**20.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Sólon Islandus
**23.00** Útvarpsperlur: Gettóið í Feneyjum
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.45 Hollyoaks** (218:260)
**17.15 Hollyoaks** (219:260)
**17.40 The O.C.** (27:27) S
**18.25 Seinfeld** (4:24) J
**18.45 Hollyoaks** (218:260)
**19.15 Hollyoaks** (219:260)
**19.40 Seinfeld** (4:24)
**20.15 Grey's Anatomy** (19:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Líf læknanna ungu hefur tekið stakkaskiptum þegar einn úr hópnum veikist alvarlega og mörkin milli lækna og sjúklinga verða óljós.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
▶ **21.40 Aliens in America** (4:18)
**22.05 Gossip Girl** (20:25) Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**22.50 The Closer** (9:15) Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni.
**23.35 Monarch Cove** (2:14)
**00.20 In Treatment** (6:43)
**00.50 Sjáðu**
**01.20 The O.C.** (27:27)
**02.05 Grey's Anatomy** (19:24)
**02.50 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** The Inspector Lynley Mysteries **10.55** The Inspector Lynley Mysteries **11.40** The Black Adder **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** My Hero **14.30** The Black Adder **15.05** Jonathan Creek **15.55** Jonathan Creek **16.40** EastEnders **17.10** The Weakest Link **17.55** My Hero **18.25** The Black Adder **19.00** Extras **19.30** Coupling **20.00** Dalziel and Pascoe **20.50** My Hero **21.20** The Black Adder **21.55** Jonathan Creek **22.45** Jonathan Creek **23.30** The Black Adder

## DR 1

**11.00** Havd er det værd? **11.30** Diagnose søges **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Chapper & Pharfar **14.15** S, P eller K **14.30** Ninja Turtles. Tidsrejsen! **14.50** Jungletrommer **15.00** Brødrene Løvehjerte **15.30** Fandango med Rebecca **16.00** Dig og mig **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Venner på eventyr **18.00** Tæt på dyrene til flyttedag på savannen **18.30** Hammerslag i Thyborøn **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Fodbold **21.40** Seinfeld **22.00** Boogie Mix

## NRK 1

**11.30** Camilla Plum i hagen **12.00** Wimbledon direkte **15.50** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Månebjørn **16.15** Bernt og Erling på nye eventyr **16.20** Rorri Racerbil **16.30** Her er eg! **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.35** Schrödingers katt **18.25** Der fartøy flyte kan **18.55** Distriktsnyheter **19.00** 4-4-2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Ekstremsportveko og VM sandvolleyball **21.35** VM sandvolleyball. Høydepunkter fra dagen **21.45** Sommeråpent **22.35** E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag **23.05** Livets porto

## SVT 1

**10.35** Vårt hus - en mögelfälla **11.05** Norsk attraktion **11.35** Linné - botanikens Mozart **12.20** Rufus Wainwright sjunger Judy Garland **13.15** Rania, drottningen av Youtube **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Författarporträtt **15.20** Tre strecktjejer **15.50** Kronprinsessan Victorias fond **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Vildmark fiske **16.45** Hemliga svenska rum **17.00** Berulfsens pengabinge **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.50** Regionala nyheter **18.00** Plus sommar **18.30** Mitt i naturen **19.00** Draknästet **20.00** Crossing the line **21.35** Uppdrag granskning




## MORGUNMATURINN



*„Ég er mjög vanafastur. Ég byrja á smá slurki af þorskalýsi með sítrónubragði. Svo er það tvöfaldur latte að hætti hússins, ein ristuð brauðsneið með osti og marmelaði og hálfur lítri af sódavatni."*

Axel Jóhannesson í Langa Sela og Skuggunum.

# Hjaltalín eltir kvennalandsliðið til Finnlands

Hljómsveitin Hjaltalín heldur þrenna tónleika í Finnlandi í lok ágúst á sama tíma og íslenska kvennalandsliðið keppir á EM í fótbolta þar í landi. „Þetta verður skemmtilegt. Við fáum styrk til að gera þetta frá sendiherranum í Finnlandi [Hannesi Heimissyni] og svo ætlum við að nýta ferðina til að fara um Skandinavíu. Það er nefnilega ekki ókeypis fyrir sjö manns að fljúga fram og til baka," segir trommarinn Axel Haraldsson.

Sveitin heldur tónleika í tveimur borgum þar sem landsliðið spilar, í Lahti og Tampere, og verða þeir fyrri haldnir 23. ágúst, kvöldið fyrir fyrsta leikinn hjá stelpunum. Einnig spilar Hjaltalín í höfuðborginni Helskinki.

Axel segir meðlimi Hjaltalín ætla að fylgjast vel með Evrópukeppninni í Finnlandi þrátt fyrir að vera ekki miklir áhugamenn um fótbolta. „Við erum engar bullur en við fylgjumst með ef okkur gefst tækifæri til þess. Við gerum það hiklaust enda eru þær að standa sig miklu betur en strákarnir."



**HJALTALÍN** Hljómsveitin Hjaltalín verður í Finnlandi á sama tíma og íslenska kvennalandsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hannes Heimisson sendiherra hefur áður reynst Íslendingum haukur í horni erlendis því á handboltalandsleik Íslands og Eistlands á dögunum útvegaði hann markverðinum Hreiðari Guðmundssyni derhúfu þegar sólin skein beint í augunum á honum í miðjum leik.

Hjaltalín spilar næst á upphitunartónleikum á Nasa næsta laugardag fyrir Hróarskelduhátíðina í Danmörku þar sem hún stígur á svið 2. júlí. Axel er vitaskuld spenntur fyrir hátíðinni, þrátt fyrir að Íslendingar verði þar færri en áður vegna lágs gengis krónunnar. „Þó svo að það verði ekki mikið af Íslendingum verður þetta hrikalega gaman."

Sin Fang Bous og Gísli Galdur hita upp á Nasa auk þess sem sýnd verður kvikmynd um Hróarskelduhátíðina. - fb



**LÁRÉTT**
**2.** fley, **6.** fæddi, **8.** líða vel, **9.** prjónavarningur, **11.** númer, **12.** orðrómur, **14.** spil, **16.** skóli, **17.** væta, **18.** kærleikur, **20.** tveir eins, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** blöðru, **3.** mun, **4.** faldur, **5.** samstæða, **7.** slást til, **10.** hlóðir, **13.** keyra, **15.** göngulag, **16.** blástur, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** skip, **6.** öl, **8.** una, **9.** les, **11.** nr, **12.** umtal, **14.** jóker, **16.** ma, **17.** agi, **18.** ást, **20.** gg, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT: 1.** bólu, **3.** ku, **4.** innlegg, **5.** par, **7.** lemjast, **10.** stó, **13.** aka, **15.** rígs, **16.** más, **19.** tu.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Ómar Stefánsson.
2. ORF líftækni.
3. Mikhaíl Gorbatsjov.




GUNNAR HANSSON: FRÍMANN SNÝR AFTUR Á RÚV

# Frímann og Frank Hvam ræða saman um gamanmál

„Við erum búnir að vera í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og á Íslandi. Eigum eftir að fara til Finnlands og svo Bretlands. Og málið er að Frímann Gunnarsson er að gera úttekt á gríni frá Norðurlöndunum," segir Gunnar Hansson, leikari og Vespusali með meiru.

Óskilgetið afkvæmi Gunnars, sjónvarpsmaðurinn Frímann, snýr því aftur á skjá landsmanna og að þessu sinni eru það grínistar frá öllum Norðurlöndunum sem þurfa að kljást við þetta mikla ólíkindatól. „Frímann er náttúrlega menntaður í Bretlandi og finnst eiginlega allt grín sem ekki kemur þaðan vera drasl," segir Gunnar en meðal þeirra sem Frímann ræðir við er sjálfur Klovn-kóngurinn Frank Hvam. Þá er verið að vinna í mjög stóru nafni frá Bretlandi til að taka þátt í þessum óhefðbundna heimildarþætti en Gunnar vildi ekki gefa upp hver það væri. „Þetta er svona „mockumentary", allir koma fram undir réttu nafni en þættirnir fara fljótlega út af sporinu, fara að snúast um eitthvað allt annað en upphaflega var gert ráð fyrir."

Til að koma öllu ferlinu af stað var byrjað á Íslandi. „Við fengum Jón Gnarr til að vera með okkur. Sem var mjög gott því Jón er mikill pælari," segir Gunnar. Sá þáttur var síðan textaður á ensku og sendur öllum grínistum. „Þeir voru alveg ótrúlega hrifnir af Jóni og þarna sáu þeir hvað við vorum að pæla og þá var stærsti sigurinn eiginlega unninn," útskýrir Gunnar sem vill lítið gefa upp um innihald þáttanna, staðfestir þó að í íslenska þættinum megi sjá Jón Gnarr á golfvelli með haglabyssu.

Og Gunnar viðurkennir að það hafi ekki verið leiðinlegt að vinna með Frank Hvam. „Hann sýndi á sér gersamlega nýja hlið. Ég er ekkert líkur Frímanni í raunveruleikanum og Frank er ekkert líkur Frank úr Klovn þannig að þetta var svolítið fyndið; tveir menn að ræða alteregóin saman. Við vorum að undirbúa þáttinn í tvo daga með honum og fórum gersamlega á flug. Þetta var bara frábært," útskýrir Gunnar sem tekur það skýrt fram að þættirnir séu ekki hluti af Sigtinu heldur eitthvað algjörlega nýtt. Gunnar segir það hafa komið sér á óvart hversu lokuð Norðurlöndin séu fyrir gríni frá hvert öðru; þannig sé til dæmis bara nýbyrjað að sýna Klovn-þættina á hinum Norðurlöndunum.

Meðal annarra grínara sem Frímann ræðir við má nefna Björn Gustafsson, einn stærsta kómíker Svía og Dagfinn Lyngbo sem trónir á toppi norsku grínsenunnar um þessar mundir.

freyrgigja@frettabladid.is





### ÓLÍKINDATÓL AF BESTU GERÐ



Meðal þeirra sem **Frímann Gunnarsson** ræðir við í nýrri seríu sem hefur hlotið nafnið Mér er Mál ... Gamanmál eru **Frank Hvam**, **Jón Gnarr**, Björn Gustafsson og Dagfinn Lyngbo. Þættirnir eru um grín á Norðurlöndunum sem Frímanni finnst náttúrlega ekki merkilegur pappír, enda menntaður í Bretlandi.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á morgun rennur út umsóknarfrestur um stöðu þjóðleikhússtjóra og þó ekki skorti áhuga á því hver fær innan leiklistargeirans gera flestir ráð fyrir því að Tinna Gunnlaugsdóttir, sitjandi stjóri, fái stöðuna þó ekki sé nema vegna hefðarinnar en hún hefur aðeins setið eitt tímabil sem nemur fimm árum. **Kolbrún Halldórsdóttir**, fyrrum ráðherra, hefur verið nefnd sem líklegur umsækjandi en hún situr í leikhúsráði. Hún mun hafa verið mjög tvístígandi en fremur er talið ólíklegt að hún sæki um. Ráðning hennar yrði enda umdeild vegna veru hennar í Vinstri grænum en það er Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra sem skipar í stöðuna.



Sjónvarpsþættirnir Ástríður fara í loftið á Stöð 2 í ágúst. Þar er öllu til tjaldað og er nú verið að ganga frá tónlist sem verður við þættina. Einhver besta hljómsveit landsins, sjálfir Hjálmar, mun annast hana en þeir eru til þess að gera nýkomnir til landsins frá Jamaíka þar sem þeir voru við upptökur tónlistar sem meðal annars verður notuð í þáttunum auk þess sem sú tónlist mun væntanlega heyrast á næstu plötu reggíboltanna íslensku.



Ákveðið hefur verið að Réttur 2 verði settur í framleiðslu enda gera menn ráð fyrir því að áhorfendur bíði þess í ofvæni að vita hvað verður um lögmanninn snjalla sem **Magnús Jónsson** túlkaði af stakri snilld: Er hann lífs eða liðinn? Væntanlega lífs fyrst fara á út í framhald. Sigurjón Kjartansson, sjónvarpshandritshöfundur Íslands, hefur sem fyrr yfirumsjón með handritsgerðinni en Silja Hauksdóttir mun leikstýra. - jbg






# Árni Johnsen ræktar kalkúna

„Við erum alveg sannfærðir um að þeir séu frá Frakklandi. París. Þeir tala í það minnsta frönsku," segir Árni Johnsen alþingismaður.

Hann, og nokkrir Úteyingar félagar hans, hafa tekið upp á því að koma fyrir sjö kalkúnum í Bjarnarey. Nú þegar þetta spyrst er það í kjölfar fregna um að lundastofninn láti mjög á sjá og draga þurfi úr veiðum á lunda. Árni segir að nú þurfi stærri háfa en segir af og frá að kalkúnninn komi í stað lundans. Það verði seint.

„Kalkúnar eru duglegir fuglar. Harðgerir. Ef þeir komast yfir tvær til þrjár vikur eru þeir duglegir að bjarga sér. En það er passað vel upp á þá. Þeir hafa fína aðstöðu, eru þarna í girðingu, hafa skýli og fá fóður. Þetta er allt mjög óformlegt. Þetta eru nokkrir Úteyingar sem hafa gaman af að prófa hlutina," segir Árni léttur í bragði. Hann lýsir því að mjög gaman hafi verið að því að fylgjast með þegar þeir voru hífðir upp í eyna, hundrað og tuttugu metra, þegar þeir stungu hausnum út og virtu veröldina fyrir sér. Sannarlega önnur sýn á tilveruna en þeir hafa lokaðir inni í kalkúnabúum. „Neinei, við höfum engar hugmyndir um sérstaka framtíð í þessu eða stórtækar aðgerðir. Þetta er, eins og sagt er á kaldrifjuðu máli: Þetta er ein veisla." - jbg





**JOHNSEN RÆKTAR KALKÚNA** Harðgerir fuglar að sögn Árna og víst að þeim líkar lífið betur úti í Eyjum en innilokaðir á kalkúnabúi.

# Sportbúðin er ódýrari

## og í leiðinni úr bænum

### Besta verðið í bænum



**Ron Thompson alklæðnaður í veiðina.**
Góðar neoprenvöðlur og vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 40.990. Sumartilboð aðeins 28.980.

### Bæjarins besta verð



**Lítið dæmi um gott verð.**
Bæjarins langbesta
verð. 299 kall stykkið.

### Við erum ódýrari



**Okuma Airframe fluguhjól.**
Sterk og létt "large arbour" fluguhjól með góðri diskabremsu. Fáanleg í tveim stærðum.
Fullt verð 7.995. Sumartilboð aðeins 4.895.

### Á sjó



**DAM Power Pirate sjóhjól.**
Vönduð og sterk sjóhjól frá þessum þekkta þýska framleiðanda.
Sumartilboð aðeins 7.995.

### Sportbúðin býður betur



**Letingjar, beitubox, flotholt, sökkur, önglar, tökuvarar og allt sem þú þarft í veiðina á góðu verði**

### Fyrir sægreifana



**Ron Thompson fiskihörpur.**
Þú þarft engan kvóta. Bara Ron Thompson fiskihörpu með línu, sökku og krókum.
Allt þetta aðeins frá 1.395.

### við erum í leiðinni úr bænum



**Beitan í veiðina.**
**Makríllinn og ormarnir í veiðitúrinn.**

### Góð kaup

5 ókeypis spúnar í kaupbæti



**Ron Thompson Carbostick kaststöng.**
Vönduð og sterk þriggja hluta veiðistöng.
Sterkur hlífðarhólkur fylgir.
Fullt verð 18.995. Sumartilboð aðeins 13.980.

### Hálfvirði



**Okuma og DAM veiðihjól.**
**50% afsláttur af völdum hjólum.**
Gott úrval og frábært verð.

### Stál og hnífar



**Hnífasett á frábæru tilboði.**
Vandaðir hnífar, skurðarbretti og stál.
Sumartilboð aðeins 4.995

**SPORTBÚÐIN**

## Í leiðinni úr bænum

**Sportbúðin**
**Ódýra veiðibúðin**

**Krókháls 5 - 110 Reykjavík - 517 8050 - sportbudin.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Best í rusl-flokknum*

Ef tilveran væri amerísk háskólamynd og þjóðir heims nemendur skólans hefði Ísland verið montna vitlausa klappstýran síðustu árin. Eðli málsins samkvæmt fékk klappstýran fötu með úldnum fiskhausum yfir sig á skólaballinu í lok myndarinnar. Öllum í bíóinu fannst hún eiga það skilið. Þetta er það sem er kallað ljóðrænt réttlæti. Okkar úldna fiskhausafata er hrunið með meðfylgjandi fnyk og sú skömm að fara kannski í ruslflokkinn með Kasakstan. Við og Borat verðum eitt.

**EINS** og hjá klappstýrunni komu heimskan og montið okkur í þessa aumkunarverðu aðstöðu. Við héldum að við værum miklu merkilegri en við erum. Flottræfilslegir fulltrúar okkar fóru rígmontnir um heiminn og stráðu um sig gúmmítékkum. Alveg eins og ljóskur á kreditkortafylliríi, útúrkókaðir lífsstílshnakkar með ótakmarkaða úttektarheimild í Saltfélaginu.

**STEMNINGIN** var alls staðar eins. Þótt við skíttöpuðum unnum við samt. Útbelgd af minnimáttarkennd, eins og þeir sem leggja aðra í einelti, komust innantómir frasar eins og stórasta land í heimi og silfur er gulli betra í umferð. Þeir sem reyndu að vara við rugl-inu voru hengdir upp á nærbrókinni.

**ÉG MAN** að ég spurði sjálfan mig reglulega: Hvaðan koma allir þessir peningar? Er ekki fiskur og fallvötn það eina sem við eigum til að selja? Alveg sama hvað ég reyndi að stauta mig fram úr fréttum um grilljóna gróða á fyrsta ársfjórðungi skildi ég aldrei hvaðan allur peningurinn kom. Er hægt að búa til peninga úr engu? Er ég algjör bjáni að skilja þetta ekki? Nú hef ég lært að það sem ég skil ekki, er ekki alvöru. Það er bara einhver della.

**VIÐ** vorum ekki alltaf montnar klappstýrur. Einu sinni vorum við meira að segja skáknördinn í skólanum. Þegar ýldufýlan verður komin úr fötunum er ekki um annað að ræða en að læra af mistökunum og reyna að vera almennilegur. Skilja að það koma engar kartöflur upp nema maður setji þær niður fyrst. Ótrúlegt hvað einföldustu staðreyndir geta vafist fyrir fólki þegar það er með hauspoka.

**VIÐ** skulum auðvitað vona að í framhaldsmyndinni verði klappstýran ný og betri manneskja. Fín byrjun hjá okkur er að fara ekki strax að monta okkur af því að við séum nú pottþétt „best í ruslflokknum" þegar við lendum þar.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 25. júní, 176. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.58 | 13.30 | 0.02 |
| Akureyri | 1.36 | 13.15 | 0.51 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


